


**skoðun 14**




2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Sparneytnir bílar







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**
**19. september 2012**
220. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Opnaði nýjar gáttir

*Hildur Hákonardóttir var heiðruð við afhendingu Sjónlistaverðlaunanna.*

**tímamót 18**

## Hroki, dans og draumar

*Leikarar fara á kostum í leikritinu Með fulla vasa af grjóti að mati gagnrýnanda.*

**menning 22**



## EM-sætið blasir við

*Ísland mætir Noregi ytra í hreinum úrslitaleik um sæti í úrslitakeppni EM 2013.*

**sport 26**

### veðrið í dag




**GOTT VEÐUR** Í dag verður víðast hæg norðlæg eða breytileg átt. Skýjað og minnkandi úrkoma NA-til en annars bjartviðri. Hiti 5-12 stig.

**VEÐUR 4**

# ESA vill styrkja stöðu neytenda gagnvart bönkunum

**Stjórnvöld hafa skuldbundið sig gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA til að endurskoða stimpilgjöld þeirra sem vilja flytja sig á milli fjármálafyrirtækja. Nefnd á að skila tillögum um bætta neytendavernd á fjármálamarkaði.**

**NEYTENDAMÁL** Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) til að endurskoða lög um stimpilgjöld til að draga úr kostnaði og hindrunum þegar viðskiptavinir fjármálafyrirtækja vilja færa sig á milli þeirra. Jafnframt á nefnd að endurskoða neytendavernd á fjármálamarkaði og skila tillögum um hvernig styrkja megi stöðu neytenda gagnvart fjármálastofnunum.

Starfshópur á að skila fjármálaráðherra tillögu um breytingu á stimpilgjöldum í formi frumvarpsdraga í síðasta lagi í október. Verði drögin að lögum munu þeir sem eru með húsnæðislán eða annars konar veðskuldabréf geta fært sig á milli fjármálastofnana í leit að sem bestum kjörum án þess að þurfa að greiða ríkinu skatt vegna þess.

Í júní tilkynnti ESA ákvörðun sína að samþykkja þá ríkisaðstoð sem veitt var við endurskipulagningu á nýju viðskiptabönkunum þremur: Landsbanka, Íslandsbanka og Arion banka. Þar kom fram að stjórnvöld og bankarnir sjálfir þyrftu að grípa til fullnægjandi ráðstafana til að draga úr röskun á samkeppni vegna tilurðar þeirra.

Ákvörðunin var síðan birt í heild fyrir nokkrum dögum. Þar eru útlistuð með nákvæmari hætti þau skilyrði sem sett voru fyrir ríkisaðstoðinni. Fréttablaðið beindi fyrirspurn til fjármálaráðuneytis um málið og spurði hvort frumvarpsdrög um afnám stimpilgjalda þegar viðskiptavinir vilja færa sig á milli fjármálastofnana myndu liggja fyrir í október. Í svari ráðuneytisins segir að fjármálaráðherra hafi síðastliðið vor ákveðið að stofna starfshóp til að endurskoða stimpilgjaldalögin. „Markmiðið var að einfalda álagningu þeirra og framkvæmd, jafnframt því að skapa samkeppnishæfara umhverfi og sanngjarnari gjaldtöku, án þess að skerða tekjur ríkissjóðs. Hópnum var sérstaklega ætlað að skoða afnám gjaldtöku á útgáfu skuldabréfa einstaklinga þegar skipt er um kröfuhafa,“ segir í svarinu.

Ráðuneytið segir að þegar frumvarpsdrögin séu komin fram, muni fjármálaráðherra taka afstöðu til málsins „og þá eftir atvikum, hvort tilefni sé til að leggja fram frumvarp er feli í sér breytingar á stimpilgjaldalögunum“. **- þsj / sjá síðu 8**

> **15,8** milljarðar króna er sú upphæð sem Íslendingar munu greiða í stimpilgjöld á árunum 2009-2013.



**KÍNABÖRN** Hingað til lands hafa 165 börn verið ættleidd frá Kína. Börnin hittu Chu Xiaoying, aðstoðarforstjóra ættleiðingarstofnunarinnar í Kína, ásamt sendinefnd ættleiðingaryfirvalda ytra í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skopteiknari skrifar handrit:

## Óteiknað grín nýtist í Skaupi

**SJÓNVARP** „Það verður spennandi að fá að vinna með svona skapandi og skemmtilegu fólki, að sjá hvort ég finni nýja hlið á minni kímni og hvort hópvinnan kveiki í fleirum þarna inni,“ segir Halldór Baldursson, skopmyndateiknari Fréttablaðsins. Hann skrifar Áramótaskaupið í ár ásamt Sævari Sigurgeirssyni, Önnu Svövu Knútsdóttur, Hjálmari Hjálmarssyni, Gunnari Helgasyni og Gunnari Birni Guðmundssyni leikstjóra.



HALLDÓR BALDURSSON

Halldór er viss um að reynsla skopteiknarans nýtist við skrifin. „Það kemur líka fyrir að brandararnir mínir ganga ekki upp sem teikningar og þá get ég kannski notað þá í Skaupið.“ **- sm / sjá síðu 30**

Umhverfisstofnun segir skýrt að dauðu fé skuli fargað á löggiltum sorpstöðvum:

## Hræin urðuð í giljum og hólum

**UMHVERFISMÁL** Ekkert af þeim hundruðum sauðfjár sem hafa drepist á Norðurlandi hefur verið fært á sorpbrennslustöð til förgunar. Hræin eru urðuð í hólum og giljum.

Bóndi segir fulltrúa frá Matvælastofnun hafa gefið munnlegt samþykki fyrir slíkri förgun, en samkvæmt lögum hefur Umhverfisstofnun yfirumsjón með eftirliti með því að dýrahræjum sé komið á viðurkennda urðunarstaði.

Sæþór Gunnsteinsson, bóndi í Presthvammi í Aðaldal, segir að dautt fé hafi verið sett í gjár eða urðað á staðnum þar sem hægt er. „Við komumst ekki einu sinni burt með lifandi fé, menn finna sér bara hrúgu og grafa það sem er dautt,“ segir hann.

Þorsteinn Ólafsson, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun, segir stofnunina ekki líta á úrganginn sem hættulegan. „Það er málefni Umhverfisstofnunar hvernig frá þessu er gengið. Við [Matvælastofnun] höfum hvorki amast við þessu né veitt sérstaka heimild fyrir því. En það er óskaplega erfitt að gera þetta eins og allar ströngustu reglur segja til um.“

Hjá Umhverfisstofnun fékkst upplýst að engar undanþágur frá reglum um förgun hræja hefðu verið veittar og engar beiðnir um slíkt borist. **- sv / sjá síðu 6**










**SPURNING DAGSINS**



*Einar, ertu aflamarkmaður?*

„Já, ég hlýt að teljast það og er sérfræðingur þegar kemur að boltaþorski."

Einar Hjörleifsson, markvörður Víkings frá Ólafsvík, starfar sem sjómaður á Guðmundi Jenssyni SH.

Tim Ward mótmælti málatilbúnaði ESA í Icesave-málinu í Lúxemborg:

# Sagði ríkisábyrgðar hvergi krafist

**DÓMSMÁL** Icesave-mál Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) gegn íslenska ríkinu var tekið til dóms eftir fjögurra klukkustunda málflutning í hádeginu í gær, að íslenskum tíma. Nú tekur við bið eftir dómsuppkvaðningu, sem er talin verða skömmu fyrir áramót.

Breski lögfræðingurinn Tim Ward fór fyrir átta manna málflutningsteymi Íslands og sagði í ræðu sinni að ekkert í tilskipun Evrópusambandsins um innstæðutryggingar kvæði á um að ríkisábyrgðar eða ríkisfjármögnunar væri krafist á innstæðutryggingarsjóðum.

Ward andmælti öllum málatilbúnaði ESA og Evrópusambandsins, sem hafði stefnt sér til meðalgöngu í málinu til að fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Að því er segir í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu fór Ward ítarlega yfir tilurð innstæðutilskipunarinnar og lýsti því mati að slíkt kerfi gæti hvergi í heiminum risið undir stórfelldu bankaáfalli. Íslensk stjórnvöld hafi í bankahruninu gripið til nauðsynlegra aðgerða til að koma í veg fyrir heildarhrun efnahagskerfisins.



**Í DÓMSALNUM** Tim Ward, með hárkollu á höfði, hlýðir á ræður annarra lögmanna. MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Einnig kvöddu sér hljóðs fulltrúar Hollands, Bretlands, Noregs og Liechtensteins. **- sh**

Laus úr gæsluvarðhaldi:

## Grunaður um brot gegn pilti

**LÖGREGLUMÁL** Akureyringur um miðjan aldur var látinn laus úr gæsluvarðhaldi í gær, en hann hafði setið inni síðan fyrir helgi grunaður um kynferðisbrot gegn fjórtán ára gömlum dreng.

Akureyri vikublað greindi fyrst frá málinu og sagði að brotið hefði átt sér stað á fimmtudaginn í síðustu viku. Þar kom einnig fram að skólayfirvöld á Akureyri hefðu brugðist við með fræðslu til skólabarna. Maðurinn mun hafa játað sök að hluta. Hann og drengurinn þekktust. **- sh**

Frumvarp um innflytjendur:

## Fjölmenningarsetur fær meira

**ALÞINGI** Fjölmenningarsetur, sem starfrækt hefur verið á Ísafirði, verður eflt samkvæmt frumvarpi til laga um málefni innflytjenda. Ráðherra mun skipa forstöðumann setursins til fimm ára í senn.



**GUÐBJARTUR HANNESSON**

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra mælti fyrir frumvarpinu í gær. Verkefni Fjölmenningarseturs eru meðal annars að veita stjórnvöldum og fyrirtækjum ráðgjöf í tengslum við málefni innflytjenda. Samkvæmt fjárlögum fær setrið hátt í 30 milljónir á næsta ári. Þá verður komið á fót sex manna innflytjendaráði sem á að vera ráðherra til ráðgjafar um stefnumótun. **- kóp**

Tillaga sjálfstæðismanna felld:

## Höfnuðu því að lækka útsvarið

**REYKJAVÍK** Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar felldi á fundi borgarstjórnar í gær tillögu Sjálfstæðisflokksins um að draga til baka allar útsvarshækkanir í tíð meirihlutans.

Í yfirlýsingu frá borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna segir að fram hafi komið í ársreikningi borgarinnar 2011 og hálfsársuppgjöri þessa árs að skatttekjur séu umfram fjárþörf, sem nemur nærri þremur milljörðum síðan í ársbyrjun 2011.

Í yfirlýsingu frá Besta flokknum segir að málflutningur Sjálfstæðisflokksins sé óásættanlegur og meirihlutinn ætli ekki að „taka þátt í innistæðulausum skýjaborgum á kosningavetri". Útsvar verði ekki lækkað án þess að skerða þjónustu. **- sh**



**MIKILL VIÐBÚNAÐUR** Þegar einn mannanna var leiddur fyrir dómara síðdegis í gær biðu sumir félaga hans fyrir utan. Þegar hann var leiddur út í lögreglubíl á eftir sögðust þeir myndu heimsækja hann í fangelsið.

# Mikið þýfi, riffill og dínamít hjá Outlaws

**Ungur maður tengdur vélhjólasamtökunum Outlaws úrskurðaður í varðhald í kjölfar húsleita í Mosfellsbæ og Hafnarfirði. Þar fannst mikið af raftækjum sem talin eru stolin, riffill og dínamíttúba. Nýr leiðtogi Outlaws ekki handtekinn.**

**LÖGREGLUMÁL** Maður um tvítugt var síðdegis í gær úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vegna brota sem talin eru tengjast vélhjólasamtökunum Outlaws.

Lögreglan réðst inn í tvö hús í fyrrakvöld, fyrst í Mosfellsbæ og síðan í Hafnarfirði, og handtók sjö manns, fimm karla og tvær konur. Fimm voru handteknir í heimahúsinu í Mosfellsbæ en tveir í félagsheimili Outlaws í iðnaðarhúsnæði við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði. Fólkið er flest um og yfir tvítugt en einn maðurinn er rúmlega þrítugur.

Hluta hinna handteknu var sleppt lausum strax í fyrrinótt en hinir voru yfirheyrðir í gær og síðan leystir úr haldi, það er allir nema einn, sem ákveðið var að færa fyrir dómara. Hann er talinn hafa verið iðinn við afbrot undanfarnar vikur og mánuði, og á grundvelli þess mat lögreglan það svo að ástæða væri til að óska eftir gæsluvarðhaldi yfir honum. Á það féllst dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

Í tilkynningu frá lögreglunni segir að við húsleitirnar hafi fundist fíkniefni, þýfi, vopn og auk þess sprengiefni í húsinu í Hafnarfirði.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var ekki um mikið magn fíkniefna að ræða – fyrst og fremst amfetamín og kannabisefni í neysluskömmtum.

Mjög mikið fannst hins vegar af ætluðu þýfi, aðallega í heimahúsinu í Mosfellsbæ þar sem sá var handtekinn sem nú situr í varðhaldi. Það var mikið til raftæki; símar, iPod-tónhlöður og tölvur sem talið er að hafi verið stolið í innbrotum á heimili og fyrirtæki að undanförnu.

Þá fannst einn riffill, auk þess sem teknir voru hnífar af sumum hinna handteknu. Loks fannst, í félagsheimilinu í Hafnarfirði, dínamíttúba, sem þó hefði þurft hvellhettu til að sprengja.

Eftir að Ríkharð Júlíus Ríkharðsson, forsprakki Outlaws, var dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi í fyrra fyrir aðild sína að skotárás í Bryggjuhverfinu hefur annar maður, Ragnar Davíð Bjarnason, stýrt samtökunum.

Ragnar, kallaður Raggi sænski, á langan brotaferil að baki. Heimildir Fréttablaðsins herma að hann hafi hins vegar ekki verið meðal hinna handteknu í gær. **stigur@frettabladid.is**

## Lést eftir gassprengingu

Maðurinn sem lést á sjúkrahúsi eftir sprengingu í blokkaríbúð við Ofanleiti í Reykjavík á sunnudag hét Jón Hilmar Hálfdánarson. Hann var fæddur árið 1973 og bjó í íbúðinni þar sem sprengingin varð. Hann var ókvæntur og barnlaus. Hann lést eftir hádegi á mánudag.

Talið er að sprengingin hafi orðið vegna gasleka í íbúðinni.



**ÁHÆTTA** Dregið verður úr samstarfi NATO og afganska hersins til að draga úr áhættu sveita NATO. NORDICPHOTOS/AFP

Breytingar í Afganistan:

## NATO-liðar minna á ferð

**BRUSSEL, AP** Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, varði ákvörðun æðstu yfirmanna bandalagsins um að dregið yrði úr samstarfi þess við afganska herinn í gær. Í ár hefur 51 hermaður NATO fallið fyrir hendi afganskra skæruliða.

Sveitir NATO munu ekki taka þátt í reglubundnum aðgerðum eins og að manna varðstöðvar og taka þátt í eftirlitsferðum með afgönskum bandamönnum sínum.

„Þetta hefur verið ákveðið til að takmarka hættuna sem steðjar að sveitum okkar," sagði Rasmussen í Brussel í gær. Hann lagði áherslu á að ákvörðunin hefði ekki áhrif á áætlanir NATO í Afganistan, að Afganar sjái að fullu um öryggismál árið 2014. **- bþh**


TÖFRATÓNAR Í TÍBRÁ

HUMPHREYS OG SCHILLER
*Píanótónleikar*

SALURINN

Sunnudaginn
23. september kl. 16:00

Bresku píanósnillingarnir *Allan Schiller* og *John Humphreys* leika fjórhent fjölbreytta og glæsilega dagskrá.





www.salurinn.is


Mitt Romney forsetaframbjóðandi lét óheppileg orð falla á fjáröflunarfundi:

# Þykir hafa stórskaðað framboðið

**BANDARÍKIN, AP** Mitt Romney, forsetaframbjóðandi Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum, þurfti að svara í fjölmiðlum fyrir óheppileg ummæli sín í gær.

Myndband sem tekið var leynilega af ræðu Romneys á kosningafundi með auðugustu stuðningsmönnum sínum var gert opinbert í gær og þykir vandræðalegt fyrir forsetaframbjóðandann.

Þar segir Romney nærri helming kjósenda í Bandaríkjunum lifa á ríkinu og að flestir þeirra borgi ekki skatta. Hann sagði jafnframt að „það væri ekki hans að hafa áhyggjur af þessu fólki" og að boðskapur hans um lægri skatta kæmist ekki til skila til þess.

Þá sagði Romney Palestínumenn ekki hafa áhuga á því að eiga friðsælt samband við Ísrael. Hann sagði Palestínumenn einnig hafa það markmið að útrýma Ísrael.

Framboð Baracks Obama, Bandaríkjaforseta, dreifði myndbandinu víða á vefnum í gær. Mitt Romney reyndi að útskýra ummælin og sagði þau „ekki mjög fallega orðuð". Hann stendur þó við meiningu orða sinna.

Palestínumenn mótmæltu orðum frambjóðandans. Saeb Erekat, aðalsamningamaður Palestínumanna, sagði ummæli Romneys ólíðandi.



**MITT ROMNEY** Forsetaframbjóðendurnir þurfa að tala víða og sannfæra bæði kjósendur og styrktaraðila um að styðja sig. NORDICPHOTOS/AFP

Enn er mjótt á munum með þeim Obama og Romney í skoðanakönnunum. Obama forseti hefur nokkurra prósentustiga forskot sem hefur að öllum líkindum aukist eftir atburði gærdagsins. **- bþh**

# ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN AUGLÝSIR

## PROLOGIC VEIÐIGALLI Í FELULITUM

Smekkbuxur og jakki. Vatnshelt og vindhelt með útöndun. MAX4 felumynstur. Frábært verð.




AÐEINS **29.900,-**

# VERÐLÆKKUN Á VÖLDUM BYSSUM

## PUMPUR TVÍHLEYPUR HÁLFSJÁLFVIRKAR



NÚ AÐEINS **79.900,-** — NÚ AÐEINS **69.900,-** — NÚ AÐEINS **64.900,-** — NÚ AÐEINS **99.900,-**

### ESCORT SUPREME

Hálfsjálfvirk gasskipt haglabyssa. 5 þrengingar, skeftishallaplötur og ólarfestingar fylgja. Vönduð hnotuskefti. Fáanleg hægri og vinstri handar.
**Verð áður 99.900. Nú aðeins 79.900.**

### ESCORT XTREME

Hálfsjálfvirk gasskipt haglabyssa. 5 þrengingar, skeftishallaplötur og ólarfestingar fylgja. Plastskefti með stömu gripi. Fáanleg hægri og vinstri handar.
**Verð áður 89.900. Nú aðeins 69.900.**

### ESCORT PS

Hálfsjálfvirk gasskipt haglabyssa. 5 þrengingar, skeftishallaplötur og ólarfestingar fylgja.
**Verð áður 79.900. Nú aðeins 64.900.**

### ESCORT CAMO COMBO

Hálfsjálfvirk gasskipt haglabyssa. 2 hlaup, 5 þrengingar, skeftishallaplötur, ólarfestingar og hörð taska fylgir. Fáanleg hægri og vinstri handar.
**Verð áður 129.900. Nú aðeins 99.900.**



NÚ AÐEINS **45.900,-** — NÚ AÐEINS **54.900,-** — NÚ AÐEINS **89.900,-** — NÚ AÐEINS **108.900,-**

### ESCORT FIELDHUNTER

Pumpulás. 5 þrengingar, skeftishallaplötur og ólarfestingar fylgja.
**Verð áður 49.900. Nú aðeins 45.900.**

### ESCORT MARINEHUNTER

Pumpulás. 5 þrengingar, skeftishallaplötur og ólarfestingar fylgja. Nikkelhúð.
**Verð áður 59.900. Nú aðeins 54.900.**

### OPTIMA B12

Y/U tvíhleypa. 5 þrengingar og ólarfestingar. Útdragari. Einn gikkur og val á milli hlaupa.
**Verð áður 109.900. Nú aðeins 89.900.**

### OPTIMA SILVER SELECT

Y/U tvíhleypa. 5 þrengingar og ólarfestingar. Útddragari. Einn gikkur og val á milli hlaupa. Valin olíuborin hnota.
**Verð áður 129.900. Nú aðeins 108.900.**

## ÓDÝRU GERVIGÆSIRNAR

12 skeljar í kassa. Lausir hausar. Öll festijárn fylgja með. Aðeins 18.995.
Gerið verðsamanburð á gervigæsum. Það borgar sig.



Gerviálftir aðeins **3.995,-**
Flotgæsir aðeins **2.995,-**

Stakar grágæsaskeljar með föstum haus. Járn fylgja með.
**Aðeins 1.695 stykkið**
Stokkandasett. 12 tálfuglar. Netpoki, blý og bönd fylgja með.
**Aðeins 12.995 fyrir allt settið.**



AÐEINS **16.995,-**

### PROLOGIC MAX4 NYLO STRETCH VÖÐLUR

Léttar og sterkar vöðlur úr nælonefni. Áföst stígvél með gúmmísóla. Innri vasi með rennilás. Belti fylgir.
Bæjarins besta verð á skotveiðivöðlum.
**Verð 16.995,-**



AÐEINS **31.995,-**

### PROLOGIC MAX4 NEOPRENVÖÐLUR

Einhverjar vönduðustu skotveiðivöðlurnar hér á landi. Sterkt og þykkt efni í MAX4 felumynstri. Góð stígvél með gúmmsóla.
Verð 31.995,-

## HAGLASKOT

### GÓÐ SKOT Á GÓÐU VERÐI

RIO

### RIO HAGLASKOT

Rio haglaskot. Rio skotin hafa verið framleidd síðan 1896. Rio skotin hafa svo sannarlega slegið í gegn meðal íslenskra skotmanna.

36 gr. rjúpnaskot aðeins **1.595 kr.** pakkinn (25 skot)
42 gr. gæsaskot aðeins **1.895 kr.** pakkinn (25 skot)
50 gr. magnum skot aðeins **2.395 kr.** pakkinn (25 skot)
24 gr. og 28 gr leirdúfuskot með blýhöglum. **995 kr.** pakkinn (25 skot)



Sellier & Bellot

### SELLIER & BELLOT HAGLASKOT

Framleidd síðan 1825. Vinsæl og vönduð skot á góðu verði.
36 gr. rjúpnaskot aðeins **1.695 kr** pakkinn (25 skot)
42,5 gr. gæsaskot aðeins **2.195 kr** pakkinn (25 skot)
53 gr. geysiöflug Magnum skot. Aðeins **2.595 kr** pakkinn (25 skot)
24 gr. leirdúfuskot með blýhöglum. **995 kr** pakkinn (25 skot)



**GOTT TILBOÐ!**
**Þú færð 15% afslátt af ódýru 36 gr. rjúpnaskotunum keyptum með gæsaskotum.**

# SPORTBÚÐIN

**KRÓKHÁLSI 4 - SPORTBUDIN.IS - SÍMI 517 8050**

*Í leiðinni úr bænum*

**MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16**

**GENGIÐ 18.09.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,70 | 122,28 |
| Sterlingspund | 197,74 | 198,70 |
| Evra | 158,93 | 159,81 |
| Dönsk króna | 21,322 | 21,446 |
| Norsk króna | 21,284 | 21,410 |
| Sænsk króna | 18,536 | 18,644 |
| Japanskt jen | 1,5468 | 1,5558 |
| SDR | 188,14 | 189,26 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

219,3818

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Óvenjulegt misbeitingarmál skekur heimavistarskóla í Álaborg:

# Fjárkúguðu kennara eftir kynlíf

**DANMÖRK** 27 ára kona sem starfaði sem íþróttakennari við Himmerlands Ungdomsskole, skammt frá Álaborg á Jótlandi, á yfir höfði sér fangelsisdóm vegna kynferðissambands sem hún átti við tvo sextán ára nemendur sína. Piltarnir hafa hins vegar verið ákærðir fyrir fjárkúgun, en þeir hótuðu að gera viðvart um sambandið nema kennarinn greiddi hvorum þeirra sem svarar um 65 þúsundum íslenskra króna, sem hann og gerði.

Kynferðissamband kennarans við piltana stóð um nokkurra mánaða skeið undir lok síðasta árs. Samkvæmt frétt BT komst sambandið í hámæli innan skólans í upphafi árs þegar piltarnir stærðu sig af sambandinu við samnemendur sína. Kennarinn játaði sök þegar á hann var gengið og var umsvifalaust vísað úr starfi. Piltarnir fengu hins vegar sálfræðihjálp og luku skólaárinu.

Það var svo við rannsókn málsins að upp komst um fjárkúgunina. Piltarnir gengust við því og hafa endurgreitt kennaranum fjárhæðina. Þeir fengu auk þess fjársekt sem nemur rúmum 30 þúsund krónum. Ekki er vitað hvenær dómur gæti fallið en málarekstur inn gæti tekið marga mánuði. - þj



**ÓSÆMILEGT SAMBAND** Hneykslismál skekur nú Himmerlands Ungdomsskole. Myndin er úr skólastarfinu en tengist ekki efni fréttarinnar með beinum hætti.

Tollabreytingar í Noregi:

# Vernda nauta- og lambakjöt

**NOREGUR** Norska ríkisstjórnin hefur ákveðið að auka tollvernd ýmissa landbúnaðarvara og setja á prósentutoll í stað krónutolls. Á vefnum e24.no segir að breytingarnar taki gildi um áramót. Nautafilet, lambakjöt og harðir ostar munu njóta aukinnar tollverndar.

Trygve Vedum landbúnaðarráðherra segir að markmiðið sé að auka matvælaframleiðslu í Noregi um tuttugu prósent á næstu árum. Vegna þess sé prósentutollur á mikilvægum landbúnaðarafurðum mikilvægur. - ibs



**MÓTMÆLI** Sýrlensk börn í flóttamannabúðum mótmæltu komu erindreka SÞ.

Sýrlenskir flóttamenn:

# Mótmæltu komu erindreka

**SÝRLAND, AP Sýrlenskir flóttamenn í Jórdaníu mótmæltu og köstuðu steinum að sérstökum erindreka Sameinuðu þjóðanna í málefnum Sýrlands í gær.**

**Erindrekinn, Lakdar Brahimi, sem tók við af Kofi Annan, heimsótti flóttamannabúðir í Jórdaníu. Í ferð sinni fundar hann einnig með Bashar Assad, forseta Sýrlands, en því mótmæltu flóttamennirnir harðlega. Þeir kölluðu að Brahimi að með fundinum framlengdi hann líf ríkisstjórnar Assads. 200 þúsund Sýrlendingar eru flóttamenn í Jórdaníu.** - þeb

Óttast alvarlegan öryggisgalla:

# Þýska ríkið vill Explorer í salt

**TÆKNI** Þýska ríkið hvatti almenning í gær til að hætta að nota vafrann Internet Explorer frá Microsoft, að minnsta kosti tímabundið.

Ástæðan er alvarlegur öryggisgalli sem uppgötvaðist um helgina og gerir tölvur berskjaldaðar fyrir árásum hakkara. Gallinn hefur enn ekki verið lagfærður.

Fulltrúar Microsoft hafa neitað að tjá sig um yfirlýsingu Þjóðverjanna. - sh

# Skynjarar og eftirlit besta vörnin gegn gasóhöppum

**Gassprengingin sem varð í íbúð við Ofanleiti hefur vakið almenning til umhugsunar um slysavarnir. Farsælast er talið að setja upp skynjara, vanda til verka við uppsetningu búnaðar og stunda reglulegt eftirlit.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig má best koma í veg fyrir slys og tjón af völdum gasnotkunar?

Margs konar öryggisbúnaður er í boði til að koma í veg fyrir óhöpp og skaða af völdum gasnotkunar á heimilum. Auk þess leggja sölufyrirtæki áherslu á að frágangur sé vandaður og vel sé fylgst með öllum búnaði í kringum gas.

Sprengingin sem varð í íbúð við Ofanleiti í Reykjavík um helgina og kostaði mann lífið hefur vakið marga til umhugsunar.

Ómar Örn Jónsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs Öryggismiðstöðvarinnar, segir í samtali við Fréttablaðið að þeir bjóði upp á tvenns konar lausnir í þessum málum og nokkur aukning hafi verið á sölu skynjara síðustu daga.

„Í húsnæði þar sem er gaseldavél mælum við með að settur sé skynjari tengdur kerfinu okkar. Hann gerir stjórnstöð viðvart ef gasleki verður. Fyrir þá sem ekki eru tengdir kerfinu erum við með staka skynjara sem virka eins og reykskynjarar og láta vita með hljóðmerki ef vart verður við gasleka.“

Gasnotkun á heimilum hefur aukist verulega síðustu ár, meðal annars þar sem fleiri nota nú gaseldavélar. Frá miðjum tíunda áratugnum og fram til 2007 varð til dæmis áttatíu prósenta aukning á gasnotkun heimila, og Guðmundur K. Rafnsson, framkvæmdastjóri Ísaga, sem selur gas meðal annars til heimilisnota, segir að notkunin hafi enn farið vaxandi síðustu ár.

Guðmundur segir Ísaga koma skýrum tilmælum til sinna viðskiptavina um meðferð á gasi og búnaði fyrir gasnotkun.

„Við leggjum til dæmis áherslu á að kútar séu alltaf uppréttir, slöngur séu skoðaðar reglulega og skipt um þær á tveggja til þriggja ára fresti og þegar skipt er um hylki sé alltaf gerð lekaleit við samskeyti annaðhvort með sérstöku spreyi eða einfaldlega með sápuvatni.“

Guðmundur bætir því við að þeir mælist líka til þess að gaskútar við eldavélar séu geymdir utandyra og tengdir inn með eirlögnum, slöngur við endana séu ekki meira en metri að lengd og sérstaklega sé fylgst með slöngum sem sólarljós fellur á því þær skemmist fyrr.

„Það er engin skylda til neins, en við mælum með því að fólk komi upp skynjurum sem láta vita af gasleka.“

thorgils@frettabladid.is



**GASVARNIR** Sala á gasskynjurum hefur aukist síðustu daga eftir sprengingu sem kostaði einn mann lífið í íbúðarblokk á sunnudag.

## Alvarleg slys

Gas er varasamt í umgengni og hafa mörg slys orðið vegna þess háttar sprenginga af ýmsum orsökum. Hér á eftir fylgja nokkur dæmi.

- Júlí 1970 Maður brenndist illa er gassprenging varð í húsi við Álfheima.
- Ágúst 1981 Bílskúr við Bröttukinn í Hafnarfirði sprakk í loft upp þegar leki kom að gaskút á logsuðuverkstæði. Annar bílskúr skemmdist og rúður í nærliggjandi húsum brotnuðu. Engan sakaði.
- Október 1992 Neðri hæð í íbúðarhúsi á Reyðarfirði gjöreyðilagðist eftir sprengingu sem orsakaðist af leka úr gaskút í geymslurými. Engan sakaði.
- Október 1994 Viðbygging sprakk frá húsi á Siglufirði eftir að leki komst að gaskúti í geymslu. Engan sakaði.
- Febrúar 1996 Fjögur ungmenni brenndust í gassprengingu í bílskúr við Vatnsenda.
- Nóvember 1999 Fjögur ungmenni brenndust í gassprengingu í bíl við Sandgerði. Sprengingin varð þegar eitt þeirra kveikti í sígarettu.
- Apríl 2003 Þrjú ungmenni slösuðust í gassprengingu í bílskúr í Garðabæ. Bílskúrshurðin hentist út á hlað í heilu lagi.
- Október 2008 Fimm ungmenni brenndust í gassprengingu í Grundargerði í Reykjavík.


## Hluthafafundur Bakkavör Group ehf.

**Hluthafafundur Bakkavör Group ehf. verður haldinn fimmtudaginn 27. september nk. kl. 17:00 á Hótel Sögu, Hagatorgi, 107 Reykjavík**

**Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:**

1. Tillaga um að staðfesta ákvörðun aðalfundar félagsins 2012 að lækka hlutafé félagsins að nafnverði um kr. 20.843.309.476.
2. Tillaga um að slíta félaginu í framhaldi samþykktar aðalfundar félagsins 2012.
3. Önnur mál.

Dagskrá og endanlegar tillögur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir hluthafafundinn.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á hluthafafundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir hluthafafund.

Fundargögn verða afhent frá kl. 16:30 á fundarstað. Athygli er vakin á að atkvæðisréttur miðast við hlutaskrá að morgni 25. september 2012.

Reykjavík 18. september 2012
Stjórn Bakkavör Group ehf.

BAKKAVÖR


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HAUSTBLÍÐA** Í dag og á morgun verður sannkölluð blíða, víða glaðasólskin og hægur vindur. Hitinn verður ágætur, allt að tólf stigum syðra en heldur svalara norðaustan til. Á föstudag gengur í stífa sunnanátt með vætu sunnan og vestan til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 16° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 22° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 15° |
| París | 18° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# SÍÐUSTU DAGAR SUMARDAGAR RÚMGOTT

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**30-50% AFSLÁTTUR AF HEILSURÚMUM**

Rúm Gott
**Heilsurúm á tilboði**

**VERÐDÆMI:**
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt: **70.224**
Tvíbreitt: **129.336**

## FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði**



Rúm Gott
**30-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RAFMAGNS-RÚMUM**

Einbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 190.049.-**

Tvíbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 346.995.-**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
**– Eingungis greiðist lántökugjald**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú séð íslenska kvikmynd í bíó á þessu ári?*

| | |
|---|---|
| Já | 19% |
| Nei | 81% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Átt þú iPhone?*

Segðu skoðun þína á Visir.is. vísir

Hjúkrunarfræðingar á Landspítalanum vilja sömu launahækkun og forstjórinn:

# Krefjast yfir fjórðungs launahækkunar

**KJARAMÁL** Nokkur hundruð hjúkrunarfræðingar söfnuðust saman í gærmorgun við skrifstofu Landspítalans á Egilsgötu til að hvetja samninganefnd félagsins sem þá átti fund með fulltrúum sjúkrahússins vegna svokallaðs stofnanasamnings sem gera á í kjölfar miðlægs kjarasamnings allra heilbrigðisstofnana á landinu.

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags hjúkrunarfræðinga, segir samkomuna hafa verið stuðnings- og hvatningarfund en ekki mótmæli. „En auðvitað er horft til þess að velferðarráðherra greip inn í kjör eins manns á Landspítalanum; kjör sem kjararáð á að ákvarða, og hækkaði laun forstjóra um nærri 25 prósent,“ segir Elsa og bendir á að hjúkrunarfræðingar og aðrar stéttir á spítalanum hafi sætt skerðingum og bætt á sig auknum verkefnum.

Að sögn Elsu lögðu almennir félagsmenn í hendur trúnaðarmanns hugmyndir um hvernig bæta mætti kjör hjúkrunarfræðinga. „Það er ekkert launungarmál að það horfa allir til þeirrar prósentutölu sem forstjórinn fékk í hækkun,“ segir Elsa. **- gar**



**AÐ LOKNUM FUNDI** Hluti tólf hundruð hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum brá sér í gærmorgun á fund utan við skrifstofur spítalans þar sem forstjórinn er með aðsetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

Samtök um nýja stjórnarskrá:

# SANS opnar kynningarvef

**STJÓRNMÁL Stofnuð hafa verið Samtök um nýja stjórnarskrá skammstafað SANS. Félagsskapurinn mun kynna frumvarp stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu þann 20. október næstkomandi.**

**Þorvaldur Gylfason, formaður samtakanna, kynnti SANS á blaðamannafundi í gær. Við sama tækifæri var opnuð vefsíðan Sans.is þar sem kjósendur munu geta nálgast upplýsingar um stjórnarskrártillögur stjórnlagaráðs. - bþh**

Morðið á Sigrid Schjetne:

# Fleiri en hinir handteknu búa yfir vitneskju

**NOREGUR** Norska lögreglan kvaðst í gær ætla að óska eftir því að tveir menn sem grunaðir eru um að hafa myrt 16 ára stúlku, Sigrid Giskegjerde Schjetne, yrðu áfram í gæsluvarðhaldi.

Á vef norska ríkisútvarpsins segir að það sé mat lögreglunnar að fleiri en hinir handteknu viti hvað gerðist. Vegna rannsóknarhagsmuna þurfi þeir að vera áfram í einangrun.

Hinn 4. september staðfesti lögreglan að lík sem fannst í skógarlundi við iðnaðarsvæði væri af stúlkunni. **- ibs**

Vinsælust annað árið í röð:

# Aron og Emilía vinsælust nafna

**FÓLK** Annað árið í röð er Aron vinsælasta eiginnafn drengja og Emilía vinsælasta stúlkunafnið. Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands. Þá er færri nýfæddum börnum gefið aðeins eitt nafn.

Tíu vinsælustu einnefnin árið 2012 eru þau sömu og árið 2007. Þrjú vinsælustu karlanöfnin, þegar litið er til einnefna eru Jón, Sigurður og Guðmundur, en hjá konum Guðrún, Anna og Sigríður. Þór er vinsælasta annað nafnið hjá drengjum, þá Ingi og síðan Freyr. Eins og undanfarin ár eru nöfnin María og Ósk vinsælust sem annað nafn hjá stúlkum. **- kóp**

**TÆKNI**

### Íslenskt hugvit í útrás

Fyrirtækið DataMarket mun kynna nýjan hugbúnað í Hvíta húsinu í byrjun næsta mánaðar. Hugbúnaðurinn er gerður til þess að safna saman öllum upplýsingum um orkumál í Bandaríkjunum í eina vefgátt. Hugbúnaðurinn var forritaður að beiðni Hvíta hússins.

# „Menn finna bara hrúgu og grafa það sem er dautt“

**Hundruð hræja hafa verið grafin á víð og dreif í fjöllum Norðurlands eftir vetrarhörkurnar. Umhverfisstofnun segir skýrt að einungis eigi að farga slíku hjá viðurkenndum aðilum. Þúsundir fjár enn týndar.**

**LANDBÚNAÐUR** Bændur á Norðausturlandi hafa urðað hundruð dauðra kinda og lamba í giljum og hólum á fjöllum eftir fárviðrið fyrr í mánuðinum. Slíkt er óheimilt, en Matvælastofnun hefur að sögn bónda gefið munnlegt leyfi fyrir slíkri förgun. Samkvæmt lögum á að fara með dýrahræ á viðurkennda urðunarstaði og sorpbrennslustöðvar til förgunar.

Sæþór Gunnsteinsson, bóndi í Presthvammi í Aðaldal, segir að dautt fé hafi verið sett í gjár eða urðað á staðnum þar sem hægt er.

„Sumt er bara enn í sköflunum,“ segir hann. „Við komumst ekki einu sinni burt með lifandi fé, menn finna bara hrúgu og grafa það sem er dautt. Við erum búnir að fá munnlegt leyfi fyrir því frá Matvælastofnun, því það er ekki fræðilegur möguleiki að komast með féð burt. Við megum bara grafa þetta þar sem það er.“

> Við komumst ekki einu sinni burt með lifandi fé.
>
> **SÆÞÓR GUNNSTEINSSON** BÓNDI Í PRESTHVAMMI Í AÐALDAL

Tveir löggiltir urðunarstaðir eru á svæðinu; Sorpbrennslustöð Suður-Þingeyinga á Húsavík og Urðunarstöðin á Kópaskeri. Hvorugur staðurinn hafði tekið á móti hræjum til urðunar í gær.

Magnús Stefánsson, hjá Sorpbrennslustöðinni á Húsavík, segir allt hafa verið frágengið í marga daga til að taka á móti hræjum til brennslu.

„Við erum reyndar orðnir vanir því að undanþágur séu veittar fyrir urðun á dauðu fé í sveitum, svo þetta er ekkert nýtt. En þegar við óskum eftir svörum bendir Umhverfisstofnun á Matvælastofnun, sem bendir á dýralækni sem bendir svo á Umhverfisstofnun. Við fáum engin svör.“

Þorsteinn Ólafsson, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun, segir stofnunina ekki líta svo á að um sé að ræða hættulegan úrgang. „Menn hafa í sjálfu sér engin tök á því að fjarlægja féð, en það þarf þó að koma því undan varginum,“ segir hann. „Matvælastofnun lítur svo á að þetta sé ekki hættulegur eða sóttmengaður úrgangur. Það er málefni Umhverfisstofnunar hvernig frá þessu er gengið. Við [Matvælastofnun] höfum hvorki amast við þessu né veitt sérstaka heimild. En það er óskaplega erfitt að gera þetta eins og allar ströngustu reglur segja til um.“

Ólafur Jónsson, héraðsdýralæknir á Norðausturlandi, segir einnig að málið sé á hendi Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlitsins.

Menn hafi safnað saman dauðu fé í sveitunum en hann hafi ekki frekari upplýsingar um stöðu mála. Kalt sé í veðri, og allur gangur á því hvað menn geri við hræin.

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun átti að fara með öll hræin sem fundust í brennsluna á Húsavík. Sigríður Kristjánsdóttir, deildarstjóri Hollustuverndar, segir engar undanþágur hafa verið veittar er varða urðun á hræjum, enda engar beiðnir um slíkt borist. „Það á að fara með þetta allt á viðurkennda móttökustöð,“ segir hún. Spurð hvort eftirmál verði ef fólk urði hræin á víðavangi, svarar Sigríður: „Það er hægt að kæra til lögreglu ef menn brjóta lögin.“

**sunna@frettabladid.is**



**MIKIÐ TJÓN** Ljóst er að hundruð ef ekki þúsundir fjár hafa drepist á Norðurlandi eftir fárviðrið og segja bændur illmögulegt að koma hræjunum til byggða til förgunar. MYND/EGILL AÐALSTEINSSON

## Mörg þúsund kindur enn týndar

Svæðin sem verst urðu úti í fárviðrinu fyrr í mánuðinum eru Mývatnssveit, Reykjahverfi, Aðaldalur, Fnjóskadalur og hluti Bárðardals. Á milli 80 og 100 sauðfjárbændur eru á svæðunum, segir Vignir Sigurðsson, framkvæmdastjóri Búgarðs á Akureyri. Ætla má að hver bóndi sé að meðaltali með á milli 600 og 700 fjár.

Bændur í Mývatnssveit og Aðaldal funduðu á mánudagskvöld, þar sem fram kom að flesta vantaði enn tuttugu til þrjátíu prósent af fé sínu. Þó er enn ekki ljóst hversu margt af því hefur drepist og enn finnst fé á lífi. Til stendur að halda fleiri fundi á næstu dögum, meðal annars með forsvarsmönnum Bjargráðasjóðs.

## Bjargráðasjóður bæti bændum tjónið

Kristján L. Möller, þingmaður Samfylkingarinnar, ræddi fjárskaðann á Alþingi í gær og benti á að fé úr Bjargráðasjóði hefði verið ráðstafað til bænda vegna eldgosanna árin 2010 og 2011. Steingrímur J. Sigfússon atvinnumálaráðherra sagði Bjargráðasjóð verða nýttan til að bæta bændum tjónið.

„Ráðuneytið hefur átt fundi með bændasamtökunum og Bjargráðasjóði. Það er ljóst að það mun koma til kasta sjóðsins,“ sagði Steingrímur á Alþingi. Enn eru eftirstöðvar í Bjargráðasjóði. „Þeim verður ráðstafað til að mæta þessu tjóni og meiru ef til þarf. Ríkisstjórnin hefur þegar samþykkt fyrir sitt leyti að nýta þessar eftirstöðvar til að bæta tjón vegna óveðursins,“ sagði Steingrímur enn fremur.

Madrid

11. - 14. okt. 3 nætur

Verð frá 102.800 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í tvíbýli.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

* Verð án Vildarpunkta 112.800 kr.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á VITA.is

vita

VITA er lífið

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 60869 09/12



# Á AÐ SKJÓTAST Í VEIÐI?

**Í veiðideild** fæst mikið úrval af gæðavörum frá þekktum framleiðendum, eins og Browning, Remington, Sako og Winchester. Í veiðideildinni starfa sölumenn með víðtæka þekkingu og mikla reynslu af veiði og veiðisvæðum.



## BYRJENDAPAKKI

**MARLIN XT22RO 22LR RIFFILL MEÐ SJÓNAUKA**
500 Remington Cyclone skot, ól og Marlin riffilpoki fylgir.

**Góður pakki á aðeins**
**65.000 KR.**
Léttgreiðslur **10.834** KR. í 6 mán.

**6 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR**



## GÆSAVEIÐIPAKKI

**BETTINSOLI ZEPHYR BLACK 26" VÖNDUÐ ÍTÖLSK GÆSABYSSA**
Gasskipt. Ólarfestingar, aukaþrengingar og vönduð taska. 100 stk. af 40g Win 12GA Superspeed EXT gæsaskotum fylgja ásamt Allen MAX 4 skotbelti, svartri Niggeloh byssuól og 6 gæsaskeljum með festijárnum.

**Vandaður kostur á aðeins**
**164.900 KR.**
Léttgreiðslur **27.484** KR. í 6 mán.

**6 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR**



## GÆSAPAKKI FYRIR BYRJENDUR

**WINCHESTER SXP BLACK SHADOW PUMPA**
100 Win 12GA Sup. Speed EXT 40g gæsaskot fylgja ásamt Allen MAX 4 skotbelti og Winchester haglabyssupoka.

**Verð aðeins**
**99.485 KR.**
Léttgreiðslur **16.581** KR. í 6 mán.



**ALLEN MAX 4 SKOTBELTI**
**4.890 KR.**



**ALLEN MAX 4 SQUALL BAY TASKA**
**12.990 KR.**



**BROWNING DIRTY BIRD JAKKI**
**49.990 KR.**

**20% AFSLÁTTUR EF KEYPT SAMAN**



**DEVOLD ACTIVE** ullarnærfatnaður
**9.990 KR.**



**ALLEN MAX 4 HUNDAVESTI**
**9.990 KR.**




**WINCHESTER SUPER SPEED 40 g**
Vinsæl skot í gæsa- og andaveiði. Fást í helstu haglastærðum. 10 skota pakkning.
**1.390 KR.**



**BROWNING DIRTY BIRD VEIÐIBUXUR**
**39.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE** ullarnærfatnaður
**9.990 KR.**




**BUCK EXPERT GRÁGÆSAFLAUTA**
**4.990 KR.**



**BROWNING HIDALGO HAGLABYSSUPOKI**
**5.990 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 122637-1909

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvaða lið, sem spiluðu í 1. deild karla í knattspyrnu í sumar, munu spila í efstu deild á næsta ári?
2. Hvaða land fer nú með formennsku í ráðherraráði ESB?
3. Hvaða norski rithöfundur áritaði nokkur eintök bóka sinna í Máli og menningu um helgina?

**SVÖR:**

1. Þór Akureyri og Víkingur Ólafsvík 2. Kýpur 3. Jo Nesbø

Ný rannsókn á matvörum í verslunum á höfuðborgarsvæðinu:

# Erfðabreytt efni í matvörum

**NEYTENDUR** Niðurstöður nýrrar rannsóknar sýna að níu af tólf amerískum matvælategundum sem kannaðar voru í helstu matvöruverslunum höfuðborgarsvæðisins innihalda erfðabreytt efni án þess að þess sé getið á vörumerkingum. Frá þessu er greint á vef Neytendasamtakanna. Frá og með síðustu áramótum hefur verið skylt að merkja matvæli og fóður sem innihalda erfðabreytt efni.

Könnunin var gerð á vegum Neytendasamtakanna, Matvæla- og veitingafélags Íslands og Náttúrulækningafélags Íslands. Sýnin voru send til greiningar í rannsóknarstofu Genetic-ID í Þýskalandi en fyrirtækið er sagt vera heimsþekkt fyrir greiningar á erfðabreyttum efnum.

Á vef Neytendasamtakanna segir að bandarísk stjórnvöld krefjist ekki merkinga á erfðabreyttum matvælum og því þurfi innflytjendur að láta greina allar matvörur þaðan til þess að ganga úr skugga um hvort þær innihaldi erfðabreytt efni.

Samtök bandarískra matvælavinnslufyrirtækja áætla að allt að 80 prósent unninna matvæla innihaldi erfðabreytt efni **- ibs**

**Vörutegundir sem innihalda erfðabreytt efni**

| | |
|---|---|
| Shop Rite Corn Flakes | Mass Muscle Gainer |
| Pop Corners | Zone Perfect |
| Doritos Cool Ranch Tortilla Chips | EAS Advanced Edge |
| Maíshveiti | EAS Lean 15 |
| EAS Advent | |

Yggdrasill innkallar barnamat:

# Sveppaeitur í barnagraut

**NEYTENDUR** Yggdrasill hefur innkallað þriggja korna lífrænan barnagraut þar sem í honum mældist aukið magn OTA (mycotoxin), sem er myglusveppaeitur.

Grauturinn er framleiddur undir vörumerkinu Holle. Varan er þó innkölluð hér á landi til að gæta fyllsta öryggis. Þetta á við um graut sem er merktur dagsetningunni 25.04.2013. Grauturinn fór í dreifingu í Nettó, Samkaup, Melabúðina, Fjarðarkaup, Hagkaup, Víði, Lyfju og Vöruval í Vestmannaeyjum. **- sv**









# Engin stimpilgjöld við skipti á banka

**Nefnd vinnur að frumvarpsdrögum sem eiga að draga úr kostnaði við flutning viðskipta á milli lánardrottna. Önnur nefnd á að endurskoða neytendavernd á íslenskum fjármálamarkaði. Hún skilar skýrslu í síðasta lagi 15. janúar 2013.**

**NEYTENDAMÁL** Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að endurskoða lög um stimpilgjöld með það fyrir augum að afnema slík gjöld á útgáfu skuldabréfa einstaklinga þegar skipt er um kröfuhafa. Starfshópur sem hefur verið skipaður á að skila af sér frumvarpsdrögum um málið í október. Þetta er meðal þess sem kemur fram í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um samþykkt á ríkisaðstoð við nýju bankana þrjá, Landsbanka, Íslandsbanka og Arion banka, þegar þeir voru fjármagnaðir. Í ákvörðun ESA segir einnig að starfshópurinn eigi einnig að kanna hvernig álagningu stimpilgjalda megi breyta til að einfalda ferlið og ýta undir samkeppni á meðal fjármálafyrirtækja.

Lög um stimpilgjöld voru sett 1978. Samkvæmt þeim greiða allir sem kaupa sér fasteign 0,4 prósent af fasteignamati hennar í stimpilgjald til ríkissjóðs. Þeir sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign eru undanþegnir gjaldinu. Af vanalegum veðskuldabréfum eru greidd 1,5 prósent af fjárhæð bréfsins. Ef skuldari ætlar að færa skuldir sínar yfir til annars fjármálafyrirtækis, sem býður mögulega betri kjör, þá þarf hann að greiða stimpilgjöld af nýju fjármögnuninni. Þau gera það oft að verkum að flutningurinn verður óhagkvæmur og gjöldin virka því sem samkeppnishindrun.

Í júní síðastliðnum tilkynnti ESA um þá ákvörðun sína að samþykkja þá ríkisaðstoð sem veitt var við endurskipulagningu á nýju viðskiptabönkunum þremur. Þar kom fram að stjórnvöld og bankarnir sjálfir þyrftu að grípa til fullnægjandi ráðstafana til að draga úr röskun á samkeppni vegna tilurðar þeirra. Jafnframt segir að íslensk stjórnvöld hafi skuldbundið sig til að endurskoða lög um stimpilgjald með tilliti til þess að draga úr kostnaði við flutning viðskipta á milli lánardrottna. Í öðru lagi eigi stjórnvöld að skipa nefnd sem á að endurskoða neytendavernd á íslenskum fjármálamarkaði og leggja fram tillögur um hvernig staða einstaklinga og heimila gagnvart fjármálafyrirtækjum getur verið styrkt. Nefndin á sérstaklega að fjalla um að auðvelda viðskiptavinum fjármálafyrirtækja að skipta um viðskiptabanka. **thordur@frettabladid.is**



**Gjöldin skila milljörðum í ríkissjóð**

Stimpilgjöld eru mikil tekjulind fyrir ríkissjóð. Samkvæmt nýbirtu fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 er áætlað að þau skili 4,1 milljarði króna í hann á næsta ári. Á árunum 2009 til 2012 er áætlað að þau hafi skilað 11,7 milljörðum króna í ríkissjóð. Samtals munu Íslendingar því samtals hafa greitt 15,8 milljarða króna í stimpilgjöld frá byrjun árs 2009 og út næsta ár, gangi tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins eftir.


www.volkswagen.is




Volkswagen Passat EcoFuel

Ratvís og víðsýnn

Til viðbótar við ríkulegan staðalbúnað í Volkswagen Passat Comfortline Plus er nú fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti ásamt bakkmyndavél.

Nú á enn betra verði

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Passat

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA



TENGI

# TILBOÐSDAGAR

## 20% afsláttur af öllum vörum í Tengi*

Byrjar í dag miðvikudag

## KYNNINGARVERÐ Á TEKA

* Nema pottum og sérverðmerktum vörum



TEKA MT- plus handlaugartæki
Tilboð kr. **9.200,-**



TEKA INDIC sturtutæki
Tilboð kr. **18.600,-**



TEKA SP995 eldhústæki
Tilboð kr. **14.400,-**



TEKA MF-2 eldhústæki
Tilboð kr. **7.800,-**



TEKA SPIRIT handlaugartæki
Tilboð kr. **10.800,-**



TEKA ARK eldhústæki
Tilboð kr. **37.300,-**



TEKA MT-Plus sturtusett og tæki
Tilboð kr. **49.500,-**

## GÆÐI ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050
Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is



**KONUNGAFÓLK Í HEIMSÓKN** Katrín hertogaynja af Cambridge við komuna á hjúkrunarheimili í Kúala Lúmpúr í Malasíu í síðustu viku. Hún og Vilhjálmur prins, eiginmaður hennar, hafa verið á ferðalagi vegna krýningarafmælis Elísabetar drottningar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Endurheimtur þrotabús Landsbankans aukast með sölunni á Hamleys:

# Hamleys selt fyrir rúma ellefu milljarða

**VIÐSKIPTI** Eigendur bresku leikfangaverslunarkeðjunnar Hamleys gengu frá sölu hennar til franska félagsins Groupe Ludendo á mánudag fyrir 59,2 milljónir punda, rúmlega 11,6 milljarða króna. Þar af falla 7,6 milljarðar króna í skaut þrotabús Landsbanka Íslands sem átti 65 prósenta hlut í keðjunni. Eignarhluturinn var bókfærður á lægra virði og því mun salan þýða að endurheimtur í bú Landsbankans verða meiri en tilkynnt var um á síðasta kröfuhafafundi hans.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa viðræður við franska félagið staðið yfir frá síðustu áramótum. Ýmsir aðrir aðilar hafa sýnt Hamleys áhuga síðan Landsbankinn eignaðist keðjuna, en áhugi þeirra hefur iðulega einskorðast við að vilja eignast hana á hrakvirði. Það verð sem fékkst fyrir Hamleys nú er í samræmi við virðismat sem Bank of America Merrill Lynch framkvæmdi á hlutnum fyrir hönd þrotabúsins.

Hamleys komst fyrst í íslenska eigu í júní 2003 þegar Baugur keypti keðjuna á 58,7 milljónir punda, tæplega 11,6 milljarða króna á gengi dagsins í dag. Þegar Baugur varð gjaldþrota gekk Landsbankinn að veðum sínum í Hamleys og eignaðist 65 prósenta hlut í keðjunni.

Hinn stóri eigandi Hamleys fyrir söluna er Rowland-fjölskyldan, eigandi Banque Havilland og einn af stærstu hluthöfum MP banka. Hún átti um 32 prósenta hlut sem hún eignaðist með því að kaupa hann út úr þrotabúi Kaupþings í Lúxemborg á um 150 milljónir króna. Hún fær nú um 3,7 milljarða króna fyrir hlutinn.

- þsj



**LEIKFÖNG** Hamleys rekur átta leikfangaverslanir í Bretlandi og á Írlandi auk fjölda annarra verslana víða um heim.




LÁTTU FAGMENN META GULLIÐ

Sérstaða okkar hjá **Jóni og Óskari** er sú að við höfum keypt og selt gull í 41 ár og búum því yfir mikilli þekkingu, reynslu og fagmennsku á þessu sviði.

Við kaupum til endurvinnslu allar tegundir af **gullskartgripum**, gamla og nýja, gullúr, tanngull, gullpeninga, hvers kyns silfur og demanta í betri skartgripagæðum.

Við bjóðum gott og alþjóðlega samkeppnishæft verð fyrir gripina og framleiðum úr öllu gulli sem við kaupum. Þannig spörum við gjaldeyri.

Komdu til okkar á **Laugaveg 61** og leyfðu okkur að veita þér **faglega ráðgjöf** sem tryggir að þú færð rétta greiningu á þínum verðmætum. **Það skiptir mestu máli.**

Við staðgreiðum allt gull en áskiljum okkur rétt til að biðja um persónuskilríki. Aðeins í verslun okkar að Laugavegi 61, virka daga milli kl. 10–18.

Góð séraðstaða þar sem gull er metið í ró og næði.

JÓN & ÓSKAR

PIPAR\TBWA • SÍA • 121816

www.jonogoskar.is Sími 5524910 / Laugavegi 61 / Kringlan / Smáralind


# Hóta árásum á Bandaríkin

**Al-Kaída fagnar dauða sendiherra Bandaríkjanna í Líbíu og kallar eftir fleiri mótmælum vegna myndar um Múhameð spámann. Þá hóta samtökin fleiri árásum, en tólf létu lífið í sjálfsmorðsárás í gær.**

**EGYPTALAND, AP** Alls er talið að hið minnsta 22 hafi látist í tengslum við mótmæli gegn kvikmynd um Múhameð spámann.

Al-Kaída í Norður-Afríku kallaði í gær eftir árásum á bandaríska embættismenn og enn fleiri mótmælum. Í tilkynningu var dauði Christophers Stevens, sendiherra Bandaríkjanna í Líbíu, lofsamaður. Þá hótuðu hryðjuverkasamtökin árásum í Alsír, Túnis, Marokkó og Máritaníu og sögðu Bandaríkjamenn hafa logið því í tíu ár að þeir háðu stríð gegn hryðjuverkum, þegar stríðinu væri í raun beint gegn íslamstrú.

Tólf dóu í sjálfsmorðsárás í Kabúl í Afganistan, þegar 22 ára gömul kona ók bíl fullum af sprengiefnum á litla rútu. Íslamskur öfgahópur hefur lýst yfir ábyrgð á árásinni og segir hana hafa verið hefnd fyrir myndina umdeildu, Sakleysi múslima. Tíu manns höfðu þegar látist í mótmælum víða um heim.

Í Pakistan komu hundruð manna saman við skrifstofur bandaríska ræðismannsins í Peshawar. Lögregla var kölluð til og að sögn hennar kom til átaka með þeim afleiðingum að bæði mótmælendur og lögreglumenn særðust. Í Kasmír-héraði var fyrirtækjum lokað og almenningssamgöngur stöðvuðust vegna mótmæla þar sem fáni Bandaríkjanna var brenndur. Lögregla beitti táragasi og kylfum á mótmælendur.

Í Indónesíu var kveikt í hjólbörðum og bandaríska fánanum fyrir utan ræðismannsskrifstofur í borginni Medan. Hundrað stúdentar komu einnig saman í borginni Makassar og kröfðust þess að kvikmyndagerðarmaðurinn Nakoula Basseley Nakoula yrði líflátinn.

Mótmæli áttu sér einnig stað fyrir utan bandaríska sendiráðið í Bangkok í Taílandi. Einnig mótmæltu um 500 Palestínumenn í austurhluta Jerúsalem og um 200 fóru að ísraelskri eftirlitsstöð.

Búið er að loka fyrir aðgang að kvikmyndinni í Líbíu, Egyptalandi, Indónesíu og Indlandi.

thorunn@frettabladid.is



**FÁNABRENNA** Bandaríski fáninn brenndur í mótmælum í Medan í Indónesíu í gær. Fjöldi múslíma kom saman fyrir utan ræðismannsskrifstofu Bandaríkjanna í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


vissir þú að... börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



TENERIFE | NÁNAR Á UU.IS



LENGJUM SUMARIÐ
ÞVÍ NÚ FER AÐ HAUSTA!

Skoðaðu verðið hjá okkur til **Tenerife** í haust



10 dagar
BROTTFÖR 26. SEPTEMBER
HESPREIA TROYA ****
VERÐDÆMI:
129.900*,-
m.v. 2 fullorðna í tvíbýli með hálfu fæði



7 dagar
BROTTFÖR 13. OKTÓBER
TROPICAL PLAYA ***
VERÐDÆMI:
99.900*,-
m.v. 2 fullorðna í stúdíóíbúð

ÚRVAL-ÚTSÝN

* Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur. ** Hálft fæði: Morgun- og kvöldmatur.

# Láttu hjartað ráða




„Himneskir lífrænir gosdrykkir úr fyrsta flokks hráefni og allir í fjölskyldunni finna eitthvað við sitt hæfi.“

Solla

BÓNUS HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus · **www.lífrænt.is**

HIMNESKT

LEYNIVOPNID







**Í SEÐLABANKANUM** Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Þórarinn G. Pétursson aðalhagfræðingur kynntu umfangsmikla skýrslu Seðlabankans um kosti í gjaldmiðilsmálum á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Krónan magnar upp sveiflur

**Óvíst þykir að fjármálastöðugleiki myndi aukast hérlendis með upptöku evrunnar að því er segir í nýrri skýrslu Seðlabankans um gjaldmiðils- og gengismál.**

**EFNAHAGSMÁL** Íslenska krónan er jafnan fremur til þess fallin að magna upp sveiflur hér á landi en að stuðla að stöðugleika. Þrátt fyrir það er óvíst hvort fjármálastöðugleiki myndi aukast hér á landi með upptöku evrunnar. Þetta er meðal þess sem er til umfjöllunar í nýju sérriti Seðlabanka Íslands sem nefnist Valkostir Íslands í gjaldmiðils- og gengismálum. Þar er fjallað um reynslu Íslands og ríkja evrusvæðisins af alþjóðlegu fjármálakreppunni og tilraun gerð til að svara þeirri spurningu hvort fjármálastöðugleiki er betur tryggður með krónu eða evru.

Eins og kunnugt er hefur alþjóðlega fjármálakreppan leikið nokkur ríki evrusvæðisins, svo sem Grikkland og Spán, grátt á síðustu misserum. Í ritinu segir að það blasi við að aðrir þættir en aðild að evrusvæðinu hafi ráðið úrslitum um áhrif kreppunnar á þjóðarbúskap einstakra ríkja. Í því samhengi má nefna að hið opinbera, heimili og fyrirtæki hafi verið mjög skuldsett og bankakerfið hlutfallslega stórt.

Enn fremur kemur fram að reynsla evruríkjanna hafi sýnt fram á að aðild að myntbandalagi geti verið vörn gegn lausafjárkreppu en um leið torveldað aðlögun í kjölfar alvarlegra áfalla í fjármálakerfinu. Þá er ekki dregin dul á að yfirstandandi fjármálakreppa hefur varpað ljósi á ákveðna kerfisgalla í evrusamstarfinu. Ef illa tekst til við lagfæringar gæti evrusvæðið í versta falli liðast í sundur en ef vel tekst til gætu umbæturnar hins vegar eflt samstarfið.

Þá er einnig fjallað um reynslu ríkja sem búa við sveigjanlegan gjaldmiðil, þar á meðal Íslands. Er í ritinu fjallað um rannsóknir sem benda til þess að sveigjanlegt gengi krónunnar sé að jafnaði fremur til þess fallið að auka sveiflur í þjóðarbúskapnum en stuðla að stöðugleika. Þá er þessi vandi ekki talinn sérstakur fyrir krónuna heldur fremur einkenni mjög lítilla gjaldmiðla en bent er á að nánast öll smáríki heims hafa valið að tengjast stærra myntsvæði.

Enn fremur kemur fram í ritinu að þessar niðurstöður útiloki ekki að sveigjanlegt gengi krónunnar geti stundum reynst gagnlegt eins og í kjölfar aflabrests eða nú í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar. Á öðrum stundum geti sveigjanleikinn þó aukið vanda eins og færa megi rök fyrir að hafi átt sér stað á fyrstu stigum fjármálakreppunnar.

Að lokum segir í riti Seðlabankans að takist evruríkjunum og ESB að leysa úr núverandi vanda evrusvæðisins sé ef til vill auðveldara að tryggja fjármálastöðugleika innan evrusvæðisins en utan þess þar sem gjaldmiðilsáhætta minnkar.

Sá mögulegi ávinningur er hins vegar talinn skilyrtur að því leyti að hagstjórn hér á landi þyrfti að einkennast af nokkurri aðhaldssemi. Þannig þyrfti meðal annars að halda opinberum skuldum í skefjum og tryggja að aðilar vinnumarkaðarins hefðu getu til að aðlagast ytri áföllum sem gæti þurft að gerast í gegnum óvinsælar launalækkanir.

magnusl@frettabladid.is


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að…
börn eiga rétt á hvíld, leikjum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra



FRÁ STEFNU TIL ÁRANGURS

Stjórnendaviðburður ársins | 20.9.2012 | Hörpu



Jeroen De Flander

Á ráðstefnunni mun **Jeroen De Flander** kynna rannsóknir sínar og vinnu með þúsundum stjórnenda um allan heim um hvernig hægt sé að taka skrefið frá stefnumörkun til aðgerðaáætlunar, frá stefnu til árangurs.

**Birna Einarsdóttir** bankastjóri Íslandsbanka og **Gylfi Sigfússon** forstjóri Eimskips segja frá sinni reynslu af innleiðingu stefnu.

Ný rannsókn verður kynnt þar sem íslenskir stjórnendur voru spurðir um innleiðingu stefnumótunar.



Birna Einarsdóttir



Gylfi Sigfússon

**Þetta er einstakur viðburður og kjörið tækifæri fyrir alla stjórnendur sem hafa áhuga á að bæta færni sína og getu til innleiðingar stefnumarkandi verkefna.**

Skráning og nánari upplýsingar á **capacent.is**

capacent 365 Íslandsbanki EIMSKIP YFIR HAFIÐ OG HEIM ICELANDAIR

Forsætisráðherra Rússlands:

## Pussy Riot verði sleppt úr haldi

**RÚSSLAND** Forsætisráðherra Rússlands, Dimitry Medvedev, vill að ungu konurnar í rússnesku pönksveitinni Pussy Riot verði látnar lausar úr haldi 1. október næstkomandi.

Forsætisráðherrann telur að það þjóni ekki tilgangi að hafa Pussy Riot lengur í fangelsi og best færi á því að skilorðsbinda afganginn af dómi þeirra.

Konurnar voru dæmdar í tveggja ára fangelsi fyrir að efna til mótmæla gegn Pútín forseta í kirkju.

Forsvarsmenn aðila vinnumarkaðarins fagna nýrri skýrslu Seðlabankans um valkosti í gjaldmiðilsmálum:

# Skýrsla Seðlabanka krefst mikillar yfirlegu

**EFNAHAGSMÁL** Forsvarsmenn aðila vinnumarkaðarins fagna nýrri skýrslu Seðlabankans um valkosti Íslands í gjaldmiðilsmálum. Framkvæmdastjóri SA segir að treysta þurfi krónuna og forseti ASÍ segir ljóst að upptaka evru sé besti kosturinn í stöðunni. Þá telja þeir báðir mikilvægt að skýrslan verði rædd.

„Mér sýnist að Seðlabankinn hafi lagt sig fram við að greina þessi mál og gert það eins faglega og unnt er. Eftir stendur sú niðurstaða að þetta sé álitamál og að rökstyðja megi tvo kosti. Annars vegar að okkur sé betur borgið í ESB með evru og hins vegar að halda krónunni,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, og heldur áfram: „Ég held að það sé rétt sem fram kemur að upptaka evrunnar er miklu fremur langtímamál en að hún sé skyndilega hrist fram úr erminni. Verkefnið til skamms tíma hlýtur því að vera að fá krónuna til að virka.“



GYLFI ARNBJÖRNSSON



VILHJÁLMUR EGILSSON

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir skýrslu Seðlabankans vandaða. „Ég held að það sé alveg klárt að niðurstaða hennar er að hagsmunum atvinnulífsins sé best borgið með upptöku evrunnar,“ segir Gylfi. „Þá er Seðlabankinn mjög opinskár í því mati sínu að reynslan af fljótandi krónu sé alls ekki góð. Hún hafi ýkt sveiflur fremur en að bregðast við þeim.“

Þá bendir Gylfi á að aðild að ESB kunni að vera ófær. Ef svo reynist sjái hann ekki hvernig fljótandi króna geti verið lausnin. „Mér finnst þess virði að skoða hvort ekki sé eðlilegt að taka aftur upp fast gengi í ljósi þeirra takmarkana sem við munum þurfa að hafa á gjaldeyrishreyfingum. Betur gekk að tryggja stöðugleika, lága verðbólgu og lága vexti með fast gengi en þegar við þurftum að fleyta krónunni á sínum tíma vegna áhættunnar af árásum spákaupmanna-,“ segir Gylfi. - mþl

Frönsk útgáfa dæmd:

## Banna myndir af hertogaynju

**FRAKKLAND, AP** Dómstóll í Frakklandi hefur bannað útgáfunni Mondadori Magazines, sem gefur meðal annars út blaðið Closer, að birta fleiri myndir af Kate hertogaynju af Cambridge berbrjósta.



HERTOGAYNJAN.

Þá var blaðið dæmt til þess að afhenda öll afrit af myndunum sem teknar voru af Katrínu. Jafnframt þarf blaðið að borga sekt ef myndir birtast aftur.

Myndirnar sem um ræðir hafa þegar birst á Írlandi og Ítalíu og eru víða á netinu. Málið sem breska konungsfjölskyldan vann í gær kemur því ekki í veg fyrir dreifingu á myndunum, en önnur lögsókn er í bígerð. - þeb

Legígræðslur í Svíþjóð:

## Dætur fengu leg úr mæðrum

**SVÍÞJÓÐ, AP Tvær sænskar konur hafa fengið grædd í sig leg sem tekin voru úr mæðrum þeirra.**

**Aðgerðirnar voru gerðar í Gautaborg um helgina. Þær verða ekki sagðar hafa gengið vel nema konunum takist að verða þungaðar eftir ár. Þær eiga báðar fósturvísa og munu ef allt gengur að óskum læknanna geta gengið með tvö börn. Að þeim meðgöngum loknum verða legin tekin úr þeim á ný.**

**Mesta hættan við þunganir af þessu tagi er að fylgjan vaxi ekki eðlilega og barnið fæðist fyrir tímann og vaxi ekki eðlilega. Þetta segir skoskur prófessor.** - þeb

Handtökur í Danmörku:

## Söfnuðu fé fyrir kúrdísk samtök

**DANMÖRK** Átta manns á aldrinum 27 til 71 árs voru handteknir í gær á Sjálandi vegna fjárhagslegs stuðnings við kúrdísku samtökin PKK sem eru á lista Evrópusambandsins yfir hryðjuverkasamtök.

Hinir handteknu eru grunaðir um að hafa á árunum 2009 til 2012 safnað tugum milljóna danskra króna fyrir PKK, að því er kemur fram á fréttavef Jyllands-Posten.

Þar er vitnað í skýrslu Evrópsku lögregluskrifstofunnar þar sem fram komi að „gjafir“ athafnamanna til PKK séu í raun ólöglegur skattur. PKK-samtökin eru sögð afla fjár með kúgunum og ólöglegri skattlagningu víða í Vestur-Evrópu. - ibs




Afmælisráðstefna
Icelandic Group

Í tilefni af 70 ára sögu félagsins og forvera þess verður sérstök afmælisráðstefna haldin í Hörpu þann 25. september. Þar munu lykilmenn í sjávarútvegs- og smásöluiðnaði fjalla um margvísleg málefni tengdum iðnaðinum.

Dagskrá

13.30 **Setning ráðstefnu og ávarp,** Herdís Fjeldsted, stjórnarformaður Icelandic Group
Ráðstefnustjóri: Lárus Ásgeirsson, forstjóri Icelandic Group

13.40 **Efnahagsleg áhrif sölusamtaka á sjávarútveginn og Ísland**
Daði Már Kristófersson, dósent, Háskóli Íslands

14.25 **Retail and Seafood** – Umræðustjóri: Anita Barker, framkvæmdastjóri Coldwater
- **Seafood from a Retailers Perspective** – Andrew Mackenzie, sölustjóri hjá Marks & Spencer
- **Highliner Foods** – Henry Demone, forstjóri Highliner Foods

15.30 **Kaffihlé**

15.50 **Seafood Branding** – Umræðustjóri: Árni Geir Pálsson, stjórnarmaður Icelandic Group
- **Saucy Fish Co.: From minnow to mammoth** – Simon Smith, sölu- og markaðsstjóri Seachill
- **The brand Icelandic** – Hjörleifur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Icelandic Iberica

17.00 **Ráðstefnuslit**

17.00–18.00 **Léttar veitingar**

Vinsamlegast hafðu samband við Lilju Valþórsdóttur (liljav@icelandic.is) fyrir kl. 14.00, 24. september til að skrá þig á ráðstefnuna. Takmarkað sætaframboð.

**Verð 7.900 kr.**

Við hlökkum til að sjá þig á ráðstefnunni.

ICELANDIC GROUP

Í lykilhlutverki í 70 ár

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skýrari línur í gjaldmiðlaumræðunni:

## Villuljósin slökkt

Skýrsla Seðlabankans um kosti Íslands í gjaldmiðils- og gengismálum er mikilvægt innlegg í umræðuna og til þess fallin að skýra línur og eyða ranghugmyndum.

Þar er til að mynda nokkuð kerfisbundið slökkt á ýmsum villuljósum um möguleika á einhliða eða tvíhliða upptöku hinna ýmsu gjaldmiðla ríkja, sem Ísland á hlutfallslega lítil viðskipti við og hafa engan áhuga á að vera í myntbandalagi með Íslandi. Þetta ætti að stuðla að því að beina umræðunni frá patentlausnum og að aðalatriðum málsins.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Seðlabankinn dregur það skýrt fram sem raunar hefur lengi legið fyrir; að í núverandi stöðu eru kostir Íslands tveir. Annar er sá að búa áfram við krónuna en styrkja hagstjórnina. Hinn er að taka upp evru eftir inngöngu í Evrópusambandið.

Í skýrslunni segir: „Það virðist því skynsamlegt að halda um hríð áfram á þeirri braut sem fetuð hefur verið að undanförnu að þróa og skýra þessa tvo kosti, annars vegar með því að vinna af krafti að endurbættum ramma um krónuna og hins vegar í gegnum aðildarumsókn Íslands að ESB.“

Seðlabankinn bendir á það augljósa, að hvorugur kosturinn er gallalaus. Galla krónunnar þekkjum við vel. Hún hefur magnað sveiflur í þjóðarbúskapnum fremur en að draga úr þeim. Með gengisfellingum hafa fjármunir verið fluttir frá almenningi til útflutningsfyrirtækja. Sjálfstæð mynt hefur ýtt undir verðbólgu og verðtrygging fjárskuldbindinga orðið ill og óvinsæl nauðsyn. Krónan gefur aftur á móti kost á sjálfstæðri peningamálastefnu.

Með upptöku evrunnar yrði því sjálfstæði fórnað. Mat Seðlabankans er hins vegar að með evru myndu milliríkjaviðskipti Íslands örvast og þjóðartekjur hækka, vextir lækka, samkeppni og verðvitund neytenda vaxa og auðveldara yrði fyrir fyrirtæki að sækja á stærri markaði.

Seðlabankinn bendir á leiðir til að auka aga í hagstjórninni til þess að búandi yrði við krónuna áfram. Hann dregur aftur á móti líka fram að fyrri tilraunir til að reka hér árangursríka, sjálfstæða peningamálastefnu hafa klúðrazt. Með evrunni fengist sá agi í hagstjórnina sem leiðir af hinu alþjóðlega samstarfi um gjaldmiðilinn. Upptaka evru yrði ekki möguleg fyrr en eftir nokkur ár og á þeim tíma kemur væntanlega í ljós hvort Evrópusambandið nær að stoppa í götin í regluverki evrunnar og herða agann í sameiginlegri fjármálastjórn sambandsins.

Það blasir við að skynsamlegasta leiðin í stöðunni er að leitast við að styrkja umgjörð krónunnar til næstu ára, en stefna að upptöku evrunnar til lengri tíma litið. Eins og Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, bendir á í Fréttablaðinu í gær, eru aðgerðirnar sem þarf til að styrkja umgjörð krónunnar í grófum dráttum þær sömu og „geta til lengri tíma tryggt að við höfum einhverja valkosti, vilji menn hafa þá í framtíðinni“.

Auðvitað viljum við eiga valkosti í framtíðinni. Seðlabankinn slær því föstu að evran sé eini raunhæfi kosturinn sem við eigum, utan krónunnar. Takist ekki að losa gjaldeyrishöftin á meðan við búum við krónuna þarf að fara í „plan B“ eins og Már Guðmundsson seðlabankastjóri kallar það, að afnema höftin í samstarfi við Evrópusambandið og þá væntanlega sem lið í upptöku evru.

Eftir útkomu skýrslu Seðlabankans verður sú stefna margra stjórnmálamanna að útiloka sem allra fyrst eina kostinn sem við eigum annan en krónuna með því að slíta aðildarviðræðum við ESB enn óskiljanlegri en ella.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Umboð og afleiðingar

Mikið hefur verið deilt um hvert umboð fjórir þingmenn atvinnuveganefndar höfðu þegar þeir rituðu greinargerð um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða. Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sat í hópnum. Hann sagði í gær að tekist hefði að ná samkomulagi um 80 til 90% af deiluefnum og því væri óskiljanlegt ef ekki ætti að standa við samkomulagið. Í því ljósi er athyglisvert að lesa greinargerð hópsins, sem Sigurður Ingi sat í. Þar segir í niðurlagi að fyrir lægi að meðlimir hans færu með takmarkað samningsumboð „enda ljóst að skoðanir manna væru skiptar þegar að sjávarútvegsmálum kæmi“.



### Ekki bindandi

Lokasetning greinargerðarinnar er býsna skýr: „Í ljósi þessa skal það áréttað að efni greinargerðarinnar endurspeglar ekki nauðsynlega skoðanir stjórnmálaflokkanna eða flokkssystkina meðlima trúnaðarmannahópsins.“ Þessi orð Sigurðar Inga og félaga gefa ekki til kynna að greinargerðin hafi átt að vera bindandi.

### Icesave lokið

Fréttamenn þurfa ætíð að hafa það í huga að trúa ekki blint á fréttatilkynningar. Þær eru nefnilega skrifaðar af hagsmunaaðilum. Það sást berlega í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu varðandi Icesave, sem barst fjölmiðlum í gær: „Ítarlega var farið yfir tilurð tilskipunarinnar og sýnt fram á að innstæðutryggingakerfið rís ekki undir stórfelldu bankaáfalli…“ Þar höfum við það. Icesave er lokið, búið er að sýna fram á hið rétta. kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Hverju er nauðsynlegt að fórna?

Náttúruvernd



Inga Sigrún Atladóttir
forseti bæjarstjórnar í sveitarfélaginu Vogum

Nú er fagnað á Suðurnesjum og færðar fréttir af því að álver í Helguvík verði brátt að veruleika. Í gleðinni virðast menn hafa misst sjónar á framtíðarhagsmunum og vera tilbúnir að kveðja Reykjanesskagann eins og fólk þekkir hann í dag.

Álverið mun skapa fjölda starfa, um það þarf ekki að deila. Það þarf atvinnu á Suðurnesjum, það þurfum við heldur ekki að deila um. En… atvinnuuppbygging sem fylgir álveri í Helguvík mun kosta 8-16 jarðhitavirkjanir á skaganum sem tengdar verða saman með tilheyrandi mannvirkjum. Jarðhitavirkjunum fylgja borstæði, brennisteinsmengun, hitaveiturör, vegir og lón með affallsvatni. Uppbyggingin mun einnig þurfa tvöfalda röð af þrjátíu metra háum stálmöstrum eftir endilöngum Reykjanesskaganum ásamt tengivirkjum.

Ég geri mér grein fyrir því að það er ekki alltaf hægt að fá ýtrustu kröfum sínum fullnægt og það hef ég aldrei látið mig dreyma um. En er þetta nauðsynlegur fórnarkostnaður? Geta virkjunarsinnar ekki sýnt framandi sjónarmiðum smá virðingu og hugsað sér að landið geti verið einhvers virði þó það sé ekki fullt af rörum og staurum?

Ég hef fyrst og fremst komið að þessu máli með því að reyna að fá Landsnet til að skoða hugmyndir um sæstreng eða jarðstreng út í Helguvík. Ég hef líka rætt um að fá raflínur færðar til svo svæði innan Sveitarfélagsins Voga sem er fyrir ofan Reykjanesbraut verði ekki óhæft til nýtingar. Kröfum um allt slíkt hefur verið mætt með fyrirlitningu á skoðunum sem bera minnsta einkenni náttúruverndar og virðingarleysi fyrir annars konar nýtingaráformum en þeim sem fela í sér línur og línuvegi.

Ég á erfitt með að sætta mig við að Suðurnesjamenn vilji búa í umhverfi þar sem fyrirætlanir eru um stóraukna brennisteinsmengun, aukna tíðni jarðskjálfta og stórar og öflugar raflínur með tilheyrandi segulsviði. Ég á erfitt með að trúa því að Íslendingar vilji í raun og veru sjá eitt samfellt orkuvinnslusvæði eftir öllum Reykjanesskaganum. Þetta er ekki bara einkamál náttúruverndarsinna, sveitarstjórnamanna á Suðurnesjum, erlendra ferðamanna eða landeigenda. Þetta er spurning um heilsufar og lífsgæði og spurning um hvort við erum öll tilbúin að kveðja Reykjanesskagann eins og við þekkjum hann í dag.

Og þessi grein er ekki bara létt hugvekja – hún er ákall um hjálp.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Heilsugæsla í kreppu

Heilbrigðismál

Oddur Steinarsson
yfirlæknir og framkvæmdastjóri Kortedala Vårdcentral och BVC í Gautaborg



Heimilislækningar eru samkvæmt fjölmörgum erlendum rannsóknum sú læknisþjónusta sem hagkvæmast er að veita. Á sama tíma er framvörður heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi, heilsugæslan, á hraðri niðurleið. Aukinn skortur á sérfræðingum í faginu er staðreynd og margar heilsugæslustöðvar úti á landi hafa ekki lengur sérfræðinga í heimilislækningum í vinnu.

Hér í Svíþjóð fengju heilsugæslurnar ekki að halda í starfsleyfi sitt af þessum sökum, þeim yrði lokað eða gert að kalla sig öðru nafni. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsti fyrir nokkru eftir sjö sérfræðingum í heimilislækningum og enginn sótti um.

Á sama tíma njóta Íslendingar nú þess vafasama heiðurs að vera ein af feitustu þjóðum heims og halda áfram að fitna. Sykursýki eykst af þessum sökum og með sama áframhaldi mun kostnaðurinn af þessu, með aukinni þörf á sérhæfðri heilbrigðisþjónustu, verða þjóðinni gríðarlega kostnaðarsamur og óvíst að heilbrigðiskerfið muni standa undir þörfinni. Mestallt orsakað af röngu mataræði og hreyfingarleysi sem hægt er að fyrirbyggja.

Síðustu árin hafa frændþjóðir okkar, Norðmenn og Svíar, lagt mikla vinnu í að snúa við þessari þróun og hafa lagt áherslu á að styrkja heilsugæsluna. Í þessum löndum hafa verið gerðar kerfisbreytingar þar sem vægi verktakarekstrar er aukinn. Hér í Svíþjóð var svokallað Vårdval innleitt á árunum 2007-2009 þar sem opnað var fyrir samkeppni og skjólstæðingarnir fá frjálst val hvert þeir sækja sína þjónustu. Þessi kerfisbreyting hefur orðið til þess að auka áhuga lækna fyrir heimilislækningum og hefur fjöldi námslækna hér í Gautaborg og nágrenni tvöfaldast á þeim þremur árum sem liðin eru frá því að breytingin komst á. Aðgengi hefur batnað að heilsugæslunni án þess að kostnaðurinn hafi aukist. Í stórum samanburðarkönnunum hér í Svíþjóð hefur verið lagt mat á hvernig skjólstæðingarnir upplifa þjónustuna og hafa niðurstöðurnar verið þær að gæði þjónustunnar séu mest á minni einkareknum stöðvum. Reynslan sýnir því að þessar kerfisbreytingar hafa styrkt mjög heilsugæsluna bæði í Noregi og hér í Svíþjóð.

> Hér í Svíþjóð fengju heilsugæslurnar ekki að halda í starfsleyfi sitt af þessum sökum, þeim yrði lokað eða gert að kalla sig öðru nafni.

Nýverið komu fram hugmyndir á Alþingi Íslendinga um að banna einkarekstur innan heilbrigðiskerfisins.

Hugmyndir þessar ganga þvert á jákvæða reynslu frændþjóða okkar af kerfisbreytingum í heilsugæslunni, meðan þörfin fyrir styrkingu heilsugæslunnar á Íslandi hefur aldrei verið meiri en nú.

Ég hvet því ráðamenn til þess að kynna sér reynslu frændþjóða okkar og nýta þær aðferðir sem virka til uppbyggingar öflugrar heilsugæslu á Íslandi.

# Byssa og stígvél

Þróunarsamvinna

Hildur Eir Bolladóttir
prestur



Ég er bara 8 ára og stend í grænmetisdeildinni í Hagkaup með glænýja vatnsbyssu í hendinni þegar jafnaldra mín vindur sér að mér eins og sjálfskipaður friðargæsluliði og segir: „Átt þú þessa byssu?“ „Já,“ svara ég hróðug. „Asnaleg byssa.“ Að þeim orðum sögðum er hún horfin á braut. Ég er ósátt, geng hröðum skrefum gegnum búðina í leit að bráðinni, sé hvar hún stendur við hraðkassann ásamt móður sinni og meðan reiðin blæs í seglin, kem ég auga á höggstaðinn. „Átt þú þessi stígvél?“ spyr ég og bendi valdsmannslega með byssunni í átt að rósbleikum stígvélum stúlkunnar. „Já,“ svarar hún og röddin er lítil og skræk. „Asnaleg stígvél,“ svara ég, hringa byssuna niður í beltið og geng sigri hrósandi burt, í leit að mömmu.

Manneskjan býr yfir vissum stríðsþorsta, við erum t.a.m. einu lífverur heimsins, sem geta mundað vopn, innra með okkur bærist þráin eftir því að hafa völd og eiga síðasta orðið en sú þrá tekst líka á við óskina um öryggi og frið. Þessi litla saga úr æsku minni er bara kómísk birtingarmynd miklu stærri og erfiðari veruleika. Hún opinberar kannski heimskuna eina og sér.

Ísland býr yfir mestu og bestu auðlind heimsins sem er friður. Vissulega geisar víða stríð í persónulegu lífi fólks en sem samfélag njótum við friðar. Um leið og við tökum við upplýsingum og fréttamyndum af bræðrum okkar og systrum á Sýrlandi, og víðar sem lifa nú hreint helvíti, veltum við því fyrir okkur hvar heppilegast sé að virkja næst og byggja stóriðju. Samt er ekkert sem minnir okkur meira á þann frið sem allir þrá en náttúra þessa lands.

Náttúra Íslands er opinberun þess sem verður þegar lífið fær að dafna í friði. Ábyrgð okkar sem samfélags er að standa vörð um stærstu auðlind okkar og leyfa henni að fóstra fjöregg lífsins. Verum friðarþjóð.





Heimsferðir bjóða einstakt tilboð á Hotel ISIS Resort ***** í Bodrum í Tyrklandi.

Frá 99.800 kr.
ISIS Resort ***** með allt innifalið í 10 nætur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 123.800 á mann.
Sértilboð 25. september í 10 nætur.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is






Stórbrotin og ægifögur skíðasvæði í austurrísku Ölpunum í vel samsettum pakkaferðum við allra hæfi.

Verð frá, á mann í tvíbýli: 156.990 kr.

Innifalið er flug með sköttum og gjöldum, hótel með ½ fæði, frítt fyrir skíði og 1 tösku (20 kg) og akstur til og frá flugvelli.

Bókanir og nánari upplýsingar á wowferdir.is og í síma 590 3000

wowferdir.is
WOW FERÐIR

# Faxaflóahafnir – Hafnarfjarðarhöfn – sameining?

Hafnir



Ó. Ingi Tómasson

varabæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði

Hafnirnar í Reykjavík, Akranesi, Borgarnesi og Grundartanga sameinuðust árið 2000 í eitt fyrirtæki, Faxaflóahafnir. Reynslan af sameiningunni er góð, verulegir fjármunir hafa sparast og sveitarfélög þessara hafna notið góðs af þessari ákvörðun. Annað gott dæmi um vel heppnaða sameiningu er þegar Slökkvilið Reykjavíkur og Hafnarfjarðar sameinuðust og úr varð Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Í ljósi þessa er athyglisvert að velta því fyrir sér hvort við Hafnfirðingar ættum að hefja viðræður við Faxaflóahafnir um sameiningu eða samstarf.

**Hafnirnar**

Hafnarfjarðarhöfn er í mikilli samkeppni við Faxaflóahafnir, en vegna stærðar sinnar eru þær síðarnefndu í yfirburðastöðu. Tölur úr ársreikningi hafnanna árið 2011 sýna þetta ef til vill best.

**Úr ársreikningi 2011**

| | Hafnarfjarðarhöfn | Faxaflóahafnir |
|---|---|---|
| Tekjur | 411,5 | 2.450 |
| Gjöld m.fjárm.liðum | 413,3 | 2.100 |
| Skuldir | 1.300,0 | 2.200 |
| Handbært fé | 25,4 | 748,2 |

*(Allar tölur eru í milljónum króna.)*

Ekki er saman að líkja aðstöðu til löndunar og uppskipunar þar sem mikil uppbygging hefur farið fram á undanförnum árum hjá Faxaflóahöfnum en hvorki hafa verið til fjármunir hjá höfninni sjálfri né áhugi hjá einkaaðilum að byggja upp í Hafnarfjarðarhöfn. Höfnin var á árum áður helsti burðarás í atvinnulífi Hafnfirðinga, hin síðari ár hefur skipakomum og löndunum fiskiskipa fækkað. Ráðist var í miklar fjárfestingar þegar ákveðið var að stækka hafnarsvæðið við Hvaleyrina. Landfylling var um 23 ha. og hafnarbakkinn var lengdur um 620 metra. Heildarlegupláss við Hafnarfjarðarhöfn er um 1.200 m. Áætlanir gerðu ráð fyrir aukinni starfssemi í og við Hafnarfjarðarhöfn en því miður hafa þær áætlanir ekki gengið eftir og er stór hluti landfyllingarinnar nýttur undir geymslupláss og húsnæði sem lítil starfsemi er í. Þá er nýting á leguplássi við hafnarbakkana langt undir væntingum. Eftir stendur hafnarmannvirki að verðmati um 3 milljarðar kr.

**Ávinningur sameiningar**

Þegar hugað er að framtíð hafnarsvæðis okkar Hafnfirðinga þá ber að líta til þess að hér er um gríðarlega verðmætt land og bakka að ræða sem eru vannýtt. Viðræður við Faxaflóahafnir munu snúast um sameiningu hafnanna (eignir og skuldir) eða sameiningu án skilgreindra lóða. Við sameiningu gæti sparnaður fyrir báðar hafnir orðið verulegur. Verði af sameiningu má gera ráð fyrir aukinni skipaumferð og starfsemi við höfnina þar sem Faxaflóahafnir munu nýta sér hið verðmæta land og bakka sem eru til staðar hjá Hafnarfjarðarhöfn. Þá gæti löngu tímabær uppbygging smábátahafnarinnar orðið að veruleika. Jafnframt má gera ráð fyrir tekjuaukningu til bæjarins vegna aukinna fasteignagjalda og annarra gjalda er tengjast starfsemi hafnarinnar. Komi ekki til nýrra tækifæra hjá Hafnarfjarðarhöfn þurfa Hafnfirðingar að gera upp við sig hver framtíð hafnarsvæðisins á að vera.

# Á náttúran að njóta vafans eða ekki?

Náttúruvernd



Bergur Hauksson

lög- og viðskiptafræðingur

Ég fór í bíó að sjá mynd Herdísar Þorvaldsdóttur, Fjallkonan hrópar á vægð. Myndin er bæði skemmtileg og fræðandi. Einnig dáist maður að þeirri elju sem Herdís hefur sýnt þessu áhugamáli sínu, og hún sagðist ekki hætt.

Herdís ræddi við margt fólk í myndinni. Meðal annars ræddi Herdís við umhverfisráðherra og Herdís spurði hvers vegna ekki væri búið að taka á lausagöngu búfjár. Umhverfisráðherra svaraði því til að það væri ekki vísindalega sannað að lausaganga búfjár ylli uppfoki lands. Einnig sagði ráðherra að það væri Sjálfstæðisflokknum að kenna að ekki væri búið að skipta landinu í beitarhólf. Ábyggilega er það rétt að Sjálfstæðisflokkurinn ber einhverja ábyrgð á því að ekki hefur verið hugað að þessum málum. Sjálfstæðisflokkurinn er hins vegar ekki við völd núna.

Umhverfisráðherra hefur verið á móti virkjunum og jafnvel brotið lög til að ná þeim vilja sínum fram að ekki sé virkjað. Þegar virkjanir hafa verið til umræðu þá hefur umhverfisráðherra sagt að náttúran skuli njóta vafans. Nú virtist vafinn ekki vera nothæfur lengur, nú þarf að sanna það vísindalega að náttúran verði fyrir skaða.



**FLESTIR DÝRAGARÐAR Í ÞÝSKALANDI**
**Þjóðverjar státa af flestum dýragörðum í heimi en þeir eru 414 talsins. Dýragarðurinn í Berlín státar af flestum dýrategundum en þær eru yfir 1500.**


Vandaðir þýskir herraskór úr leðri í úrvali
Til dæmis: Teg: 305302/241 - Litur: svart - Stærðir: 40 - 47
Verð: 15.885.-
Misty skór Laugavegi 178
Vertu vinur
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is



BRÚÐKAUPSGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum
TILBOÐ
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



Glæsilegt úrval af sundfatnaði.
Verð frá 6.800-17.300 kr.
Nýtt kortatímabil.
Selena
Suðurlandsbraut 50 • Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS




# HIMNESKIR HREINDÝRABORGARAR

**TEXASBORGARAR KYNNA** *Nýjasti rétturinn á matseðli Texasborgara er hreindýrahamborgari. Staðurinn nýtur sívaxandi vinsælda og á marga fasta viðskiptavini sem kjósa gæðahamborgara á góðu verði.*

Hamborgarar mánaðarins á Texasborgurum við Grandagarð taka gjarnan mið af árstíðunum og því hráefni sem best býðst hverju sinni. Magnúsi Inga Magnússyni veitingamanni fannst því blasa við að bjóða upp á hamborgara úr hreinni íslenskri villibráð nú í haust. Nýjasti rétturinn er gómsætur hreindýraborgari. „Við fáum frábært hreindýrakjöt frá Snæfelli fyrir austan og mótum hamborgara úr 100% gæðahakki,“ segir Magnús Ingi. „Borgararnir eru grillaðir á funheitu grilli til að kjötið njóti sín sem best. Við berum þá svo fram í hamborgarabrauði með kryddsósu, týtuberjarjómaosti, jöklasalati, rauðlauk, tómötum og djúpsteiktum lauk og franskar fylgja að sjálfsögðu með. Þetta er ekta íslensk villibráð í girnilegum búningi og kostar ekki nema 1.490 kr.“

Hamborgararnir eru heimagerðir og stórir, 140 gr., úr 100% gæðahráefni án allra aukaefna. Á matseðlinum er að finna ýmsar útgáfur af klassískum nautaborgurum en líka ostafyllta borgara með camembert, gráðosti eða cheddar, lambaborgara, laxaborgara og grænmetisborgara. Bæði er hægt að borða á staðnum og panta og taka matinn með sér heim. Auk þess er boðið upp á veisluþjónustu þannig að fólk getur fengið allt sem þarf í grillveisluna í einum pakka.

„Við lögðum upp með að opna klassíska ameríska hamborgarabúllu þar sem allt er vel útilátið en verðið ekki mikið hærra en í sjoppu,“ segir Magnús Ingi.

Texasborgarar eru bæði með vefsíðu, Texasborgarar.is, og á Facebook þar sem hægt er að kynna sér allt um þennan funheita stað við gömlu höfnina.

**HREINDÝR** Hreindýraborgari fæst nú hjá Texasborgurum við Grandagarð. MYND/GVA



**GOTT ÚRVAL** Mikið úrval ljúffengra hamborgara er á matseðli Texasborgara.


Tilboð
Candy EVOC 570 BS
• Þurrkari barkalaus 7 kg
• Tvíátta barkalaus þurrkari
• Hurðaropnun 180°
• Kaldur blástur og krumpuvörn
• Orkuflokkur B
74.990
Verð áður 89.990

Tilboð
Candy EVO 1482 DS
• Þvottavél 1400sn 8kg A+
• Hitastillir 30-90°
• Hurðaropnun 180°
• Hraðkerfi 30-44 mínútur
• Ullarkerfi og skolstopp
• Þvotthæfni A
• Orkunýtni A+
• Vinduhæfni A
84.990
Verð áður 99.990

CANDY
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



**ÚTITÓNLEIKAR** Stelpurnar héldu óvænta útitónleika á öllum þeim stöðum sem þær komu á fyrir gesti og gangandi og vöktu mikla lukku.



**FRÆGAR** Stelpunum fannst þær vera frægari en Colosseum þegar fólk fylgdist með þeim spila fyrir utan bygginguna þekktu.

# ÆVINTÝRI Á ÍTALÍU

**TÓNLEIKAFERÐ** *Hópur flautustelpna úr þremur tónlistarskólum hélt í ævintýraferð til Ítalíu í ágúst síðastliðnum ásamt kennara sínum, Pamelu De Sensi.*

Hjá átta nemendum úr Tónlistarskóla Kópavogs, Tónskóla Sigursveins og Tónlistarskóla Árnesinga varð tveggja ára draumur að veruleika í ágúst síðastliðnum en þá héldu þeir í ferð til Ítalíu. Búið var að safna fyrir ferðinni á ýmsan hátt, meðal annars með því að halda tónleika. „Ég lofaði stelpunum að fara í þessa ferð til míns heimalands, Ítalíu, til að spila á tónleikum og fara á tónlistarnámskeið,“ segir Pamela De Sensi, tónlistarkennari sem fór með stelpunum í ferðina sem reyndist vera hin mesta ævintýraferð.

„Við lentum í fyrsta ævintýrinu strax í Leifsstöð þegar við vorum á leiðinni út. Þá spiluðu stelpurnar óvænt nokkur lög fyrir gesti og gangandi. Fólk hafði gaman af þessu og við vöktum mikla athygli. Meðal þeirra sem sáu okkur þarna var maður frá Zürich sem bauð okkur í kjölfarið að taka þátt í tónlistarhátíð fyrir ungt fólk þar í borg næsta sumar. Vonandi getum við þegið boðið því það verður eflaust gaman og mikil reynsla fyrir stelpurnar.“

Hópurinn hélt svo til Mílanó þar sem gist var í tvo daga. Þar, sem og annars staðar þar sem hópurinn var, voru haldnir óvæntir útitónleikar á götum úti. „Það var haldið til Feneyja þar sem við spiluðum á Markúsartorginu og vöktum mikla athygli. Fólk sem beið í biðröð eftir að komast inn í kirkjuna fór að safnast í kringum okkur og hlusta. Þetta var algjör draumur fyrir stelpurnar. Það sama má segja um tónleikana sem við héldum í Róm. Þá spiluðum við fyrir utan Colosseum og fólk sneri sér að okkur og hlustaði og beið með að fara inn í bygginguna frægu. Þá varð einni stelpu að orði: „Við erum frægari en Colosseum.“

Ævintýrinu var ekki lokið því þeir tónleikar voru teknir upp fyrir tilviljun af suður-amerískri sjónvarpsstöð sem var þar til að gera heimildarþátt um Colosseum. „Þeir höfðu svo samband við okkur og fengu leyfi til að birta okkur í þættinum þannig að íslenskir flautuleikarar verða í suður-amerísku sjónvarpi í október,“ segir Pamela og hlær.

Hópurinn endaði ferðina svo í San Gemini þar sem stúlkurnar voru á námskeiði. „Þar var spilað í fimm klukkustundir á dag í tíu daga. Þetta var mikil vinna en jafnframt mjög skemmtilegt.“

■ lilja.bjork@365.is



**TÓNLISTARKENNARI** Pamela de Sensi fór með hópi stúlkna, sem hún kennir að spila á flautur, til Ítalíu sem er hennar föðurland. MYND/ANTON BRINK

## TILBOÐ Í LEIFSSTÖÐ

„Við lentum í fyrsta ævintýrinu strax í Leifsstöð þegar við vorum á leiðinni út.“

**FÓLK** ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir elsaj@365.is** s. 512-5427







SKATTFRAMTALSGERÐ & ÁRSREIKNINGAR
Lokafrestur til að skila skattframtali lögaðila er 20. september
APOLLON BÓKHALDS & REKSTRARÞJÓNUSTA
Sími 571 9555 www.apl.is
Borgartúni 28 105 Reykjavík

Meirapróf



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Nýtt námskeið hefst 26. september

Fararstjórn erlendis
Meðal námsefnis:
- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.
Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.
**Leiðbeinendur eru:** Kjartan Trausti Sigurðsson fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður og fararstjóri, Höskuldur Frímannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í. , Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.
Ferðamálaskóli Íslands
Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

NÝTT OG ENN BETRA
PRÓGASTRÓ
Góð melting er undirstaða að góðu dagsformi
UPPLIFÐU MUNINN!
PRÓGASTRÓ DDS PLÚS 3 -inniheldur m.a. hinn öfluga DDS1 asídófílus sem er bæði gall- og sýruþolin.
PRÓGASTRÓ DDS PLÚS 3 -er sannkölluð himnasending fyrir meltinguna, bætir og byggir meltingarflóruna og hefur reynst vel þeim sem þjást m.a. af meltingarkrampa, uppþembu, kandíta, lausri og tregri meltingu.
PRÓGASTRÓ kemur í 100 hylkja glerglösum með íslenskum leiðbeiningum



100% NÁTTÚRULEGT
Þessi vara er laus við: Mjólk, Glúten, Sykur, Soja, Rotvarnarefni
Fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna
www.gengurvel.is
PRENTUN.IS




FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP
FIMM ÚTVARPSSTÖÐVAR Í BEINNI
vísir - oft á dag

MIÐVIKUDAGUR 19. SEPTEMBER 2012

# SPARNEYTNIR BÍLAR

**Kynningarblað** Dísilbílar, rafbílar, metanbílar, tvinnbílar, smábílar og aðrir eyðslugrannir bílar.




# Nú er enn þá lengra í tóman tank á Chevrolet Aveo

Chevrolet Aveo Eco fæst nú með ótrúlega sparneytinni dísilvél sem eyðir aðeins 3,6 lítrum á hundraðið. Hann hefur hlotið viðurnefnið draumabíll foreldranna og er fyrsti smábíllinn sem fengið hefur fimm stjörnur í öllum árekstrarprófum, bæði í Evrópu og Ameríku.








Chevrolet Aveo er nú fáanlegur með dísilvél sem eyðir ekki nema 3,6 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri. Hann er öruggasti bíllinn í sínum flokki og einkar glæsilega hannaður, hlaðinn aukabúnaði og á góðu verði.

### Öryggi öllu framar

Enginn bíll hefur fengið jafn háa einkunn í árekstrarprófunum líkt og Chevrolet Aveo. „Hann fékk fimm stjörnur í öllum flokkum árekstrarprófa, bæði í Evrópu og Ameríku. Þetta á við bæði hvað varðar öryggi farþega og ökumanns," segir Benedikt Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Bílabúðar Benna.

### Öflug dísilvél og góðir aksturseiginleikar

Vélin í Chevrolet Aveo er 1,3 lítra dísilvél sem gerir það að verkum að aflið er mikið, eða 95 hestöfl, sem er töluvert fyrir bíl sem vegur ekki meira en 1.200 kíló. Eldsneytiseyðsla þessarar öflugu nettu vélar er lítil, eða ekki nema 3,6 lítrar á hverja hundrað ekna kílómetra í blönduðum akstri. Í langkeyrslu eyðir hann enn minna. Stýringin er einkar stefnuföst og hún, ásamt fínstilltu fjöðrunarkerfi, skilar þér ánægjulegri akstursupplifun og nákvæmni í akstri. Í borgarakstri er fullkomið samræmi milli sparneytni og snerpu sem tryggir þægindi, afkastagetu og litla eldsneytisnotkun.

### Glæsileg hönnun

Bíllinn er fimm dyra með sportlega yfirbyggingu og svipmótið er í senn glæsilegt og kraftalegt. „Það er ofsalega þéttur og flottur frágangur á öllu, þannig að tilfinningin er að maður sitji í margra milljóna króna lúxusbíl."

### Hlaðinn aukabúnaði

Þótt Aveo sé á góðu verði, bjóði besta öryggi sem völ er á og sé sparneytinn, lætur Chevrolet ekki þar við sitja heldur hleður aukahlutum á bílinn. „Aveo er með „cruise control", útvarpsstillingar í stýrinu og sérstakt hólf með tengi fyrir ipod eða mp3-spilara sem svo er hægt að stjórna frá stýri. Auðvitað er hann svo með rafmagn í rúðum og speglum, fjarstýrðum samlæsingum, hita í sætum, hitamæli og armpúða á ökumannssæti auk fleiri þæginda."

### Startstopp-tækni

Aveo er búinn svokallaðri startstopptækni sem virkar þannig að þegar stigið er á kúplinguna og bíllinn er í kyrrstöðu drepur vélin á sér, til dæmis á rauðu ljósi. Þegar kúplingunni er svo sleppt fer vélin aftur í gang. Tæknin dregur þannig úr mengun og eyðslu eldsneytis.

## DRAUMABÍLL FORELDRANNA

**Nýlega greindi** bílavefmiðillinn vroomgirls.com frá niðurstöðum ítarlegrar úttektar á því sem aðstandendur hans nefna bestu unglingabílana. Horft var til margra mismunandi þátta; sparneytni, verðs, útlits, innra rýmis, notagildis og öryggis. Sex bílar komust í úrslit, þar á meðal Aveo. Í úttektinni hlaut hann viðurnefnið „draumabíll foreldra". Þar réði valinu umhyggja foreldra um öryggi barna sinna á vegunum, enda fyrsti smábíllinn sem hlýtur fimm stjörnur á árekstrarprófum bæði í Bandaríkjunum og Evrópu.

„Foreldrar vilja auðvitað að börnin sín séu örugg þótt þau séu á litlum bíl. Chervolet Aveo veitir mesta öryggið af öllum þeim bílum sem í boði eru af þessari stærð, eyðir svo til engu og er glæsilega hannaður."












# Umhverfisvænir bílar í öllum stærðarflokkum hjá Opel

Íslendingar hafa farið á mis við trausta gæðinga Opel í hartnær fjögur ár. Þökk sé **BL** halda þeir nú innreið sína á Íslandsmarkað á ný með ómótstæðilegt úrval traustra og glæsilegra bíla. Þar á meðal er Bíll ársins 2012 í Evrópu; rafbíllinn Opel Ampera sem fylgir bylting í sparneytni og umhverfisvitund. Nýr sýningarsalur Opel var opnaður nú í sumar í Ármúla 17.

Opel býr yfir traustum, fallegum og dugandi bílum sem ár eftir ár tróna í efstu sætum yfir söluhæstu bíla Evrópu. Það segir sitt um endingu og gæði Opel og því fagnaðarefni að fá aftur nýja bíla frá Opel í BL,“ segir Hörður Þ. Harðarson, sölustjóri Opel hjá BL.

Í tilefni innreiðar Opel á Íslandsmarkað hefur BL opnað glæsilegan Opel-sýningarsal í Ármúla 17. Þar má sjá nýjustu línur Opel Corsa, Opel Astra, Opel Zafira og Opel Insigna sem kosinn var bíll ársins 2009 í Evrópu og hefur ekki sést áður á Íslandi. „Síðast en ekki síst má nefna rafbílinn Opel Ampera sem hefur bensínvél sem drægnisauka sem aka má allt að 560 kílómetra á fullri hleðslu og fullum tanki sem síðan er fyllt á aftur og áfram haldið án þess að þurfa að stinga í samband. Annars fer bíllinn allt að 80 kílómetra. á hleðslunni einni saman en hver hleðsla kostar ekki nema rúmar 100 krónur. Þannig að ef bíllinn er einungis notaður á rafhlöðunni kostar það ekki nema 36.500 krónur á ári.“




BL hefur opnað glæsilegan Opel sýningarsal í Ármúla. Guðmundur Finnbjarnarson sölumaður og Hörður Þ. Harðarson, sölustjóri Opel hjá BL. MYND/ANTON

## Breið vörulína

Hörður segir BL bjóða upp á breiða vörulínu frá Opel en bílarnir eiga það sameiginlegt að vera sparneytnir og glæsilega hannaðir. „Við bjóðum upp á sparneytna bíla í öllum stærðarflokkum, allt frá smábílum til sjö manna bíla. Það telst vissulega til tíðinda hérlendis að umboðin bjóði upp á jafn fjölbreytt úrval þegar kemur að sparneytnum „grænum“ bílum.“

Hörður nefnir sem dæmi Opel Corsa sem er bæði seldur sem bensín- og dísilbíll. „Dísilbíllinn er umhverfisvænni og með aðeins 95 grömm í útblæstri. Bensínbíllinn er einnig svokallaður klukkubíll með eyðslu upp á 5,1 lítra. Þetta eru því umhverfisvænir bílar.“

Opel Astra er annað dæmi um umhverfisvænan bíl segir Hörður. „Astra er í boði sem 5-dyra hlaðbakur og 5-dyra wagon. Dísilbílinn er 130 hestöfl en engu að síður með 95 grömm í útblæstri sem er ansi lítið fyrir svo stóran bíl auk þess sem hann hefur eyðslu upp á 3,7 lítra.“

Opel Insigna var kosinn bíll ársins í Evrópu árið 2009. Bíllinn hefur ekki áður verið í sölu hérlendis segir Hörður. „Insigna hefur meðal annars tveggja lítra vél og er 130 hestöfl. Hann hefur einungis 114 grömm í útblástur og eyðir bara 4,4 lítrum á hundraði og fær frítt í stæði í höfuðborginni.“ Bíllinn er einnig í boði með stærri 160 hestafla vél og sjálfskiptur. Insignia er í boði 4-dyra og 5-dyra og einnig í wagon-útgáfu.

Opel leggur einnig mikið upp úr hagkvæmum en öflugum dísilvélum. Þannig eru flestir grænir bílar í dag með 1,5-1,7 lítra vél en Opelbílarnir eru með 2,0 lítra vél. „Þetta er alvöru afl en samt um leið grænar vélar.“

Einn af nýju bílunum í Opelflotanum er Opel Zafira Tourer. Um er að ræða sjö manna bíl sem er mun rúmbetri en forverinn auk þess að hafa nýtt útlit. „Bíllinn er komin í sölu hjá okkur. Hann er beinskiptur og um leið grænn bíll með tveggja lítra mótor, 130 hestöfl og 4,5 lítra í eyðslu sem er ansi gott fyrir sjö manna bíl.“ Zafiran er líka í boði sjálfskiptur og í Cosmo-útgáfu sem er með panorama-framrúðu og glerþaki ásamt að vera með flottara sætafyrirkomulagi. Bíllinn verður til sýnis um helgina.

## Umhverfisvænni neytendur

Að sögn Harðar eru neytendur almennt að verða umhverfisvænni þegar kemur að ákvörðunum um bílakaup. „Fólk spáir miklu meira í þessum þætti en áður. Fjármögnunarfyrirtækin verðlauna líka lántakendur sem kaupa græna bíla enda engin lántökugjöld á slíkum bílum. Þetta er umtalsverður sparnaður eða um 70.000-100.000 krónur.“

Opel-bílar hafa ekki verið seldir hérlendis síðan árið 2008. Hörður segir marga fagna endurkomu bílanna enda nutu þeir mikilla vinsælda áður fyrr. Opel-bílar eru þýskir í gegn enda hannaðir og smíðaðir í Þýskalandi. Frágangur og efnisval Opel er einfaldlega í lúxusflokki og hægt að fullyrða að gæði Opel eru eins og þau gerast best að sögn Harðar. „Hönnun bílanna er frábær og mikið er lagt upp úr öryggisþættinum og allir bílarnir með fimm stjörnur í árekstrarprófunum. Einangrunin er líka mjög góð. Þetta er góð, þýsk gæðavara út í gegn. Margar spennandi nýjungar eru á leiðinni þannig að viðskiptavinir okkar eiga von á góðu í vetur.“

Nýr sýningarsalur var opnaður í Ármúla 17 fyrr á þessu ári. Þar má skoða fjölbreytt úrval Opel-bíla en aðra þjónustu, viðgerðir og varahluti sækja bíleigendur til höfuðstöðva BL við Sævarshöfða.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmenn auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson, tp.: benediktj@365.is, s: 512 5411. | **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# 3,7 L/100 KM SJÁLFSKIPTUR

*M.V. LANGKEYRSLU

## FJÖLSKYLDUBÍLL SEM FER HRINGINN Á EINUM TANKI!

A MENGUNARFLOKKUR
$CO_2$ ÚTBLÁSTUR 110 G/KM
er með því lægsta sem þekkist
í bílum í þessum stærðarflokki.

1428 km*
*Miðað við blandaðan akstur

SPARNEYTINN
Nýr Renault Megane með nýju 1500 rúmsentimetra dísilvélinni og 6 gíra sjálfskiptingunni er með sparneytnustu bílum sem völ er á. Hann getur ferðast 1428 km á einum tanki.




RENAULT MEGANE DÍSIL
VERÐ **3.490 ÞÚS. KR.** SJÁLFSKIPTUR

GRÆNT BÍLALÁN
Græn fjármögnun ERGO (ekkert lántökugjald)
50% útborgun 1.745 þús. kr.
Greiðsla á mánuði í 84 mán. 29.160 kr.*
Tökum þann gamla upp í nýjan!

FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

Aukabúnaður á mynd: Dynamic pakki og 17" álfelgur. *Meðalgreiðsla. Ergó Grænt bílalán í 84 mánuði, 50% útborgun, Gullkjör, óverðtryggt. Hlutfallstala kostnaðar 10,51%. www.ergo.is



### KAFFI OG REYNSLUAKSTUR

Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur. Þú þiggur kaffi og lætur sölumenn okkar aðstoða þig við að reikna út hvernig þú getur eignast nýjan sparneytinn Renault. Eftir að hafa reynsluekið Renault kemst þú að því hve lipur og vandaður bíllinn er. Komdu í heimsókn til okkar að Sævarhöfða 2 og prófaðu bílinn sem hentar þér – Sjáumst!

www.facebook.com/renault.is www.renault.is

RENAULT

**BL** Sævarhöfða 2, 525 8000
Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 / Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – Bílasala Akureyrar / 461 2533

## NÝIR FJÖLSKYLDUMEÐLIMIR HJÁ PRIUS

**Saga Prius-tvinnbílsins** hófst fyrir fjörutíu árum þegar japanski bílaframleiðandinn Toyota hugsaði til framtíðar og um hvaða bíl fyrirtækið vildi kynna til sögunnar á 21. öldinni. Framtíðarsýnin reyndist sannspá og farsæl og nú er komin til landsins þriðja kynslóð Prius-tvinnbíla auk Prius-rafbíls að hluta.

**„Prius kom** fyrst til landsins 1997. Þá var hann glænýr af færibandinu og lá svo mikið á að sýna Íslendingum framtíðarbílinn að eintakið var með vinstri handar stýri," segir Sigurrós Pétursdóttir vörustjóri hjá Toyota á Íslandi. Þess má geta að Priusinn sem um ræðir var nýlega gefinn Borgarholtsskóla til skrafs og ráðagerða í bílíðngreinum. Prius fékk strax góðar viðtökur og reynslan hefur verið góð.

„Toyota hefur farið sér hægt í framleiðslu tvinnbíla og viljað sannreyna hybrid-kerfin áður en nýjungum hefur verið bætt við. Prius hélst því óbreyttur til ársins 2010 en nýtt módel leit dagsins ljós árið 2006," útskýrir Sigurrós.

Toyota framleiddi einnig hybrid-bílinn Auris árið 2010 og þriðja kynslóð Prius kom á markað í fyrra.

„Í dag hefur Toyota tekist að ná niður kostnaði í framleiðslu tvinnbíla. Í ljósi kreppunnar hefur verið lögð áhersla á framleiðslu minni og sparneytnari bíla og nýlega bættist við Yaris Hybrid. Hann hefur slegið rækilega í gegn enda í hentugum stærðarflokki fyrir landsmenn sem eru að byrja að endurnýja bílaflota sinn og horfa einna helst til sparneytinna, minni bíla."




Toyota Prius Plug-In má stinga í samband til að hlaða rafhlöðuna í einn og hálfan tíma. Eftir það er hægt að keyra á rafmagni allt að 25 kílómetra vegalengd. Skoða má Prius-línuna í nýju húsi Toyota í Kauptúni 6 í Garðabæ.
MYNDIR/ANTON

# Stingdu honum í samband

**Ferskasti meðlimur Prius-fjölskyldunnar er tvinnbíllinn Prius Plug-In. Eins og nafnið gefur til kynna er hægt að stinga bílnum í samband og keyra allt að 25 kílómetra eftir hleðslu í aðeins eina og hálfa klukkustund. Prius Plug-In safnar líka skógi og dýrum.**

Toyota Prius Plug-In er heillandi farkostur; grænn, umhverfisvænn og sparneytinn. Að auki er hann ákaflega laglegur útlits og útbúinn nýjasta tækni- og öryggisbúnaði.

Toyota á Íslandi hefur gert margvíslegar tilraunir til að sannreyna Prius Plug-In við íslenskar aðstæður og nýir eigendur Prius Plug-In bera honum allir góða söguna.

„Meira að segja rafmagnshræddasta fólk er óragt við að hlaða rafhlöðu bílsins," segir Sigurrós Pétursdóttir, vörustjóri Toyota á Íslandi, en Prius Plug-In fylgir sérstakt hleðslubox sem uppfyllir ströngustu öryggiskröfur hér á landi. Boxið má tengja beint í rafmagnstöflu.

„Því er bæði einfalt og aðgengilegt að stinga snúrunni í samband og hlaða rafhlöðuna á aðeins einum og hálfum tíma."

Sigurrós segir hleðslu rafhlöðunnar duga allt að 25 kílómetra leið miðað við bestu skilyrði en reynslan hérlendis sýni að hún dugi um 20 kílómetra við algengar aðstæður.

„Hleðsla ætti að duga bíleigendum úr og í vinnu á höfuðborgarsvæðinu og í minni bæjarfélögum til flestra erinda án þess að þurfa nokkurn tímann að grípa í bensíntankinn," útskýrir Sigurrós.

„Með skynsemi og nánari umgengni við bílinn lærist fljótt hvernig komast á sem lengst á hverri hleðslu og nýta bílinn sem best. Í inngötum hverfa er þannig ekið á rafmagni en við akstur á hraðbrautum skipt yfir í blendingsvélina með því einu að ýta á takka. Þá geymist rafmagn á rafhlöðunni á sama tíma og keyrt er á sparneytnu hybrid-kerfi."

Sigurrós segir bíleigendur seint verða tilbúna til að verða stopp úti á miðri götu og því sé kostur að geta stillt yfir á hybrid-kerfi Prius sem er í senn traust og hagkvæmt.

„Ég held að Íslendingar stökkvi ekki í einu vetfangi yfir í rafmagnsvæðingu bíla heldur taki hana í skrefum. Toyota tekur það allt með í reikninginn og bendir meðal annars á að bensín megi ekki verða of gamalt á tankinum og því varasamt að fylla bílinn þar sem daglegar vegalengdir eru stuttar. Þá er veðurfar hér kalt á vetrum og sparar rafmagn að ræsa bílinn á hybrid-kerfinu þar til skilyrði fyrir rafmagnsakstur eru uppfyllt. Þannig fæst besta sparneytnin og nýting bílsins."

Í Prius Plug-In má meðal annars fylgjast með nýtingu rafmagns og bensíneyðslu á stórum skjá í mælaborði og skoða myndrænt hvernig ökumaður byrjar smám saman að safna skógi og því næst dýrum og blómum með umhverfisvænum sparakstri.

„Umhverfisvitund ökumanna eykst sjálfkrafa við akstur hybridbíla og fara þeir ósjálfrátt í keppni við sjálfa sig um að gera enn betur," segir Sigurrós.

„Bensíneyðsla Prius + er uppgefin 2,1 lítri miðað við besta akstur en þegar menn komast enn neðar hleypur í þá enn meira kapp því það finnst svo rækilega á buddunni."









# Fyrir stóra fjölskyldu

**Prius + er sparneytinn sjö manna fjölskyldubíll. Í honum er skemmtilegt að ferðast enda nóg pláss fyrir alla og afar hagkvæmt fyrir heimilisbudduna.**




Prius + heilsaði landsmönnum fyrr á þessu ári. Hann er frábær fjölskyldubíll með veglegu rými fyrir fólk og farangur.

Prius + fylgir ríkuleg rekstrarhagkvæmni fyrir heimilisbókhaldið og vitaskuld góð tilfinning fyrir að menga ekki umhverfið.

Eins og allir í Prius-fjölskyldunni hefur Prius + sérstöðu þegar kemur að tæknilegum búnaði sem finnst ekki í hefðbundnum fólksbílum.




# Smáir og vinsælir

**Nýr og glæsilegur Toyota Prius kom til landsins í fyrra, eins og hybrid-útgáfa af Toyota Yaris. Báðir hafa slegið í gegn vegna sparneytni, góðs útbúnaðar og aksturseiginleika.**

Toyota tefldi fram uppfærðum Prius á heimsmarkaði í fyrra en einnig splunkunýjum Yaris Hybrid. Báðir þessir bílar hafa slegið í gegn og reiknað er með að hundrað nýir Yaris Hybrid-bílar verði seldir hérlendis áður en nýtt ár gengur í garð.

Nýi Priusinn er í ögn breyttri útgáfu og er afar glæsilegur að sjá. Innréttingar eru íburðarmeiri og bíllinn útbúinn helsta tækni- og öryggisbúnaði sem Toyota hefur sett í sína fínustu bíla.

Bilanatíðni Prius er mjög lág og íslenskir eigendur í skýjunum með bíla sína, enda sparneytnir og skemmtilegir í akstri. Farangursrými er gott og hefur síst minnkað þrátt fyrir rafhlöður í rýminu.

# Nýr og glæsilegur A-class

**Nýr Mercedes-Benz A-Class** er glæsilegur og sportlegur bíll sem kynntur var á bílasýningunni í Genf í mars. Þessi nýja kynslóð bílsins er mikið breytt frá fyrri gerð hvað varðar hönnun og aksturseiginleika. Þá er bíllinn með nýjar vélar sem eru bæði aflmiklar en um leið sparneytnar og umhverfismildar.



Mikil eftirvænting hefur ríkt eftir nýjum A-Class og er bíllinn væntanlegur hingað til lands fyrir jól.

Bíllinn hefur vakið mikla athygli nú þegar fyrir fagurlega hönnun að innan jafnt sem utan og ljóst er að mikil spenna ríkir fyrir komu hans. Nýtt grillið að framan er fallega hannað sem og straumlínulagaðar hliðar bílsins og sportlegur afturhluti hans. Mikið er lagt upp úr vönduðu efni í innréttingunni sem er mjög sportleg og falleg.

### Mikil eftirvænting eftir bílnum

„Það hefur ríkt mikil eftirvænting eftir nýjum A-Class og bíllinn er greinilega að slá í gegn þótt salan á honum sé víðast hvar ekki enn hafin. Þegar liggja fyrir pantanir á yfir fimmtíu þúsund A-Class-bílum og verksmiðjurnar anna vart eftirspurn,“ segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju, sem er umboðsaðili Mercedes-Benz á Íslandi. Nýr A-Class er framleiddur í verksmiðju Mercedes-Benz í Rastatt í Þýskalandi og í nýrri verksmiðju í Kecskemét í Ungverjalandi. Bíllinn er væntanlegur til Íslands fyrir jól og segir Jón Trausti að mikið hafi verið spurt um hann hér heima.

„A-Class er nýr og glæsilegur bíll sem mætir til leiks í vinsælasta flokki bíla, sem eru litlir, sparneytnir og umhverfismildir bílar. A-Class er óvenju glæsilegur fulltrúi í þann flokk bíla, lítill lúxusbíll með framúrskarandi aksturseiginleika, mikinn búnað og margar nýjungar. Við bíðum spennt eftir að kynna bílinn til leiks hér heima. Það má segja að ný kynslóð A-Class sé til marks um spennandi tíma hjá Mercedes-Benz og það er mikið í gangi hjá þýska lúxusbílaframleiðandanum.“

### Eyðslugrannur og umhverfismildur

Nýjar bensín- og dísilvélar verða í boði í nýjum A-Class sem eru afkastamiklar en einnig eyðslugrannar og umhverfismildar. Þannig verður koltvísýringslosunin aðeins um 98 g/km í umhverfismildustu vélinni. A-Class verður í boði með tveimur bensínvélum, 1,6 og 2,0 lítra. Vélin í A 180 mun skila 122 hestöflum en í A 200 verður 156 hestafla vél. Þá verður vélin í A 250 feykiöflug og mun skila alls 211 hestöflum. Úrval aflmikilla dísilvéla er einnig í boði í nýju kynslóðinni. A 180 CDI verður með 109 hestafla vél sem togar 250 Nm en A 200 CDI verður með 136 hestafla vél sem togar 300 Nm. A 220 CDI mun skarta geysiöflugri 2,2 lítra, 170 hestafla dísilvél sem togar alls 350 Nm og mun skila ótrúlega miklu afli eins og tölurnar bera vitni um. Allar vélarnar í nýjum A-Class verða með ECO startstopp-búnaði sem gerir hann enn sparneytnari og umhverfismildari. Hægt verður að fá A-Class með nýrri sex gíra beinskiptingu eða 7G-DCT sjálfskiptingu.



Mercedes Bens A-Class hefur vakið mikla athygli fyrir fagurlega hönnun að innan jafnt sem utan.

### Mjög góðir aksturseiginleikar

Aksturseiginleikar bílsins eru mjög góðir eins og Mercedes-Benz er von og vísa. Veggripið er afar gott og bíllinn liggur mjög vel á veginum. Þar spilar inn í að þyngdarpunkturinn hefur verið lækkaður og nýr fjöðrunarbúnaður sem og nýir afturöxlar gera það að verkum að aksturinn verður enn betri. Þá má ekki gleyma 4MATIC-kerfinu sem deilir vélarafli og snúningsvægi til allra fjögurra hjóla bílsins eftir þörfum hverju sinni. Þetta á við jafnt þegar ekið er á bundnu slitlagi sem utanvega. 4MATIC-kerfið bætir veggrip og stefnustöðugleika bílsins og eykur snerpu hans og öryggi í akstri.

### Tækni- og öryggisbúnaður í hávegum hafður

Mercedes-Benz setur ný viðmið í tæknibúnaði með A-Class en þar verður meðal annars aðgengi fyrir snjallsíma. Ökumaður og farþegar geta því tengt iPhone við tæknibúnað bílsins og nýtt möguleika símans til fulls. A-Class er hlaðinn öryggisbúnaði og má þar nefna árekstrarvara (Collision Prevention Assist) en búnaðurinn greinir þegar fjarlægð frá bíl eða kyrrstæðri mótstöðu er of lítil og lætur ökumann vita með mynd- eða hljóðmerki. Þessi búnaður hefur hingað til aðeins verið í boði í mun stærri og dýrari bílum. Þá er A-Class einnig búinn Pre Safe-kerfinu sem er fyrirbyggjandi öryggisbúnaður fyrir ökumann og farþega. Greini búnaðurinn varasamar akstursaðstæður strekkjast bílbeltin í framsætunum á broti úr sekúndu og hliðarrúður og sóllúga lokast sjálfkrafa. Þannig næst full virkni öryggisbelta og öryggispúða sem veita hámarksvörn ef til árekstrus kemur.

## ALLT SEM ÞÚ VILDIR VITA UM SÓLARKNÚNA BÍLA

**Sólarknúnir bílar** eru rafmagnsbílar sem eingöngu eru knúnir orku frá geislum sólarinnar. Sólarsellum, sem umbreyta sólarorkunni í raforku, er komið fyrir á yfirborði bílsins. Sellurnar fanga sólargeislana og umbreyta þeim í rafmagn. Bíla sem eingöngu eru knúnir sólarorku er ekki hægt að kaupa til almennra nota. Þeir eru hins vegar oft til sýnis á sýningum, sólarbílakappakstri eða notaðir sem hvati í verkfræðikeppnum sem þá eru gjarnan styrktar af fyrirtækjum eða stofnunum ríkisins.

**Orkan sem** fæst úr sólinni til að knýja bílinn áfram er takmörkuð við stærð bílsins og yfirborð hans sem þakið er sólarsellum. Þó hægt væri að nota rafhlöðu til að hlaða rafmagni inn á bílinn og nota þegar sólin skín ekki, þá er það ekki vænlegur kostur nema á smáa rafhlöðu. Ástæðan er sú að þyngd rafhlöðunnar myndi krefjast aukinnar orku til að koma bílnum áfram.

**Sólarknúnir bílar** eru oftast aðeins fyrir einn farþega og geta ekki borið neinn farangur. Grind þeirra og yfirbygging eru úr léttbyggðu efni til að auka ekki þyngd hans.

**Líklega er** langt þar til sólarknúnir bílar verða að raunverulegum kosti sem fararskjóti hins vinnandi manns, og enn langsóttara að þeir verði það á sólarlitlum svæðum líkt og á Íslandi.






ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook




„Við erum mikið í því að breyta nýjum bílum fyrir bílaumboðin en líka fyrir einstaklinga sem þess óska,“ segir Magnús Ninni Reykdalsson, verkefnisstjóri metanmála hjá Metanbill.is. MYND/STEFÁN

# Metan er 43% ódýrara en bensín

Metanbílum fer fjölgandi ár frá ári enda kemur það betur út fjárhagslega að aka slíkum bíl en hefðbundnum bensínbíl svo ekki sé talað um umhverfislegan ávinning. Hjá Metanbill.is er hefðbundnum bensínbílum breytt í metanbíla og var metár í fyrra.

Rúmlega þúsund metanbílar eru í umferðinni í dag og fer þeim fjölgandi ár frá ári. „Árið í fyrra var metár og það verður spennandi að sjá hvort það verði toppað í ár,“ segir Magnús Ninni Reykdalsson, verkefnisstjóri metanmála hjá Metanbill.is. Þar er gömlum og nýjum bensínbílum breytt í metanbíla sem er til hagsbóta jafnt fyrir veskið sem umhverfið.

„Við erum mikið í því að breyta nýjum bílum fyrir bílaumboðin en sömuleiðis fyrir einstaklinga. Það getur oft komið betur út enda kemur ríkið til móts við fólk sem ákveður að breyta bíl sínum í formi endurgreiðslu á vörugjöldum, allt að 1.250.000. Metanbreytingin kostar kannski 500.000 og þá er fólk að fá bílinn 750 þúsundum ódýrari,“ segir Magnús og á það sérstaklega við um dýrari bíla sem eigendur greiða há vörugjöld af.

Ef um er að ræða ódýrari bíla kemur breytingin oft út á eitt sökum endurgreiðslunnar. Þeir sem breyta notuðum bílum sem eru yngri en sex ára fá auk þess tuttugu prósent af verði breytingarinnar endurgreidd.

En er þá ekki hægt að breyta eldri bílum? „Jú, vissulega. Elstu bílarnir eru frá 1998. Skilyrðið er að þeir séu með OBD-tengi en þau voru að koma þarna á árunum 1998 til 2000 en voru orðin stöðluð í öllum bílum árið 2000. En hvernig fer breytingin fram? „Það eru settir kútar í skottið eða undir bílana. Svo setjum við sérstaka metantölvu í bílinn og sitthvað fleira en breytingin tekur um tíu daga. Þetta er algerlega sjálfstætt kerfi og það eina sem breytist inni í bílnum er lítill takki og mælir sem segir til um hversu mikið er eftir á kútnum.

Hægt er að slökkva og kveikja á kerfinu en þegar það er sjálfvirkt fer það í gang á bensíni. Þegar bíllinn er orðinn fjörutíu gráðu heitur, sem tekur yfirleitt tvær til þrjár mínútur, skiptir hann yfir í metan.



Magnús segir fólk geta komið með notaða sem nýja bíla á verkstæði Metanbill.is í Gufunesi. Þar er hægt að sjá þær útfærslur sem eru í boði og fá tilboð.

Lítrinn af bensíni kostar um 260 krónur en lítrinn af metani 149 krónur svo sparnaðurinn er umtalsverður. Þá kemur ríkið á móti metanbílaeigendum með því að lækka bifreiðagjöld niður í lægsta flokk eða 11.300 á ári. Það borgar sig sérstaklega fyrir eigendur stærri bíla sem eru að borga í kringum 50 þúsund í bifreiðagjöld ári,“ segir Magnús.

En er framboðið á metani nægjanleg? Já á meðan lífrænn úrgangur fellur til er nóg af metani. Þarna er verið að breyta óumhverfisvænu efni í umhverfisvænt og því mikill ávinningur fyrir umhverfið. Auðvitað þarf að beisla þessa orku og það kostar peninga en miklar þreifingar hafa verið með að opna metanver þar sem metan yrði framleitt og er sú hugmynd að verða komin á framkvæmdaplan. Við hjá Metanbil.is erum því jákvæð hvað framtíðina varðar.

En hvernig er aðgengi að metani? „N1 er sem stendur eina olíufélagið sem selur metangas. Hægt er að fylla á kútana hjá N1 í Tinhellu og N1 í Ártúnsbrekku en þar hefur verið ákveðið að fjölga um einn staur þar sem stundum hefur myndast röð við metandælurnar og mun það verða mikill munur fyrir metanbílaeigendur. Þá styttist í að fleiri aðilar fari að selja metangas.“

## HVAÐ ER METAN?

**Metan er** einfaldasta samband kolefnis og vetnis sem til er; efnaformúlan er CH4. Metan er lyktarlaus gastegund og skaðlaust við innöndun. Það er léttara en loft og gufar því mjög fljótt upp komist það í snertingu við andrúmsloft.

**Orkan sem** felst í metaninu er nýtt með bruna, oftast með bruna til hitunar en einnig til rafmagnsframleiðslu eða jafnvel í iðnaði eða á ökutæki. Metan er aðaluppistaðan í jarðgasi. Metan er skæð gróðurhúsalofttegund en með bruna verður til vatn og koltvísýringur. Þótt sameindin sé sú sama (CH4) er sá meginmunur á jarðgasi og metani úr lífrænu efni að með bruna á jarðgasi er verið að bæta við gróðurhúsalofttegundum í andrúmsloftið en með bruna á metani úr lífrænum efnum er verið að skila til baka koltvísýringi sem plöntur hafa úr andrúmsloftinu.

**Mesti sparnaðurinn** við að nota metan er fólginn í umhverfislegum sparnaði. Samkvæmt útreikningum sænska verkfræðifyrirtækisins SWECO má aka 113.000 metanbílum fyrir hverja þúsund bensínknúna bíla.

*Heimild: www.visindavefurinn.is og www.sorpa.is*



# Nýr smábíll frá Peugeot á markað

Peugeot 208 er kominn á markað. Hann er sparneytinn og umhverfisvænn eins og aðrir bílar frá Peugeot en framleiðandinn leggur mikinn metnað í að þróa bíla sem eru með lægri útblásturstölur en þeir sem eru fyrir á markaði. Peugeot 208 eyðir aðeins frá 3,4 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri.

Nýr smábíll, Peugeot 208, var að koma á markað nú á dögunum hjá Bernhard sem er umboðsaðili Peugeot á Íslandi. Bíllinn er með nýja hönnun, bæði hvað varðar útlit og aksturseiginleika. „Peugeot 208 er hlaðinn staðalbúnaði eins og snertiskjá í ökumannsrými og að sjálfsögðu „cruise control“ og loftkælingu. Bíllinn fékk mjög góða einkunn í nýjum og endurbættum árekstrarprófunum hjá Euro NCAP, eða fimm stjörnur, en það er hæsta einkunn sem bíll í þessum stærðarflokki hefur fengið í þessari könnun,“ segir Gestur Benediktsson, söluráðgjafi hjá Bernhard.

## Rúmgóður og sparneytinn

Peugeot 208 er rúmgóður miðað við bíl í þessum stærðarflokki. „Innra rýmið hefur verið aukið þó að bíllinn hafi ekki verið að stækka. Það er betra fótapláss aftur í og meira pláss í farangursrými. Bíllinn er hagkvæmur í rekstri en eyðsla í blönduðum akstri er frá 3,4 lítrum á hundraðið. Peugeot-framleiðandinn hefur lengi verið meðvitaður um umhverfið og slæm áhrif útblásturs á það. Hann leggur því mikla áherslu á að þróa bíla sem eru með lægri útblásturstölur, og þá um leið lægri eyðslutölur, en þeir bílar sem eru fyrir á markaði. Peugeot er alltaf að bæta sína eigin framleiðslu. Þó þeir komi með nýjan bíl á markað halda þeir alltaf áfram að þróa hann, eyðsla og útblástur minnka ár frá ári með hverjum bíl.“

## Grænir í öllum stærðum

Það eru grænir bílar í boði í öllum stærðarflokkum frá Peugeot. „Þeir eru eyðslugrannir og umhverfisvænir. Útblásturstölur Peugeot 208 eru frá 87 grömmum upp í 104 grömm en til að flokkast sem grænn bíll þarf útblásturinn að vera undir 120 grömmum þannig að Peugeot 208-bílarnir eru langt undir þessum viðmiðum. Allar útfærslur af Peugeot 208 eru hagkvæmar og umhverfisvænar en eyða frá 3,4 upp í 4,5 lítra á hundraðið í blönduðum akstri. Þannig að óhætt er að segja að Peugeot 208-línan er mjög hagkvæm í rekstri.“





### Rúmgóður

Innra rýmið hefur verið aukið þó að bíllinn hafi ekki verið að stækka að ytra rými.

### Eyðslugrannur

Bíllinn eyðir frá 3,4 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri.

### Umhverfisvænn

Útblásturstölur Peugeot 208 eru frá 87 grömmum upp í 104 grömm en til að flokkast sem grænn bíll þarf útblásturinn að vera undir 120 grömmum.



Gestur Benediktsson söluráðgjafi við nýja Peugeot 208 sem er bæði hagkvæmur í rekstri og umhverfisvænn. MYND/GVA

Gestur segir það orðið vinsælt að kaupa dísilbíla á Íslandi. Hann segir að það hafi aukist mikið að fólk hugsi um sparneytni þegar það velur sér nýjan bíl. Áhersla á umhverfisvitund hafi líka aukist. „Þetta helst auðvitað í hendur, útblástur og eyðsla. Framleiðendur reyna að ná útblásturstölum niður og eyðslan helst í hendur við það,“ segir Gestur.

## Fyrstir með dísil-hybrid

Nú í byrjun nóvember koma til landsins fyrstu dísil-hybrid-bílarnir til landsins en um er að ræða Peugeot 3008 HYbrid 4 og Peugeot 508 RXH. Báðir bílarnir eru fjórhjóladrifnir, 200 hestöfl og eru með koltvísýringsútblástur frá 97 grömmum og upp í 107 grömm eftir útfærslum.

## Bernhard í 50 ár

Bernhard fagnar fimmtíu ára afmæli sínu á árinu en fyrirtækið hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar allan þann tíma. Auk þess var fyrirtækið valið Fyrirtæki ársins í millistærð af VR fyrr á þessu ári. „Þetta er fjölskyldufyrirtæki þar sem áhersla er lögð á framúrskarandi þjónustu á öllum sviðum, bæði í sölu nýrra og notaðra bíla og í allri þjónustu sem snertir bílana og eigendur þeirra.“





18% afsláttur af skoðunargjaldi í tilefni af 18 ára afmæli Aðalskoðunar

Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 18 ár

HJÁ AÐALSKOÐUN ER BÍLLINN Í GÓÐUM HÖNDUM

HVAR HENTAR ÞÉR AÐ LÁTA SKOÐA?

Við erum með fjórar skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og eina í Reykjanesbæ. Þaulreyndir og þjónustuliprir fagmenn taka á móti þér á þeim öllum. HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG!

Ef þú kemur með bílinn í skoðun fyrir hádegi í september færðu 18% afmælisafslátt.

Opið kl. 8-17 virka daga

Aðalskoðun

Reykjavík
Grjóthálsi 10
Sími 590 6940

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

Reykjanesbær
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

www.adalskodun.is



## ÓKEYPIS Í BÍLASTÆÐI

**Reykjavíkurborg býður** eigendum visthæfra bíla að leggja bílum sínum án endurgjalds í gjaldskyld bílastæði borgarinnar. Gjaldfrjáls bílastæði fyrir visthæfa bíla voru innleidd með Grænum skrefum árið 2007 með það að markmiði að auka notkun sparneytinna ökutækja og einnig ökutækja sem nota innlenda orku. Reglunum var breytt í borgarráði sumarið 2011 og gilda út árið 2012.

Visthæfir bílar teljast meðal annars vera bensín- og dísilbílar og tvinnbílar sem gefa ekki frá sér meira en 120 grömm af koltvísýringi á kílómetra. Einnig eru bílar með brunahreyfli sem ganga fyrir innlendum orkugjöfum, til dæmis metanóli, metani og lífdísil, og gefa ekki frá sér meira en 120 grömm af koltvísýringi á kílómetra gjaldgengir í slík bílastæði. Einnig flokkast bílar sem ganga fyrir rafmagni og vetni í þennan flokk.

Umræddar bifreiðar og ökutæki mega þó ekki vera þyngri en 1.600 kg. og séu þeir á nagladekkjum fellur gjaldfrelsið niður. Lista yfir bíla sem uppfylla kröfur Reykjavíkurborgar um ókeypis bílastæði má finna inn á vef Bílgreinasambandsins, www.bgs.is.




# Mismunandi vistvænir bílar

**Margar gerðir vistvænna bíla sem byggja á mismunandi tækni eru til. Ekki er þó auðvelt að átta sig á hver þeirra sé vænlegasti arftaki hefðbundinna bensín- og dísilbíla.**

Á undanförnum árum og áratugum hefur þróun mismunandi bíla tekið stökk fram á við. Ekki hefur þó fundist varanleg lausn sem leysir bensín- og dísilbíla af hólmi. Þessar gerðir eru þó orðnar nokkuð margar. Metanbíll, vetnisbíll, rafmagnsbíll og tvinnbíll eru kannski ekki annað en orð á blaði fyrir suma. En hvaða merkingu hafa þessi orð?

### Metanbíll

er venjulegur bensínbíll með viðbótarbúnaði sem gerir það að verkum að bíllinn getur keyrt á bensíni og metani. Búnaði er komið fyrir í vélarhlíf bílsins og metantankar settir undir hann að aftan, í farangursrými, á palli eða á annan hentugan stað og leiðslur lagðar milli vélar og tanka. Metan er ódýrara en bensín og mengar minna auk þess sem niðurfelling á vörugjöldum er í boði á metanbreyttum bílum. Metan er lofttegund sem meðal annars myndast á urðunarstöðum sorps við niðurbrot á lífrænum úrgangi og þaðan er metangasið fengið sem nýtt er á bíla á Ísland. Ókosturinn við metan er að það er ekki fáanlegt nema á tveimur bensínstöðum á höfuðborgarsvæðinu. Það liggur þó fyrir að opna fleiri slíkar stöðvar í framtíðinni.



Metangas er lofttegund sem meðal annars myndast á urðunarstöðum sorps við niðurbrot lífræns úrgangs.

### Tvinnbíll eða hybrid-bíll

er bíll sem knúinn er rafmótor og bensín- eða dísilvél. Lítil rafhlaða er í bílnum sem knýr rafmótorinn. Rafmótorinn knýr bílinn áfram úr kyrrstöðu en þegar ákveðnum hraða er náð tekur bensínvélin við. Auk þess vinna þessir tveir aflgjafar saman á fjölbreyttari hátt, en það er mismunandi eftir bíltegundum og stýrikerfi bílsins. Þegar stigið er á hemlana er orkan sem skapast við það fönguð til að hlaða rafgeymi bílsins, svo aldrei þarf að stinga honum í samband við rafmagn. Tvinnbílar eru orkusparandi og eyða minna eldsneyti en hefðbundnir bensín- eða dísilbílar og hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár.



Tvinnbílar eru knúnir af rafmótor og bensín- eða dísilvél.

### Rafmagnsbíll

er bíll sem eingöngu er knúinn áfram af raforku. Hann hefur enga vél, aðeins rafmótor og rafhlöðu sem stinga þarf í samband við rafmagn til að hlaða. Rafmagnsbílar skila engum útblæstri og eru því einkar vistvænir. Hins vegar eru takmörk á því hve langt er hægt að aka á hverri hleðslu og hraðinn er minni en hjá bensín-, dísil- og tvinnbílum.



Rafbílar hafa enga vél, aðeins rafmótor og rafhlöðu sem þarf að stinga í samband við rafmagn.

### Vetnisbíll

er knúinn rafmótor. Vetni er sett á geymslutanka bílsins og því svo umbreytt í raforku í sérstökum efnarafal. Þessi aðferð er hentugri en rafmagnsbílatæknin að því leyti að ekki þarf að hlaða rafgeymi líkt og í rafmagnsbílum heldur aðeins fyllt á vetnistankinn. En hleðsla á rafgeymum er einkar tímafrek. Vandkvæði hafa þó verið á því hvernig skuli geyma vetnið en sú tækni er í stöðugri þróun. Annar ókostur við vetni er orkutap. Fyrst þarf að framleiða vetni með rafmagni og svo að umbreyta vetninu aftur í rafmagn. Við þessar breytingar tapast mikil orka og margir sem segja það óhagkvæman kost þegar á heildina er litið.



Vetnisbíll er knúinn rafmótor. Vetni er sett á geymslutanka bílsins og því svo umbreytt í raforku í sérstökum efnarafal.



MOTION & EMOTION
PEUGEOT
1962 - 2012 50 ára
BERNHARD
Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535
VR ÁRSINS 2012



## GRÆN LÁN

**Flest fjármögnunarfyrirtæki** landsins bjóða upp á sérkjör til þeirra lántakenda sem fjárfesta í grænum bílum. Grænir bílar eru skilgreindir sem bílar með minnsta mögulega útblástur, sem eru flokkar A/B/C, og losa 0-120 g af koltvísýringi á hvern ekinn kílómetra. Markmið slíkra fjármögnunarkosta er meðal annars að stuðla að skynsamari nýtingu eldsneytis og um leið hagkvæmari rekstri bifreiðar fyrir heimili og fyrirtæki. Um leið stuðla slíkar lánveitingar að lægri eldsneytiskostnaði hjá heimilum og fyrirtækjum landsins. Að öllu jöfnu er slík fjármögnun í boði fyrir bæði bílalán og bílasamninga. Hagstæð kjör fjármögnunarfyrirtækja felast að öllu jöfnu í því að engin lántökugjöld eru innheimt af slíkum lánum. Að öðru leyti gilda sömu skilmálar á þessum lánum og á öðrum lánum. Hægt er að fá lán til kaupa á nýjum eða notuðum bílum og veitt eru lán fyrir allt að 75% af kaupverði bíls. Hámarkslánstími er að öllu jöfnu sjö ár að frádregnum aldri bílsins. Um vaxtakjör og aðra skilmála slíkra lána má lesa á vefjum fjármögnunarfyrirtækjanna.



## GRÆNUSTU BÍLARNIR

**Umhverfisvænstu bílarnir** eru þeir sem ganga fyrir rafmagni. Þeir eru hins vegar flestir takmarkaðir við akstur í borgum þar sem hámarkshraði þeirra er lágur og hlaða þarf þá reglulega. Hvaða bílar eru það þá sem hafa minni áhrif á umhverfið en hamla ekki eigendum sínum í að komast allra sinna ferða?

Bresk vefsíða sem er tileinkuð grænum bílum, The Green Car Website, tók saman lista yfir þá bíla sem gera fólki kleift að aka frjálst um en hafa minni útblástur en aðrir bílar. Umhverfisvænsti bíllinn er talinn vera Chevrolet Volt. Hann er rafbíll og er útblástur hans aðeins 27 grömm. Í öðru sætinu eru Vauxhall Ampera sem er líka rafbíll með 27 grömm í útblástur. Hybrid-bíllinn Toyota Prius kemur þar á eftir en hann gengur fyrir bensíni/dísil og rafmagni og útblástur frá honum er 49 grömm.

## MENGIÐ MINNA

**Með árunum** verða fleiri og fleiri meðvitaðir um að hugsa vel um umhverfi sitt og reyna að leggja sitt af mörkum við verndun náttúrunnar. Einn liður í því er að minnka mengun sem verður vegna útblásturs bíla. Sala á umhverfisvænum bílum hefur aukist jafnt og þétt og vert er að hafa eftirfarandi þætti í huga næst þegar fest eru kaup á nýjum bíl.

Ekki kaupa stærri bíl en þörf er á, stærri bílar eyða meiru. Veljið sparneytinn bíl. Reynið að draga úr bensíneyðslu, það sparar líka peninga. Fáið hjólbarða sem draga úr núningsmótstöðu vegar, minni núningsmótstaða þýðir minni bensíneyðsla.

Aksturslag hefur einnig áhrif og hægt er að draga úr mengun með ýmsum ráðum. Takið rólega af stað, dragið úr hraða og haldið snúningshraðanum niðri. Jafn og stöðugur hraði bætir eldsneytisnýtinguna, sparar eldsneyti og minnkar slit á vél, hjólbörðum, skiptingu og bremsum. Með auknum hraða eykst viðnámið og því versnar eldsneytisnýtingin eftir því hraðar sem er ekið.

*Heimild: fib.is*






## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson mannræktarráðgjafi. www.theta.is



Glímir þú við þyngdar- eða átvanda! MFM Matarfíknarmiðstöðin Sími: 568 3868 www.matarfikn.is

## Nudd

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/Hlíðar S. 894 4817.

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Kennsla

**Ódýr Stærðfræðikennsla**
Hagfræðinemi býður uppá stærðfræðikennslu fyrir grunn- og framhaldsskólanema. Upplýsingar í síma 8652731 eða 8652731@gmail.com

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is - S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Heimilistæki




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óskum eftir 3 - 4 herb. ca 100 fm í Reykjavík. Frá 1. nóvember - langtímaleiga. 2 fullorðnir, reyklaus, heitum góðri umgengni og skilvísum greiðslum. S. 691 4017

## Sumarbústaðir

**Sumarhúsalóð til sölu.**
**Um er að ræða lóðina Kýrholt 2 í landi Galtarholts 2, Borgarbyggð, í eigu þrotabús Perlu Borgarnes ehf. Landnúmer 201471. Stærð lóðarinnar er 5919,0 m2. Heildarlóðamat er kr. 975.000. Borgarbyggð hefur samþykkt byggingarleyfi til að byggja sumarhús á lóðinni að flatarmáli 109,5 m2.**
**Tilboð í lóðina skulu berast skrifstofu Kristins Hallgrímssonar hrl. skiptastjóra fyrir 1. október 2012 að Suðurlandsbraut 18, merkt: ADVEL lögmenn slf. Bt. Fanneyjar Finnsdóttur Suðurlandsbraut 18 105 Reykjavík**

**Allar frekari upplýsingar veitir Fanney Finnsdóttir í síma 5202050.**

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

Geymslu/iðnaðarbil, 75m2 í Steinhellu í Hf. m/4m.hárri innkeyrsluhurð. S.893 2550.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting




# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Poszukujemy**
**rzemieslnikow/osob z doswiadczeniem w pracy na budowie**
**S. 690-4499**

Olíudreifing

**Meiraprófsbílstjóri**
**Olíudreifing óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra staðsettan á Akureyri til framtíðarstarfa. Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip og vinnu í birgðastöð. Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Nánari upplýsingar veitir Guðjón Páll Jóhannsson í síma 550 9910.**
**Umsóknir sendist á akureyri@odr.is fyrir 20. september. Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða. Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á www.oliudreifing.is**

**Thai kokk**
Vantar Thaikokk. Framtíðarstarf þarf helst að geta byrjað strax. Uppl. 896-3536

**KvikkFix leitar að starfsfólki.**
**KvikkFix leitar að vönum bifvélavirkja, vönum smurmanni og starfsmanni á verkstæði. Einnig vantar mann í lagerstarf, útkeyrslu og þrif.**
**Fyrirspurnir sendist á orri@nrg.is**
**www.kvikkfix.is**

**Hjólbarðaverkstæðið Nýbarði**
Okkur vantar starfsfólk m. reynslu á hjólbarðaverkstæðið Nýbarða í Garðabæ. Uppl. í s. 565 8600 & 692 6669.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 2000**
Opið allan sólarhringinn.

Engin bið nema þegar talað er.

**Raunveruleg tilbreyting**
Rauða Torgið er miðstöð íslendinga sem leita alvöru tilbreytingar. 100% trúnaður, skjót svörun. Auglýstu frítt í s. 535-9923.

**Yndislegar stundir**
með flottri íslenskri konu. Já, góðar stundir. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8228.

**KK í kvenmannsfötum**
vill kynnast manni með sama áhugamál. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8378.

**Samkynhn. KK,**
Nú er mikið nýrra auglýsinga frá samkynhn. KK sem leita kynf. ævintýra. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920

## Fasteignir

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA



**Elías Haraldsson**
Löggiltur fasteignasali



**Árni Sigurgeirsson**
Lögfræðingur/sölufulltrúi



**Halla Hallgrímsdóttir**
sölufulltrúi/MBA



**Jóhanna K. Gustavsdóttir**
sölufulltrúi/félagsfræðingur

RE/MAX LIND



Hannes Steindórsson gsm 699 5008 hannes@remax.is

**Húsavík fasteignasala • Borgartúni 29 • 105 Reykjavík • Sími: 510 3800 • husavik@husavik.net • www.husavik.net**







**Nánari upplýsingar veita Jóhanna hjá Húsavík í gsm 698 9470 eða email johanna@husalind.is eða Hannes hjá Remax Lind í gsm 699 5008 eða í email hannes@remax.is**



### AKRALAND – GLÆSILEGT EINBÝLISHÚS Á EINNI HÆÐ Á GÓÐUM STAÐ Í GARÐABÆ

**HÚSAVÍK FASTEIGNASALA og REMAX LIND kynna um 260 fm einbýlishús á einni hæð á góðum stað í Akralandinu í Garðabæ.**

**Nánari lýsing á eign:** Komið er inn í rúmgott anddyri með gestasnyrtingu. Eldhús, stofa og borðstofa eru eitt opið rými. Þvottahús með geymslu innaf sem innangengt er úr í bílskúr. Rúmgott sjónvarpshol og aðalbaðherbergi. Samtals 4 svefnherbergi. Þar af hjónaherbergi með fata- og baðherbergi innaf. Húsið afhendist tilbúið til innréttinga. með grófjafnaðri lóð.
Um er að ræða glæsilegt einbýlishús á einni hæð á fjölskylduvænu hverfi. Stutt er í leik-grunn-og framhaldsskóla og ýmsa aðra verslun og þjónustu.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



63 **LESLIE TWIGGY LAWSON** fyrrverandi ofurfyrirsæta er 63 ára í dag.

*„Þegar ég var sextán ára var ég horaður og furðulegur unglingur, einungis augnhár og lappir. Allt í einu fór fólk svo að segja mér að ég liti vel út. Mér fannst fólk vera orðið ruglað.“*

---

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**DÓRÓTHEA M. BJÖRNSDÓTTIR**
**Keldulandi 19,**

lést á Landspítalum aðfaranótt 16. september. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 21. september kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Félag aðstandenda Alzheimersjúklinga, FAAS.

**Birgir Ólafsson**
**Guðrún Björk Birgisdóttir** **Hörður J. Oddfríðarson**
**Birna Birgisdóttir** **Kristján Sverrisson**
**barnabörn, langömmubörn og systkini hinnar látnu.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**JÓN ÓSKARSSON**
**fyrrverandi flugumferðarstjóri,**
**Kristnibraut 41, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 16. september á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Jarðarför auglýst síðar.

**Sigdís Sigmundsdóttir**
**Anna Björg Jónsdóttir** **Sigurður Hinrik Teitsson**
**Hafliði Jónsson** **Agnes Stefánsdóttir**
**Sandra Mjöll Sigurðardóttir** **Ásta Guðrún Sigurðardóttir**
**Sigdís Lind Sigurðardóttir**
**Þorsteinn Már Hafliðason** **Andrea Sif Hafliðadóttir**
**Óskar Páll Hafliðason**

---

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**LILJA ÞORBJARNARDÓTTIR**
**frá Mel, Þykkvabæ,**

lést 15. september á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi föstudaginn 21. september kl.13.00.

**Jón Erlendsson**
**Ólafur Atli Jónsson** **Ruth Jensdóttir**
**Erlendur Jón Atlason**
**Ísak Þór Atlason** **Grace Carry**
**Anna Kristín Atladóttir**

---

†



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN ZOËGA**
**Dyngjuvegi 1,**

sem andaðist á Hrafnistu sunnudaginn 16. september, verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 21. september kl. 13.00.

**Geir Agnar Zoëga**
**Helga Zoëga** **Guðmundur Kristjánsson**
**Geir Þórarinn Zoëga** **Vilborg Traustadóttir**
**Þórdís Zoëga** **Ólafur E. Friðriksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KARITAS JENSEN**
**Stóragerði 42, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 7. september. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 21. september kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð líknardeildar LSH, s.: 543 1159.

**Steinunn Margrét Tómasdóttir** **Aðalsteinn Karlsson**
**Þórunn Elín Tómasdóttir** **Kjartan Jónsson**
**Bryndís María Tómasdóttir** **Thomas Möller**
**Lára Anna Tómasdóttir** **Hörður Jón Gærdbo**
**Óskar Már Tómasson** **Auður Pálmadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu mér samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður minnar,

**MARGRÉTAR VALTÝSDÓTTUR.**

Sérstakar þakkir fyrir frábæra umönnun fær starfsfólk á Dvalarheimilinu Hlíð og Sjúkrahúsi Akureyrar.

**Óskar Harðarson**

---



**HILDUR HÁKONARDÓTTIR** Segir dvöl í Bandaríkjunum á yngri árum hafa mótað lífssýn sína, en þar kynntist hún gerjun bæði í samfélagi og myndlist sem átti síðar eftir að rata til Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

HILDUR HÁKONARDÓTTIR: HEIÐRUÐ VIÐ AFHENDINGU SJÓNLISTARVERÐLAUNANNA

## Tók þátt í að opna nýjar gáttir

„Þetta kom mér algjörlega á óvart,“ segir Hildur Hákonardóttir myndlistarkona sem hlaut heiðursverðlaun Íslensku sjónlistarverðlaunanna fyrir helgi.

Hildur var meðlimur í SÚM-hópnum og tók virkan þátt í kvennabaráttunni og þeim miklu þjóðfélagshræringum sem áttu sér stað á árunum eftir stúdentabyltinguna árið 1968. Í list sinni lagði Hildur einkum fyrir sig myndvefnað sem hafði sterkar skírskotanir til atburða eða ástands í samtímanum. Hildur bjó sem ung kona í Bandaríkjunum og segist hafa skynjað þegar hún sneri aftur heim til Íslands að það hefði haft mjög sterk áhrif á lífssýn hennar.

„Það var heilmikil gerjun í Bandaríkjunum, bæði félagslega og í myndlistinni. Þegar ég kom til Íslands og byrjaði að vinna hér bjó ég yfir ákveðinni reynslu miðað við samfélagið eins og það var þá. Ég hafði á vissan hátt búið í framtíðinni sem átti eftir að verða veruleiki hér. Ég flyt heim 1963, fimm árum fyrir 68-byltinguna, en hún átti auðvitað sinn aðdraganda. Ég flæddi með þeim straumum en var um leið mjög meðvituð um það sem var að gerast, ekki síst vegna dvalar minnar þar vestra.“

> Mér líður eins ég hafi flogið út úr ákveðnu fagi með tímavél en verið skilað aftur á allt annan stað.

Auk listsköpunar sinnti hún margs konar störfum sem tengdust myndlist. Meðal annars kenndi hún við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1969 til 1982 og var síðar skólastjóri hans frá 1975 til 1978 og stofnaði þá með Magnúsi Pálssyni hina umdeildu nýlistadeild en einnig máladeild til mótvægis. Hildur telur viðurkenninguna sem hún fékk fyrir helgi ekki síst vera fyrir störf hennar við Myndlista- og handíðaskólann.

„Mér finnst ég alltaf „eiga“ mjög sterka kynslóð af myndlistarmönnum; ekki í þeim skilningi að ég hafi kennt þeim heldur gaf ég þeim möguleika á að opna nýjar gáttir, til dæmis með stofnun nýlistadeildarinnar. Það var sérstaklega mikill kraftur í Hollendingum á þessum tíma enda studdu þeir mjög við bakið á myndlistarmönnum sínum og við sóttum kraft þaðan. Svo þurfti að ýta undir þá vakningu sem Dieter Roth hafði kveikt hér á landi með íslenskum félögum sínum. Það þurfti að nýta þennan kraft og þessa gerjun og gera hana aðgengilega þeim sem voru ungir.“

Eftir að hafa slasað sig á hendi neyddist Hildur til að draga sig í hlé frá myndvefnaðinum og gerðist forstöðumaður Byggða- og listasafns Árnessýslu frá 1982 og 1992 og einnig Listasafns Árnesinga allt til ársins 1996. Síðastliðna tvo áratugi hefur hún fengist við ræktun og ritstörf. Hún sneri aftur á myndlistarvöllinn í fyrra með nokkurs konar yfirlitssýningu í Listasafni ASÍ og í samsýningu í Sjónlistarmiðstöðinni fyrr á þessu ári og sýndi þar ný verk.

„Það má eiginlega segja að ég hafi verið mönuð og mér ýtt út í hringrásina aftur. Mér líður eins ég hafi flogið út úr ákveðnu fagi með tímavél en verið skilað aftur á allt annan stað. Ég er enn að reyna að horfa í kringum mig og átta mig á því hvar myndlistin er stödd og sannleikurinn er að mér finnst það mjög skemmtilegt.“

bergsteinn@frettabladid.is

---

**ÞETTA GERÐIST 19. SEPTEMBER 1981**

## Tóku upp plötu í Central Park

Þjóðlaga-og rokkdúettinn Simon og Garfunkel tók upp heila plötu á tónleikum sínum þann 19. september árið 1981 í Central Park í New York. Tónleikarnir voru ókeypis en þar var dúettinn að sameinast á nýjan leik eftir hlé. Yfir 500 þúsund manns mættu á tónleikana sem gera þá sjöundu mest sóttu tónleika í heiminum. Í febrúar árið eftir tónleikana kom platan út, sem heitir einfaldlega The Concert in Central Park, en vinsældir tónleikanna voru slíkar að dúettinn ákvað að fara í heimstúr í kjölfarið. Platan var útsett af Paul Simon og Dave Grusin og framleidd af Paul Simon, Art Garfunkel, Phil Ramone og Roy Halee. Simon og Garfunkel tóku alls 21 lag á sviðinu, þar á meðal sín vinsælustu lög: The Sound of Silence, Mrs. Robinson og The Boxer.

Dúettinn er sérstaklega þekktur fyrir einstakan samhljóm og á tíðum óstöðugt samband. Tímaritið The Rolling Stones setti þá í 40. sæti yfir merkustu tónlistarmenn allra tíma.



**TÍÐAR ENDURKOMUR** Simon og Garfunkel hafa oft komið saman aftur eftir að dúettinn lagði upp laupana árið 1970 en tónleikarnir þann 19. september 1981 voru þeirra eftirminnilegasta endurkoma.

# FORD **FIESTA** Trend **frá 2.290.000 kr.**
# FORD **FIESTA** Titanium **frá 2.490.000 kr.**

Kauptu nýjan ríkulega búinn Ford Fiesta Trend eða Ford Fiesta Titanium í dag. Veldu sparneytinn Ford Fiesta, bensín eða dísil, beinskiptan eða sjálfskiptan. Gerðu góð kaup. Fáðu góðan búnað. Falleg hönnun. Góðir aksturseiginleikar. Lágur rekstrarkostnaður. Veldu sparneytinn bíl og fáðu meira fyrir peninginn. Spyrðu um 5 ára verksmiðjuábyrgð. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is




FORD **FIESTA** TREND

FRÁ

**19.790 kr./mán.***

* Ford Fiesta Trend 5 dyra 1,25i bensín, 60 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,5 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 127 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 1.150.000 kr. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,83%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** samtök, **6.** í röð, **8.** málmur, **9.** fugl, **11.** leyfist, **12.** kortabók, **14.** dútla, **16.** dreifa, **17.** stígandi, **18.** traust, **20.** grískur bókstafur, **21.** mannsnafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** óskerta, **3.** drykkur, **4.** skipafélag, **5.** af, **7.** andmæli, **10.** næra, **13.** for, **15.** heimsálfu, **16.** stykki, **19.** klukka.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** stef, **6.** lm, **8.** eir, **9.** lóa, **11.** má, **12.** atlas, **14.** bauka, **16.** sá, **17.** ris, **18.** trú, **20.** pí, **21.** karl.

**LÓÐRÉTT: 1.** alla, **3.** te, **4.** eimskip, **5.** frá, **7.** mótbára, **10.** ala, **13.** aur, **15.** asíu, **16.** stk, **19.** úr.




Sigrún Stella Einarsdóttir
lögg. fasteignasali
GSM 824 0610

FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS

NÓATÚN 27

OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 19.9 KL. 17-17.30.

VERIÐ VELKOMIN! ÍBÚÐIN ER LAUS VIÐ KAUPSAMNING




Falleg og björt 121,9 fm 5 herb. íbúð á jarðhæð, með sérinngangi í þríbýlishúsi á góðum stað miðsvæðis í Reykjavík.

**Lýsing eignar:**
Komið inn í forstofu með flísum á gólfi og fatahengi. Eldhús með fallegri innréttingu, ljósar flísar á gólfi og milli skápa. Tvær samliggjandi stofur með parketi á gólfi, útgengt í garð. Baðherbergi með glugga, flísar á gólfi og veggjum, góð innrétting og baðkar. Hjónaherbergi með parketi á gólfi og góðu skápaplássi. Barnaherbergi með parketi á gólfi, annað herbergi með litlum glugga sem má nýta sem herbergi eða tölvuherbergi. Góð staðsetning, miðsvæðis í Reykjavík, stutt í miðbæinn, Kringluna og Klambratún.

Sími 575 8585 FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI www.fmg.is

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

Lindarbraut 41 Seltjarnarnesi

Opið hús í dag á milli 17-18:00




Til sölu gullfallegt 210 fm einbýlishús. Húsið er mikið endurnýjað. Skjólsæll garður með stórri timburverönd og nýlegri sólstofu. Hér er á ferðinni einkar bjart og vel skipulagt hús með 3-4 svefnherbergjum og rúmgóðum bílskúr.

**Verð 63,9 millj.**

**Ásmundur Skeggjason fasteignasli verður á staðnum með allar nánari upplýsingar, asmundur@hofdi.is S: 895 3000.-**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á
vernd gegn ofbeldi?


# Mánudagur til mæðu

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**

Hey! (hátt blístur) Pitsan þín er tilbúin!“ Ungi maðurinn með svuntuna veifaði mér og ýtti til mín kvöldmat fjölskyldunnar þetta mánudagskvöldið. Ég varð hálf hvumsa við hátt blístrið þar sem ég var eini gesturinn fyrir framan borðið hjá honum en stökk auðvitað til og þreif til mín pappakassann. Hér átti greinilega ekkert að hanga lengur en þörf var á. Unga manninum stökk ekki bros og mér sýndist hann hálf súr. Klukkan var orðin margt. Hann langaði greinilega að vera einhvers staðar annars staðar en í gluggalausu pitsueldhúsinu. Það var mánudagur í honum.



**AFGREIÐSLU-** og þjónustustörf eru hreint ekki allra og til að standa sig vel í þess konar starfi þarf jafnaðargeð. Þjónustulund er það víst kallað. Ég hef sjálf unnið við afgreiðslustörf og veit að þau eru ekkert grín. Ég fór meira að segja á námskeið í þjónustu þegar ég réð mig til starfa sem þjón í sal á hóteli fyrir mörgum árum. Þar var mér sagt að brosa og vera liðleg við gestina, sama hvað á gengi, líka á mánudögum. Að best tækist til þegar gestinum fyndist starfsfólkið hafa gengið lengra en venjulegt væri við að þjónusta hann og bara hann. Ég náði þessu ekki.

**ÉG NÁÐI** því hins vegar að fólk gerir ósanngjarnar kröfur til afgreiðslufólks alla daga vikunnar. Ég hef bæði afgreitt pylsur gegnum lúgu og þjónað til borðs með hvítt viskustykki á handleggnum. Ég renndi líka eitt sinn vörum yfir skannann í matvöruverslun, í nokkra daga, áður en ég gafst upp. Það var með því erfiðara sem ég hef unnið við. Fólk er merkilega ófeimið við að sýna afgreiðslufólki sínar verstu hliðar. Ég get talið á fingrum annarrar handar þau tilvik gegnum tíðina þar sem sá sem afgreiðir mig hefur verið dónalegur, en missi töluna yfir þau skipti þar sem ég sem afgreiðslukona lenti í dónalegum viðskiptavinum.

**NÚ ER** langt síðan ég hef afgreitt nokkurn um neitt. Sem betur fer kannski, var ekki á réttri hillu þar. Ekki frekar en blessaður vinur minn í pitsueldhúsinu, sem blístraði á mig eins og hund eftir pitsunni! Ég erfði það ekki við hann. Fékk mig ekki til þess og hló bara með sjálfri mér á leiðinni út með kvöldmatinn undir hendinni. Hvað ég man þessa mánudaga.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# BIOTHERM BOMBA

## Í LYFJU LÁGMÚLA OG LAUGAVEGI

MIÐVIKUDAG 19. TIL FÖSTUDAGS 21. SEPT.

**20%**
**kynningarafsláttur af öllum BIOTHERM vörum á kynningu.**

Kaupaukinn þinn þegar þú kaupir Biotherm vörur fyrir 7.500 kr. eða meira.

- Skin Ergetic dagkrem 15 ml
- Skin Ergetic næturkrem 15 ml
- Skin Ergetic dropar 5 ml
- Nýtt: Skin Ergetic maski 7 ml
- Biosource 3 in 1 hreinsir
- Eau Pure body lotion 75 ml

Verðmæti kaupaukans **kr. 12.100.-**

*Gildir ekki með öðrum tilboðum eða deodorant.




LYFJA
- Lifið heil

Lágmúla 5 – sími 533 2309 - Laugavegi 16 – sími 552 4045

# menning

menning@frettabladid.is



**SÖNGPERLUR Í SALNUM** Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona flytur perlur íslenskra sönglaga í Salnum, Kópavogi, klukkan 17.30 í dag. Henni til halds og trausts verður píanóleikarinn Jónas Ingimundarson. Tónleikarnir eru hluti af síðdegissöngtónleikaröðinni Íslenskt? Já takk! Aðgangseyrir á staka tónleika er 1.500 krónur.

## Danir lofa svarbréf

Sigurganga skáldsögunnar Svar við bréfi Helgu eftir Bergsvein Birgisson heldur áfram en dönsk þýðing bókarinnar hefur hlotið lofsamlega umfjöllun gagnrýnenda þar í landi að undanförnu.

Bókin er nýkomin út í Danmörku hjá forlaginu C&K í þýðingu Kim Lembek. Bergsveinn var í Danmörku í síðustu viku til þess að fylgja bókinni úr hlaði og var meðal annars í stóru viðtali í síðasta helgarblaði Politiken. Gagnrýnandi sama blaðs gefur bókinni fimm stjörnur af fimm mögulegum en Jyllands Posten gefur henni sex stjörnur af sex.

**Götumarkaðurinn á Garðatorgi í Garðabæ**

**Byrjum vetrarstarfið á flóamörkuðum/kompudögum laugardagana 22. og 29. sept nk.**

Skráning fer fram í blómabúðinni Sóleyjarkoti á Garðatorgi 3, alla virka daga frá kl 12-17 í síma 8621820 og 8663171 eða á gardatorg.gotumarkadur@gmail.com. Handverksmarkaðirnir fara af stað í október, nánar auglýst síðar.

Götumarkaðurinn Garðatorgi



**Í GRJÓTAÞORPINU** Leikararnir tveir fara á kostum að mati gagnrýnanda; Hilmir Snær smýgur undir skinnið á persónunum sem hann leikur og Stefán Karl er eftirminnilegur með öllum sínum geiflum.

# Hroki, dans og draumar

Leikhús ★★★★☆

**Með fulla vasa af grjóti**

Þjóðleikhúsið, Stóra sviðið

**Höfundur:** Marie Jones. Guðni Kolbeinsson þýddi. **Leikarar:** Stefán Karl Stefánsson og Hilmir Snær Guðnason. **Leikstjóri:** Ian McElhinney.

Ungir og efnilegir karlmenn sem bregða sér í ótal hlutverk ríða á vaðið hjá Þjóðleikhúsinu nú á leikárinu nýja. Í Kúlunni baular hún Búkolla, fuglar fljúga og hárið úr halanum verður að fjalli, skessu, eldi og fljóti hjá þeim Hilmi Jenssyni og Baldri Ragnarssyni undir styrkri stjórn Stefáns Halls Stefánssonar í stórgóðri sýningu ætlaðri leikskólabörnum.

Á stóra sviðinu brenna innri eldar og aðrar kýr eru heldur betur með í heimsmyndinni og leiknum í þorpi á Írlandi þar sem Hollywood-leikhópur hefur komið sér fyrir í leikritinu „Með fulla vasa af grjóti“. Þar bregða þeir Stefán Karl Stefánsson og Hilmir Snær Guðnason sér í ein fimmtán hlutverk. Leikritið var upphaflega skrifað fyrir írska leikhópinn Double Joint og frumsýnt árið 1996. Síðan hefur það farið sigurför um heiminn og var sýnt hér með sömu leikurum fyrir tíu árum. Leikstjórinn Ian McElhinney (eiginmaður höfundar) leikstýrði einnig verkinu hér í aldarbyrjun.

Þeir Stefán Karl og Hilmir Snær gæða persónurnar slíku lífi að áhorfendur njóta hverrar setningar, glennu og grettu til fullnustu. Stefán Karl fór með runu af hlutverkum sem voru allt frá framburðarkennara að ungum, mjög vandræðalegum pilti, sem átti sér draum um að komast í kvikmyndirnar en hrokafull framkoma aðkomumanna varð til þess að hann bugaðist og fyllti vasa sína af grjóti á leiðinni út í koldimmt vatnið.

Verkið fjallar í raun um þann árekstur sem verður þá er yfirborðslegir kvikmyndaleikarar koma sér fyrir í fallegu landslagi sem tilheyrir venjulegu fólki, svo venjulegu fólki að það þarf að beita brögðum og brellum til þess að skynja og skilja hvernig það talar og hugsar. Áreksturinn milli hrokans og einlægninnar, áreksturinn milli þeirra er peningana hafa og hinna sem þurfa á aurum að halda, áreksturinn milli rótleysis og róta er kjarni verksins. Spriklandi fimi leikaranna hvort heldur var í hlutverki kvenna eða karla var einstök.

Írarnir tveir, Jake Quinn sem Stefán Karl leikur og Charlie Conlon sem Hilmir Snær blæs lífi í, segja söguna og eiga það sammerkt að vilja komast burt úr fátæktinni en eru að öðru leyti mjög ólíkar persónur. Quinn er óheflaður og fastur fyrir en Conlon er málamiðlunarmaður. Skiptingar milli atriða og persóna voru undraverðar. Hilmir Snær kann svo sannarlega listina að smjúga inn undir skinnið og skankana á skringipersónum. Það sannaðist best í hlutverki lífvarðarins, þar sem honum tókst hreinlega að skrumskæla skrokk sinn svo að sumir héldu að hann hefði troðið inn á sig kodda, en það var kroppurinn sjálfur sem kreisti upp afturendann þannig að það var engu líkara en að hann væri kominn með rassinn upp á milli herðablaðanna. Hlutverk Stefáns Karls með sínum heimsfrægu geiflum eru öll eftirminnileg, einkum gamli maðurinn Mickey, sem einhvern veginn getur ekkert verið nema írskur og óviðjafnanlegur var hinn spjátrungslegi aðstoðarleikstjóri. Írski dansinn ætlaði svo allt að trylla.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Mjög vel unnin sýning með leikmynd sem lyftir frásögninni, bæði til Írlands og inn í kvikmynd.



**SEPTEMBERTILBOÐ**

VNR. 4000123 & 4000124
**COMPACT SALERNISPAPPÍR**
KJARNALAUS SALERNISPAPPÍR Í „COMPACT" SKAMMTARA, HVÍTUR, TVEGGJA LAGA, 800 BLÖÐ Á RÚLLU
**24 stk. í pakka**

**TILBOÐSVERÐ 5.383 KR.**
Verð áður 7.177 kr.

Góð þjónusta fyrir fyrirtæki og stofnanir
Stórhöfða 42, Reykjavík | 587 7788
Austursíðu 2, Akureyri | papco.is
papco



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Sinfónían í Hörpu & Hofi



BAKHJARLAR:

GAMMA

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**AUSTURRÍSKIR TÓNJÖFRAR**

Fim. 20.09.12 » 19:30

Sellókonsert Haydns í C-dúr hefur öðlast sess sem einn helsti sellókonsert klassíska tímabilsins, hér í flutningi Bryndísar Höllu sem er Íslendingum að góðu kunn. Hin tilkomumikla 9. sinfónía Bruckners var jafnframt hans síðasta og nokkurs konar hinsta kveðja.

**Joseph Haydn** *Sellókonsert nr. 1 í C-dúr*
**Anton Bruckner** *Sinfónía nr. 9*

**Ilan Volkov** hljómsveitarstjóri
**Bryndís Halla Gylfadóttir** einleikari

**EFTIRLEIKUR**

Fim. 20.09.12 » 22:00

Coptic Light var frumflutt af Fílharmóníuhljómsveitinni í New York 1985 en heyrist nú í fyrsta sinn á tónleikum á Íslandi. Verkið er eins og glitrandi vefur dempaðra hljóða þar sem engin tvö hljóðfæri leika á nákvæmlega sama máta.

**Morton Feldman** *Coptic Light*
**Ilan Volkov** hljómsveitarstjóri

Eftirleikur er gestum sinfóníutónleika sama kvölds að kostnaðarlausu. Stakir miðar: 1.000 kr.

**TÓNLEIKAR Í HOFI**

Fös. 21.09.12 » 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur norður í land og flytur tvö meistaraverk eftir Haydn og Tsjajkovskíj í tónlistarhúsinu Hofi á Akureyri, undir stjórn Ilans Volkov, aðalhljómsveitarstjóra SÍ.

**Joseph Haydn** *Sellókonsert nr. 1 í C-dúr*
**Pjotr Tsjajkovskíj** *Sinfónía nr. 5*

**Ilan Volkov** hljómsveitarstjóri
**Bryndís Halla Gylfadóttir** einleikari

**Harpa** » Miðasala » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Sími: 528 5050 **Hof** » Miðasala » www.sinfonia.is » www.menningarhus.is » Sími: 450 1000

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 2D | 8, 10 | 16 |
| THE BOURNE LEGACY | 7, 10 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 | 10.20 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | 6 | L |
| INTOUCHABLES | 5.50, 8 | 12 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| CAMPAIGN Luxus VIP | KL. 6 - 8 | 2D | VIP |
| FROST | KL. 6 - 8 - 10:45 | 2D | 16 |
| BOURNE LEGACY | KL. 5:20 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| BOURNE LEGACY Luxus VIP | KL. 10 | 2D | VIP |
| HIT AND RUN | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 5:50 - 8 | 2D | 7 |
| BRAVE ísl. Tali | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ensku. Tali | KL. 8 | 2D | L |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | KL. 8 | 2D | 12 |
| BOURNE LEGACY | KL. 10 | 2D | 12 |
| FROST ísl. Tali | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | 6 - 8 - 10 - 10:50 | 2D | 16 |
| BOURNE LEGACY | KL. 8 - 10 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 8 | 2D | 12 |
| FROST | KL. 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE | KL. 5:50 | 2D | L |
| ÍSÖLD 4 | KL. 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | KL. 8 - 10 | 2D | 12 |
| FROST | KL. 8:40 - 10:20 | 2D | 16 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 5:30 | 2D | 12 |
| BRAVE | KL. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| FROST | KL. 10:10 | 2D | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 2D | KL. 5.50 -8 -10.20 | 16 |
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 3D | KL. 10.20 ÓTEXTUÐ | 16 |
| THE BOURNE LEGACY | KL. 8 - 10.45 | 16 |
| THE BOURNE LEGACY LÚXUS | KL. 10.20 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 4 - 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 LÚXUS | KL. 5.40 - 8 | 16 |
| THE WATCH | KL. 5.40 | 12 |
| PARANORMAN 2D | KL. 3.30 | 7 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 3D | KL. 8 - 10.10 ÓTEXTUÐ | 16 |
| THE BOURNE LEGACY | KL. 9 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 10.30 | 16 |
| TO ROME WITH LOVE | KL. 5.30 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 2D | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE BOURNE LEGACY | KL. 10 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 | 12 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



**INNLIFUN** Ásgeir Trausti lagði sig fram á útgáfutónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ÁNÆGÐIR TÓNLEIKAGESTIR

**Tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti er vinsæll þessa dagana en hann sendi nýverið frá sér sína fyrstu plötu, Dýrð í dauðaþögn, sem hefur vakið lukku meðal gagnrýnenda. Það kom því ekki á óvart að uppselt var á útgáfutónleika kappans á Faktorý á mánudagskvöldið. Tónleikagestir voru með bros á vör er þeir hlýddu á ljúfa tóna Ásgeirs Trausta.**



**GÓÐIR GESTIR** Ágústa Guðmundsdóttir, Ólafur Kristjánsson og Ingunn Guðmundsdóttir brostu til ljósmyndara.



**BROSMILD** Daníel Freyr og Aníta Hlynsdóttir létu sig ekki vanta.



**GAMAN** Sölvi Logason, Vignir Hreinsson og Berglind Björk Sveinbjörnsdóttir mættu tímanlega á tónleikana.

Tónlist ★★★★☆

**Bob Dylan**
Tempest

**Columbia**

## Sígild Dylan-plata í safnið




Tempest er hljóðversplata númer 35 hjá Bob Dylan og hans fyrsta með frumsömdu efni síðan Together Through Life kom út árið 2009. Eins og síðustu plötur er hún tekin upp með tónleikahljómsveitinni hans og Dylan sjálfur stjórnar upptökunum. Og eins og á síðustu plötum þá er tónlistin sígild blanda af rokki, blús og þjóðlagatónlist, með ýmsum afbrigðum. Það er að sjálfsögðu ekkert byltingarkennt við þessa tónlist. Dylan er löngu hættur að leita á nýjar slóðir og aðdáendurnir löngu hættir að búast við því að hann geri það. Það eru tíu lög á Tempest. Þau eru hvert með sínu sniði, en heildarmyndin er sterk. Lagasmíðarnar eru prýðisgóðar, hljómurinn flottur og útsetningarnar óaðfinnanlegar.

Dylan er auðvitað einn af merkustu textahöfundum poppsögunnar (sumir segðu sá merkasti) og textarnir á Tempest valda ekki vonbrigðum frekar en tónlistin. Umfjöllunarefnið er af ýmsum toga; Tin Angel fjallar um sjálfsmorðs- og morðmál, titillagið, hið fjórtán mínútna langa Tempest, fjallar um það þegar Titanic sökk og lokalagið, Roll On John, fjallar um John Lennon. Söngurinn er bæði skýr og fullur af tjáningu og tilfinningu, þannig að maður nýtur þess að hlusta á hverja setningu. Textar Dylans eru fullir af tilvísunum. Það er bæði hægt að njóta þeirra eins og þeir koma fyrir eða leggjast yfir þá og rannsaka þá til að virkja allar þær tengingar sem í þeim leynast.

Á heildina litið er Tempest fín Dylan-plata. Í sama gæðaflokki og Love And Theft og Modern Times.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Tempest hefur allt það sem aðdáendur Dylans vilja heyra.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




MIÐVIKUDAGUR: A SEPERATION 17:30, 20:00, 22:30 ■ KVIK-NOR: EN KONGELIG AFFÆRE 17:20, 20:00, 22:40 ■ KVIK-NOR: THE PUNK SYNDROME 20:00 ■ KVIK-NOR: COMPANY ORHEIM 18:00 ■ KVIK-NOR: PLAY 22:20 ■ ELLES (ÞÆR) 20:00 ■ TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR) 22:10 ■ HRAFNHILDUR 18:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!
SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.



**KOMIN Í FRÍ** Eva Longoria er hætt í sjónvarpinu í bili eftir átta ár í Desperate Housewives.

# Ekki aftur í sjónvarpið

Eva Longoria ætlar ekki að snúa aftur í sjónvarpið á næstunni. Þáttaröðinni Desperate Housewives lauk fyrr á þessu ári eftir átta ára sigurgöngu.

Longoria, sem lék Gabrielle Solis í þáttunum, hefur ekki ákveðið hvað tekur við. „Það sem ég sakna líklega mest við þættina er rútínan og vinnan við þá. En held að ég hafi meira að gera núna eftir að þeim er lokið,“ sagði hún. „Ég hefði gaman af því að prófa að leika aftur í sjónvarpi en ekki strax vegna þess að ég er nýkomin úr átta ára sambandi.“

# Þjóðlagapopp á Haítí

**Hljómsveitin Robert the Roommate spilar á Café Haítí í kvöld klukkan 21. Frítt er inn á tónleikana.**

**Robert the Roommate er skipuð þeim Daníel Helgasyni, Jóni Óskari Jónssyni, Rósu Guðrúnu Sveinsdóttur og Þórdísi Gerði Jónsdóttur og leikur sveitin svokallað þjóðlagapopp.**

**Á tónleikunum munu meðlimir sveitarinnar flytja frumsamið efni af væntanlegri hljómplötu sveitarinnar í bland við gamla smelli sem færðir verða í nýjan búning.**



**GARY BARLOW** Popparinn hefur sýnt mikinn styrk.

# Barlow sýndi mikinn styrk

Söngvarinn Robbie Williams hefur hrósað félaga sínum Gary Barlow úr Take That fyrir að hafa sýnt mikinn styrk að undanförnu. Dawn, eiginkona Barlows, fæddi andvana barn í síðasta mánuði. Barlow dró sig í hlé til að syrgja en sneri aftur í sviðsljósið á GQ-verðlaunahátíðinni 4. september. „Gaz er traustasti maður sem ég þekki, miklu traustari en ég. Hann getur flokkað hluti niður í hólf. En þetta er örugglega það erfiðasta sem hann hefur gengið í gegnum,“ sagði Williams.

# *Sýna stuttmyndina Holu í vegg í næstu viku*

Mynd Hauks Margeirs Hrafnssonar, Mission to Mars, hlaut 1. verðlaun á Stuttmyndadögum fyrir skemmstu og hafði áður fengið verðlaun og viðurkenningar á þremur kvikmyndahátíðum.

„Þetta er ekki stórverðlaunamynd en hún er áhorfendavæn,“ segir Haukur brosandi. Hann stundar nám við alþjóðlegan kvikmyndaskóla í Póllandi, ásamt konu sinni Ástu Maríu Guðjónsdóttur, en þau hafa dvalið á landinu í sumar og unnið í leikmyndadeild myndarinnar Nóa, sem Russel Crow leikur aðalhlutverkið í. „Við teljum okkur heppin því leikstjórinn og myndatökumaðurinn eru miklar hetjur í okkar augum,“ segir Haukur. „Svo var Ásta að taka upp mynd á Suðurlandi sem er liður í hennar námi í kvikmyndatökum.“

Næsta mál hjá Hauki er að frumsýna stuttmyndina Holu í vegg sem hann náði að taka í vor, eftir að hafa efnt til samskota sem gengu vel og hann er afar þakklátur fyrir. Myndin er BA-verkefni hans við skólann og hefur verið á klippiborðinu í sumar. „Hola í vegg verður frumsýnd 28. september í skólanum og þá fer hún fyrir átján manna dómnefnd. Ég tek mér tíma í að bæta úr því sem hinir alvitru kennarar benda á og svo prófa ég að senda hana á einhverjar hátíðir,“ segir höfundurinn.

Haukur og Ásta segja skólann með þeim bestu í Evrópu. Þau eiga þar þrjú ár að baki og ætla að verða tvö ár enn því Ásta er í mastersnámi. „Í Póllandi er margra áratuga hefð í kvikmyndagerð og mikil virðing borin fyrir henni sem listgrein,“ segir Haukur. „Svo er margt líkt með Pólverjum og Íslendingum. Sama þrautseigjan.“ - gun



**SAMHENT** Haukur Margeir og Ásta María unnu við myndina um Nóa í sumar, auk þess að taka upp mynd Ástu Maríu og fylgjast með klippingum á mynd Hauks. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Í óveðrinu sem gekk yfir landið í upphafi síðustu viku varð flutningskerfi Landsnets á Norð-Austurlandi fyrir víðtækustu skemmdum sem orðið hafa á meginflutningskerfi raforku í landinu um áratuga skeið.

Með miklu og samstilltu átaki fjölmargra tókst að koma flutningskerfinu aftur í samt lag á skemmri tíma en menn höfðu þorað að vona.

Við biðjumst velvirðingar á þeim truflunum, sem afleiðingar óveðursins höfðu fyrir atvinnulíf og íbúa svæðisins.

*Landsnet þakkar björgunarsveitum, bændum, verktökum, starfsmönnum annarra veitna og starfsmönnum fyrirtækisins fyrir frábæra frammistöðu við erfið skilyrði.*

LANDSNET
www.landsnet.is

ATHYGLI



**KATRÍN JÓNSDÓTTIR** leiðir íslenska landsliðið út á völlinn í 60. sinn þegar stelpurnar okkar mæta þeim norsku á Ullevaal Stadion í dag en þetta er lokaleikur liðanna í undankeppni EM og hreinn úrslitaleikur um sæti í úrslitakeppni EM í Svíþjóð. Katrín tók fyrst við fyrirliðabandinu þegar Sigurður Ragnar Eyjólfsson stýrði landsliðinu í fyrsta sinn í ársbyrjun 2007. Íslensku stelpurnar hafa unnið 32 af 59 leikjum með Katrínu sem fyrirliða.


Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Sætún 1

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vestur. Í breytingunni felst að hluti byggingarinnar sem liggur samsíða Borgartúni verði framlengdur til vesturs, byggt verði ofan á núverandi norðurhús og bílakjallari verði lengdur til vesturs.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillaga liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **19. september til 31. okóber 2012**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 31. okóber 2012. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík, 19. september 2012
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071


# Fær Fríða EM-sæti í gjöf?

**Stelpurnar okkar geta tryggt sér farseðilinn inn á úrslitakeppni EM 2013 í Svíþjóð með hagstæðum úrslitum á Ullevaal-leikvanginum í Ósló í kvöld. Jafntefli gegn Noregi nægir íslenska liðinu til að vinna riðilinn og sleppa við umspilið.**



**UNDIRBÚIN** Hólmfríður Magnúsdóttir teygir á Ullevaal-leikvanginum í Ósló í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

**FÓTBOLTI** Það er mikið undir hjá íslenska kvennalandsliðinu í dag þegar liðið leikur lokaleik sinn í undankeppni EM 2013. Níu leikir eru að baki og ljóst að eitt stig til viðbótar nægir til að koma stelpunum inn á annað Evrópumótið í röð. Verkefnið í kvöld er vissulega krefjandi. Norska liðið er á heimavelli, þremur sætum ofar á FIFA-listanum og er búið að vinna átján síðustu heimaleiki sína í undankeppni HM eða EM. Íslensku stelpurnar sýndu það hins vegar með 3-1 sigri í fyrri leiknum að þær eru til alls líklegar þegar liðið er í rétta gírnum.

Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði tvö mörk í sigrinum á Norðmönnum fyrir rúmu ári og hefur skorað mörg mikilvæg mörk fyrir íslenska liðið í þessari undankeppni.

**Vön norska grasinu**

„Það var gaman að skora á móti þeim á heimavelli. Ég er búin að spila hérna í Noregi í sumar og er því orðin vön norsku grasi,“ sagði Hólmfríður í léttum tón en hún hefur raðað inn mörkum með Avaldsnes í norsku b-deildinni.

„Það er búið að tala mikið við mig um þennan leik. Þetta verður sérstakt fyrir mig því ég á marga vini hérna og liðsfélagarnir mínir halda allir með Noregi. Það peppar mig enn þá meira upp fyrir það að koma til baka til Haugesund á afmælisdaginn minn, nýbúin að vinna Noreg,“ segir Hólmfríður sem verður 28 ára gömul á morgun.

„Þetta er allt undir okkur komið og ég held að það sé mjög mikil spenna í hópnum og við allar klárar í leikinn,“ segir Hólmfríður. Liðið var í sömu stöðu fyrir fjórum árum þegar stelpunum nægði jafntefli í lokaleiknum í Frakklandi. Sá leikur tapaðist en stelpur fóru í umspilið og komust á EM.

„Ég ætla ekki að hugsa um einhvern leik fyrir fjórum árum því það er bara leikurinn á morgun sem skiptir máli. Við þurfum bara að vera með það í huga að vinna þennan leik og markmiðið okkar var alltaf frá byrjun að vinna riðilinn. Það stendur enn og góður möguleiki að ná því á morgun. Við nennum ekkert í neitt umspil og ætlum bara að klára þetta hér í Noregi.“

**Þær eru skíthræddar við okkur**

Þóra B. Helgadóttir markvörður hafði ekki mikið að gera í sigrinum á Norður-Írum á laugardaginn en það verður örugglega annað uppi á teningnum í dag.

„Við erum búnar að bíða rosalega lengi eftir þessum leik,“ segir Þóra, sem þekkir vel til norska liðsins. „Þetta er sært lið því þetta er gamalt stórveldi í kvennaboltanum og þær hafa ekki náð sér á strik. Þær eru enn þá fyrir ofan okkur á styrkleikalistanum og eiga að vera betri. Ég held samt að þær séu skíthræddar við okkur,“ segir Þóra.

**Stend við mín orð**

Leikur Noregs og Íslands hefst klukkan 17.30 að íslenskum tíma og verður í beinni útsendingu á RÚV.

„Ef þjóðin getur ekki stillt á RÚV á morgun þá veit ég ekki hvenær hún getur gert það,“ segir Margrét Lára Viðarsdóttir. „Við ætlum okkur áfram og beint á EM. Ég sagði það fyrir fjórum árum að það væri frábært að komast á EM en það væri stórkostlegt að vinna riðilinn og komast beint á EM. Ég stend fast við þau orð. Ég vona það innilega að fólk geri sér grein fyrir því hvað við erum að fara út í mikilvægan leik á morgun.“


NOREGUR – ÍSLAND
Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is







## ÚRSLIT

### Meistaradeild Evrópu

**A-RIÐILL**

**Dinamo Zagreb - Porto 0-2**
**Paris Saint-Germain - Dynamo Kiev 4-1**
1-0 Zlatan Ibrahimovic, víti (19.), 2-0 Thiago Silva (29.), 3-0 Alex (32.), 3-1 Miguel Veloso (87.), 4-1 Javier Pastore (91.).

**B-RIÐILL**

**Olympiakos - Schalke 1-2**
0-1 Benedikt Höwedes (41.), 1-1 Djamel Abdoun (58.), 1-2 Klaas-Jan Huntelaar (59.).
**Montpellier - Arsenal 1-2**
1-0 Younes Belhanda, víti (8.), 1-1 Lukas Podolski (15.), 1-2 Gervinho (17.).

**C-RIÐILL**

**Malaga - Zenit St. Pétursborg 3-0**
**AC Milan - Anderlecht 0-0**

**D-RIÐILL**

**Dortmund - Ajax 1-0**
1-0 Robert Lewandowski (87.).
**Real Madrid - Manchester City 3-2**
0-1 Edin Dzeko (68.), 1-1 Marcelo (75.), 1-2 Aleksandar Kolarov (85.), 2-2 Karim Benzema (87.), 3-2 Cristiano Ronaldo (90.).



**HETJAN** Cristiano Ronaldo fagnar marki sínu gegn City í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Meistaradeild Evrópu í gær:

# Dramatískt hjá Real gegn City

**FÓTBOLTI** Cristiano Ronaldo reyndist hetja Real Madrid sem vann ótrúlegan sigur á Manchester City í gærkvöldi, 3-2, eftir að hafa lent tvívegis undir. Öll mörkin komu á síðustu 22 mínútum leiksins.

Riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu hófst í gær og óhætt að segja að byrjunin lofi góðu fyrir tímabilið sem er fram undan. Madrídingar ætla sér stóra hluti í deildinni enda áratugur liðinn frá því að liðið vann síðast Meistaradeildina.

Sigurinn í gær var einnig sárabót fyrir stuðningsmenn liðsins sem hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum með liðið í fyrstu leikjum þess í spænsku úrvalsdeildinni, þar sem liðið er þegar átta stigum á eftir erkifjendunum í Barcelona.

Jose Mourinho, sem gagnrýndi leikmenn sína harkalega eftir tap liðsins fyrir Sevilla um helgina, var ánægður með sína menn í gær. „Leikmenn sönnuðu fyrir mér að þeir geta hagað sér eins og fagmenn og borið virðingu fyrir sögu Real Madrid. Ég er mjög ánægður með viðhorf leikmannanna. Við áttum skilið að vinna," sagði Mourinho. - esá

### Leikir kvöldsins

**E-riðill:**
18.45 Chelsea - Juventus Sport 3 (ólæst)
18.45 Shakhtar - Nordsjælland

**F-riðill:**
18.45 FC Bayern - Valencia
18.45 Lille - BATE

**G-riðill:**
18.45 Celtic - Benfica
18.45 Barcelona - Sp.Moskva Sport 4

**H-riðill:**
18.45 Man. Utd. - Galatasaray Sport HD
18.45 Braga - CFR Cluj





FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR
vísir - oft á dag

VINNA 08:30
ZUMBA 17:30
VERTU TIL.
Reebok FITNESS
REEBOKFITNESS.IS

> **Stöð 2 Sport kl. 18.30**

**Meistaradeild Evrópu**

***Fjörið heldur áfram í Meistaradeild Evrópu í kvöld. Leikur Manchester United og Galatasaray á Old Trafford verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og í HD. Evrópumeistarar Chelsea hefja titilvörnina á heimavelli gegn Juventus og sá leikur verður sýndur í beinni á Sport 3 og leikur Barcelona og Spartak Moskva er sýndur á Sport 4. Þorsteinn J. og gestir eru á sínum stað á undan og eftir leikjunum með ítarlega umfjöllun.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON HORFIR Á KNATTSPYRNU

# *Hjartnæm samkennd bullnanna*

Enginn vettvangur opinberar barnalegar tilhneigingar fullorðinna karlmanna jafn skýrt og blint fylgilag þeirra við knattspyrnulið. Menn leyfa sér orðatak og hegðun sem þykir ekki samfélagslega viðurkennt í neinu öðru umhverfi. Bulluhegðunin er náttúrulega fjarri því að vera séríslensk. Hún er mun svæsnari í mekka bulluskaparins, Englandi. Þar hika menn ekki við að brjóta höfuðið á kollega sínum ef lið þeirra tapar eða þeir lýsa yfir öndverðri skoðun á gæðum uppalins hægri bakvarðar.



Þess vegna var svo fallegt að horfa á Stöð 2 sport á mánudagskvöldið og sjá snoðaða nútímavillimenn sem styðja stórveldið Everton girða sig í joggingbuxurnar og sýna samstöðu með erkifjendunum í Liverpool og minnast 96 stuðningsmanna þeirra sem létust á Hillsborough-vellinum árið 1989. Bæði liðin eru enda frá sömu borg og andað hefur verulega köldu þeirra á milli.

Tvö börn, annað í Everton-búningi, hitt í Liverpool-búningi, leiddust inn á völlinn og mynduðu töluna 96 þegar þau stóðu hlið við hlið. Í kjölfarið var nöfnum og myndum af þeim sem létust varpað á risaskjá og hádramatískt Hollies-lag spilað á meðan áhorfendur klöppuðu til minningar um hina látnu. Það lá við að Við-tækisskrifari beygði af. Og trú á hið fallega í manninum jókst samhliða.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Húslestrar á Listahátíð **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Dauðinn í Feneyjum **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Leonard Cohen: Hermaður, spámaður, elskhugi og skáld **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Stefnumót **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.30** Kvöldsagan: Folda **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**17.10 Táknmálsfréttir**

**17.20 Landsleikur í fótbolta** (Noregur - Ísland, konur) Bein útsending frá leik kvennalandsliða Noregs og Íslands í forkeppni EM.

**19.15 Fréttir**

**19.45 Veðurfréttir**

**19.50 Kastljós**

**20.20 Víkingalottó**

**20.25 Læknamiðstöðin** (10:22) (Private Practice V) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.

**21.10 Scott og Bailey** (5:8) Bresk þáttaröð um lögreglukonurnar Rachel Bailey og Janet Scott í Manchester sem rannsaka snúin morðmál. 22.00 Tíufréttir

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 Tónleikakvöld** (BBC Proms 2011: Last Night of the Proms) Sinfóníuhljómsveit BBC leikur verk eftir Peter Maxwell Davies, Bartók, Wagner, Lizst, Chopin, Britten, Elgar og fleiri á tónleikum í ágúst 2011.

**01.15 Winter lögregluforingi –** Næstum dauður (5:8) (e)

**02.15 Kastljós**

**02.40 Fréttir**

**02.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.05 Malcolm In The Middle** (16/22)

**08.30 Ellen**

**09.35 Doctors**

**10.15 60 mínútur**

**11.00 Community**

**11.25 Better Of Ted** (9/13)

**11.50 Grey's Anatomy** (16/24)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 New Girl** (1/24)

**13.25 Borgarilmur** (7/8)

**14.05 Gossip Girl** (5/24)

**16.50 Bold and the Beautiful**

**17.10 Nágrannar**

**17.35 Ellen** (3/170)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Malcolm In the Middle** (1/22)

**19.45 Modern Family** (24/24)

**20.05 2 Broke Girls** (20/24)

**20.30 Up All Night** (8/24)

**20.55 Drop Dead Diva** (3/13)

**21.40 True Blood** (9/12) Fjórða þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bills en saman þurfa þau að berjast gegn mótlæti bæði manna og vampíra.

**22.35 The Listener** (8/13) Dulmagnaðir spennuþættir um ungan mann sem nýtir skyggnigáfu sína til góðs í starfi sínu sem sjúkraflutningamaður.

**23.15 Steindinn okkar** (4/8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu.

**23.40 The Closer** (19/21)

**00.25 Fringe** (13/22)

**01.10 Breaking Bad** (2/13)

**01.55 Undercovers** (7/13)

**02.40 Tideland** Hrollvekja í leikstjórn Terry Gilliam.

**04.35 2 Broke Girls** (20/24)

**04.55 Drop Dead Diva** (3/13)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT besta sætið

**15.25 Meistaradeild Evrópu**

**17.15 Þorsteinn J. og gestir**

**18.00 Þorsteinn J. og gestir – upphitun** Þorsteinn J. og gestir hita upp fyrir leikina í Meistaradeild Evrópu.

**18.30 Meistaradeild Evrópu. Man. Utd. - Galatasaray** Bein útsending.

**20.45 Þorsteinn J. og gestir – meistaramörkin** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í Meistaradeild Evrópu.

**21.30 Meistaradeild Evrópu. Chelsea - Juventus** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**23.20 Meistaradeild Evrópu. Barcelona - Spartak Moskva** Útsending frá leik Barcelona og Spartak Moskva í Meistaradeild Evrópu.

**01.10 Þorsteinn J. og gestir**

## SPORT 2 enski boltinn

**16.00 Football League Show**

**16.30 Aston Villa - Swansea**

**18.20 Arsenal - Southampton**

**20.10 Premier League Review Show**

**21.05 Sunnudagsmessan**

**22.20 Norwich - West Ham**

**00.10 Sunderland - Liverpool**

**Í BEINNI Á HLIÐARRÁSUM**

**Sport 3 - 18.30** Chelsea - Juventus
**Sport 4 - 18.30** Barcel. - Spartak Mosk.

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.00 Dóra könnuður**

**08.25 Áfram Diego, áfram!**

**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**

**09.00 UKI**

**09.05 Stubbarnir**

**09.30 Lukku Láki**

**09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar**

**10.15 Stuðboltastelpurnar**

**10.40 Histeria!**

**11.00 Disney Channel** Útsending frá barnarásinni Disney Channel.

**17.00 Ofurmennið**

**17.25 M.I. High**

**17.55 iCarly** (25:25)

## POPP TÍVÍ

**17.05 The Simpsons**

**17.25 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

**17.50 The Middle** (4.24) Gamanþáttaröð um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni. Ekki nóg með það heldur er húsmóðirin líka bílasali og það frekar lélegur.

**18.15 Glee** (3.22)

**19.00 Friends** (20.24)

**19.25 Simpson-fjölskyldan**

**19.50 American Dad** (5.19) Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans.

**20.15 The Cleveland Show** (5.21) Skemmtilegir teiknimyndaþættir frá handritshöfundum American Dad og Family Guy en þættirnir fjalla einmitt um líf Cleveland-fjölskyldunnar sem kemur fyrir í þeim þáttum.

**20.40 Breakout Kings** (5.13) Dramatísk þáttaröð. Bandarísk lögregluyfirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum og eru á flótta undan réttvísinni.

**21.25 The Middle** (4.24)

**21.50 American Dad** (5.19)

**22.15 The Cleveland Show** (5.21)

**22.40 Breakout Kings** (5.13)

**23.25 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## GULL

**18.20 Doctors** (29:175)

**19.05 Ellen** (3:170)

**19.50 Spurningabomban** (10:10)

**20.40 Að hætti Sigga Hall**

**21.10 Curb Your Enthusiasm** (5:10)

**21.40 The Sopranos** (5:13)

**22.35 Ellen** (3:170)

**23.20 Spurningabomban** (10:10)

**00.10 Að hætti Sigga Hall** (4:12)

**00.40 Doctors** (29:175)

**01.10 Curb Your Enthusiasm** (5:10)

**01.35 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**16.00 90210** (3.22) (e)

**16.45 Minute To Win It** (e)

**17.30 Rachael Ray**

**18.15 Ringer** (3.22) (e)

**19.05 America's Funniest Home Videos** (e)

**19.30 Everybody Loves Raymond** (5.25)

**19.55 Will & Grace** (18.24)

**20.20 Last Chance to Live** (4.6) Bandarískir þættir þar sem fylgst er með fjórum ólíkum einstaklingum sem allir eru orðnir lífshættulega þungir.

**21.10 My Big Fat Gypsy Wedding** (2.5) Litríkir þættir um stormasaman brúðkaupsundirbúning sígauna í Bretlandi.

**22.00 Law & Order. Criminal Intent - LOKAÞÁTTUR** (16.16) Bandarískir spennuþættir.

**22.45 Jimmy Kimmel**

**23.30 The Borgias** (5.10) (e)

**00.20 Leverage** (4.16) (e)

**01.05 CSI** (4.22) (e)

**01.50 Rookie Blue** (10.13) (e)

**02.40 Everybody Loves Raymond** (e)

**03.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.25** BMW Championship 2012 (3.4) **11.25** Golfing World **12.15** BMW Championship 2012 (3.4) **18.15** Golfing World **19.05** The Sport of Golf (1.1) **19.50** Monty's Ryder Cup Memories **20.40** Champions Tour - Highlights (18.25) **21.35** Inside the PGA Tour (37.45) **22.00** Golfing World **22.50** Ryder Cup Official Film 2006 **00.05** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## ÍNN

**20.00** Sigmundur Davíð **20.30** Tölvur, tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Veiðivaktin

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





Mánaðargjöld eru greidd skv. verðskrá. Nánar á siminn.is.

siminn.is

Síminn

PUMA

ÚTILÍF



**Puma Attacanto Finale IT**
Barnastærðir: 28-39
**7.990 kr.**
Fullorðinsstærðir: 40-44
**9.990 kr.**

**Aðeins 7.990 kr.**

# Innanhússkór

## frá PUMA fyrir börn og fullorðna



**Puma Attacanto Finale IT**
Barnastærðir: 28-39
**7.990 kr.**
Fullorðinsstærðir: 40-44
**9.990 kr.**



**Puma evoSPEED Star**
Léttur innanhússkór
Fullorðinsstærðir: 40-45
**15.990 kr.**
Aðeins til í Kringlu og Smáralind



**Puma evoSPEED Star Jr**
Léttur innanhússkór
Barnastærðir: 35-39
**9.990 kr.**



**Puma Vellum III Jr**
Innanhússkór
Barnastærðir: 32-39
**7.990 kr.**



**Puma Vellum III Jr**
Innanhússkór m. frönskum rennilás
Barnastærðir: 28-36
**7.990 kr.**



**Puma Vellum III**
Innanhússkór
Fullorðinsstærðir: 40-46
**14.990 kr.**

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

## BÓKIN



*„Ásdís Ben vinkona mín kenndi mér að lesa eitt ljóð og eina mataruppskrift fyrir svefninn, sem ég geri oft, en núna er ég sokkinn í bókina Að endingu eftir Julian Barnes.“*

Kristján Freyr Halldórsson verslunarstjóri í bókabúð Máls og menningar.

# Skopmyndateiknari skrifar Skaupið

Halldór Baldursson, skopteiknari Fréttablaðsins, er einn af sex handritshöfundum Áramótaskaupsins í ár. Hann segist hlakka til þess að fá loks tækifæri til að vinna með öðrum í hópi í stað þess að sitja einn að vinnu sinni.

Halldór semur handritið ásamt Sævari Sigurgeirssyni, Önnu Svövu Knútsdóttur, Hjálmari Hjálmarssyni, Gunnari Helgasyni og Gunnari Birni Guðmundssyni leikstjóra Skaupsins.

„Það verður spennandi að fá að vinna með svona skapandi og skemmtilegu fólki, að sjá hvort ég finni nýja hlið á minni kímni og hvort hópvinnan kveiki í fleirum þarna inni. Svo er þetta líka mikill heiður,“ segir Halldór.

Hann segir Gunnar Björn hafa borið hugmyndina undir sig fyrir nokkrum vikum og hefur hópurinn þegar hist einu sinni. Aðspurður segist hann viss um að vinna hans sem skopteiknari muni nýtast við handritaskrifin. „Pólitískt spé er allsráðandi á báðum vettvöngum. Það kemur líka fyrir að brandararnir mínir ganga ekki upp sem teikningar og þá get ég kannski notað þá í Skaupið,“ segir Halldór en þverneitar að eiga brandara á lager. „Ég er algjörlega hugmyndasnauður og eins og undin tuska dag hvern. Það kemur þó alltaf eitthvað þegar maður sest niður og fer að skapa og búa til, en það er ekki þannig að ég haldi áfram og safni í lager. Ég er bara feginn að vera búinn.“

Þegar hann er að lokum spurður hvort hann muni ekki sitja límdur við sjónvarpsskjáinn á gamlárskvöld segir hann: „Ég missi aldrei af Skaupinu og það ætti enginn að missa af því, þetta er skylduáhorf.“ **- sm**



**VINNUR Í HÓP** Halldór Baldursson skopmyndateiknari er einn af handritshöfundum Áramótaskaupsins í ár. Hann hlakkar til að prófa að vinna í hópi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








**HLAKKAR TIL** Atli Freyr Steinþórsson er nýtt andlit á skjánum en hann tekur sæti í dómaratvíeyki Gettu betur. Hann er þó vel kunnur Ríkissjónvarpinu þar sem hann hefur starfað sem útvarpsþulur á Rás 1 í sjö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

NÝR DÓMARI Í GETTU BETUR: ÚTVARPSÞULUR Í SJÓNVARPIÐ

# Andleg fegurðarsamkeppni

„Ég á von á hörkukeppni enda tel ég að ungmenni séu betur að sér í ár en nokkru sinni fyrr,“ segir Atli Freyr Steinþórsson, sem senn tekur sæti við hlið Þórhildar Ólafsdóttur sem spurningahöfundur og dómari í Gettu betur, hinni sívinsælu spurningakeppni framhaldsskólanna.

Þetta er í fyrsta sinn sem Atli starfar í sjónvarpi en hann er þó vel kunnur keppninni og Ríkissjónvarpinu. Atli hefur starfað sem útvarpsþulur á Rás 1 síðan 2005, en þar les hann meðal annars dánarfregnir og jarðarfarir, auglýsingar, kynningar milli þátta og stjórnar útsendingum. „Ég held að flestir landsmenn ættu að kannast við röddina í mér og ég uni mér vel bak við hljóðnemann í Efstaleitinu. Auglýsingar frá ónefndum hamborgarastað ættu til dæmis að vera útvarpshlustendum að góðu kunnar,“ segir Atli hlæjandi.

Hann þurfti ekki að hugsa sig tvisvar um er honum bauðst að taka að sér hið ábyrgðarfulla starf dómara og er þess fullviss að reynsla hans úr Gettu betur hafi skipt máli. Sjálfur er Atli tvöfaldur meistari í spurningakeppninni en hann keppti fyrir hönd Menntaskólans í Reykjavík árin 2002 og 2003. Atli var einnig í liðinu er MR tapaði eftirminnilega fyrir Borgarholtsskóla árið 2004. „Einhverra hluta vegna muna flestir eftir þeirri dramatísku viðureign, enda var það í fyrsta sinn í mörg herrans ár sem MR tapaði í Gettu betur,“ segir Atli en kveðst þó bara eiga góðar minningar úr keppninni. „Ég eignaðist marga góða vini og þetta var mjög góður tími. Í raun mætti kalla þetta andlega fegurðarsamkeppni.“

Þrátt fyrir að vera fyrrverandi MR-ingur ætlar Atli ekki að hygla neinum og segist verða nokkuð harður í horn að taka sem dómari. „Mig langar að hækka nördastuðulinn í keppninni. Við Þórhildur ætlum að hittast í október á Akureyri og eiga eina góða vinnuhelgi þar. Þetta verður bara fjör.“

**alfrun@frettabladid.is**

### ANDRÉS INDRIÐASON DREGUR SIG Í HLÉ

- Framleiðandinn Andrés Indriðason, sem hefur séð um keppnina frá upphafi, lætur af störfum í ár og við keflinu tekur Elín Sveinsdóttir. Elín vann síðast að gerð sjónvarpsþáttanna Með okkar augum.
- Keppnin hefur verið haldin árlega síðan árið 1986.
- Í fyrstu keppninni sigraði Fjölbrautaskóli Suðurlands. Þá voru þeir Jón Gústafsson og Þorgeir Ástvaldsson spyrlar.
- Meðal annarra spyrla í keppninni má nefna Stefán Jón Hafstein, Ómar Ragnarsson, Davíð Þór Jónsson, Sigmar Guðmundsson og Evu Maríu Jónsdóttur.
- Menntaskólinn í Reykjavík hefur oftast farið með sigur af hólmi, eða sautján sinnum.









# Slær taktinn með Damo Suzuki

„Þetta verður örugglega geðveikt,“ segir trommarinn Magnús Trygvason Eliassen.

Magnús, sem lemur húðir með Moses Hightower, og bassaleikarinn Gunnar Jónsson úr hljómsveitunum 1860 og Coral spila með Damo Suzuki, söngvara hinnar sögufrægu þýsku hljómsveitar Can, í Gamla bíói 3. október. Þar leika þeir undir hinu þögla meistaraverki Metropolis og er sýningin hluti af Riff-kvikmyndahátíðinni.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu auglýsti Suzuki eftir svokölluðum „hljóðberum“ til að spila með sér á Íslandi og svaraði Magnús kallinu á óhefðbundinn hátt. „Ég sendi mjög fyndinn tölvupóst á þau [stjórnendur Riff]. Þar stóð: „Hæ, ég heiti Magnús. Mig langar að spila með Damo Suzuki. Er það eðlilegt?“,“ segir Magnús, sáttur við að hafa fengið „giggið“ enda mikill aðdáandi Can.

Aðspurður hvenær æfingar hefjast reiknar Magnús ekki með neinu svoleiðis. „Mér skilst að hann sé ekki mikið gefinn fyrir að æfa. Ég verð einhvern veginn að hlaða frídjassbyssurnar mínar áður en þetta byrjar allt saman.“ **- fb**



**HLAKKAR TIL** Magnús hlakkar mikið til að spila með Damo Suzuki og félögum í Gamla bíói. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Lenovo E530

- Intel Pentium B960 2,2GHz örgjörvi
- 15,6" HD LED glampafrír skjár með myndavél
- 4GB minni og 500GB diskur
- Intel HD graphics 3000 skjákort

Verð: 109.900 kr.

**Tilboð: 99.900 kr.**




# ÞRIGGJA ÁRA ÁBYRGÐ!

## Bæði til fyrirtækja og einstaklinga

Þriggja ára ábyrgð á vélbúnaði og eins árs ábyrgð á rafhlöðu

### Lenovo E330

- Intel Core i3 2370M 2,4GHz örgjörvi
- 13,3" HD LED glampafrír skjár með myndavél
- 4GB minni og 500GB diskur
- Intel HD graphics 3000 skjákort

**Verð: 124.900 kr.**

### Lenovo E530

- Intel Core i5 3210M 2,5GHz örgjörvi
- 15,6" HD LED glampafrír skjár með myndavél
- 4GB minni og 750GB diskur
- nVIDIA GeForce GT630M 2GB skjákort

**Verð: 159.900 kr.**

### Lenovo E330

- Intel Core i5 3210M 2,5GHz örgjörvi
- 13,3" HD LED glampafrír skjár með myndavél
- 4GB minni og 500GB diskur
- nVidia GeForce GT630M 2GB skjákort

**Verð: 149.900 kr.**

**Viltu dreifa greiðslum?**

6 mánaða vaxtalaus lán fyrir handhafa VISA. 3,25% lántökugjald og 320 kr. færslugjald á hvern gjalddaga.

Brandenburg

lenovo

Nýherji Sími 569 7700 Borgartúni 37 - Reykjavík Kaupangi - Akureyri netverslun.is

NÝHERJI

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Halda tryggð við Víðsjá

Önnur plata víkingarokksveitarinnar Skálmaldar er væntanleg í verslanir í lok október. Þegar sú fyrri kom út hér á landi var Skálmöld svo að segja óþekkt stærð. Þá þegar höfðu meðlimir flakkað milli útgáfufyrirtækja án árangurs og á endanum var platan gefin út af færeyska fyrirtækinu Tutl. Viðtökur útvarpsstöðva voru einnig dræmar og útvarpsspilun engin fram-an af. Það var síðan hinn rótgróni útvarpsþáttur Víðsjá á Rás 1 sem reið á vaðið og varð fyrstur allra til að spila Skálmöld í útvarpi. Eftir það opnuðust allar flóðgáttir. Þess vegna ætla **Gunnar Ben** og félagar í Skálmöld að votta Víðsjá virðingu sína og verður lagið Narfi forspilað í þættinum á fimmtudaginn, einum degi áður en það fer í almenna útvarpsspilun.



### Fyrsta tónlistar-myndbandið ytra

Aðdáendur íslensku stúlknasveitarinnar The Charlies hafa lengi beðið spenntir eftir tónlistarmyndböndunum sem þær **Alma Goodman, Klara Elias og Camilla Stones** hafa lofað. Nú hafa stúlkurnar loks gefið út dagsetningu fyrir fyrsta myndbandið sem þær framleiða í Los Angeles, þar sem stefnan er tekin á heimsfrægð. Sérstöku upphitunarmyndbandi var hlaðið upp á Facebook-síðuna í gær og 23. september auglýstur sem útgáfudagur. Ekki er um sama myndband að ræða og The Charlies tóku upp síðastliðinn vetur. Það lag var selt áfram til annars listamanns og myndbandið ónothæft. Þær tóku því upp annað sem fer í loftið á sunnudag.

**- fb, bþh**



### Mest lesið vísir

1. Níu ára stúlka lenti í ryskingum við fullorðinn …
2. Sigtryggur Helgason látinn
3. Romney stórskaðar framboð sitt með niðrandi ummælum
4. Hafði lengi rætt um dópframleiðslu
5. Um 200 hjúkrunarfræðingar söfnuðust saman …


HEITASTA ÁSTARSAGAN






# HOLLUSTA MEÐ SÓMA

MERKTAR HOLLUSTU-VÖRUR

## VÖRUR SÓMA SEM HLOTIÐ HAFA HOLLUSTUMERKIÐ SKRÁARGATIÐ

Skráargatið þjónar þeim tilgangi að auðvelda fólki að velja vörur sem teljast hollastar í þeim vöruflokkum sem þær tilheyra. Vörur sem bera Skráargatið verða að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi hollustu og næringargildi. Vörurnar þurfa meðan annars að innihalda ákveðið magn af grænmeti og takmarkað magn af viðbættum sykri og salti.



HEILSUBITI Í HEILKORNA BRAUÐI MEÐ EGGJUM, GRÆNMETI OG SINNEPSSÓSU

NÆRINGARGILDI

| Magn í skammti, 220 g | |
|---|---|
| Orka (KJ) | 1337,7 |
| Orka (kkal) | 316,0 |
| Prótein (g) | 17,7 |
| Kolvetni (g) | 37,4 |
| Viðbættur sykur (g) | 3,0 |
| Trefjar (g) | 9,0 |
| Fita (g) | 10,5 |
| Mettuð fita (g) | 2,5 |
| Natríum (g) | 0,6 |



TIKKA MASALA KJÚKLINGUR, HEILKORNABRAUÐ OG GRÆNMETI

NÆRINGARGILDI

| Magn í skammti, 190 g | |
|---|---|
| Orka (KJ) | 1146,9 |
| Orka (kkal) | 271,0 |
| Prótein (g) | 18,6 |
| Kolvetni (g) | 30,3 |
| Viðbættur sykur (g) | 2,6 |
| Trefjar (g) | 7,8 |
| Fita (g) | 8,2 |
| Mettuð fita (g) | 1,4 |
| Natríum (g) | 0,7 |



KJÚKLINGAHYRNA Í HEILKORNA BRAUÐI, MEÐ RAUÐU PESTÓ OG GRÆNMETI

NÆRINGARGILDI

| Magn í skammti, 210 g | |
|---|---|
| Orka (KJ) | 1372,1 |
| Orka (kkal) | 323,5 |
| Prótein (g) | 25,0 |
| Kolvetni (g) | 36,2 |
| Viðbættur sykur (g) | 2,4 |
| Trefjar (g) | 9,0 |
| Fita (g) | 8,6 |
| Mettuð fita (g) | 1,8 |
| Natríum (g) | 0,6 |



BRÚN HRÍSGRJÓN MEÐ KJÚKLINGI, EGGJUM OG GRÆNMETI

NÆRINGARGILDI

| Magn í skammti, 390 g | |
|---|---|
| Orka (KJ) | 1683,0 |
| Orka (kkal) | 399,0 |
| Prótein (g) | 26,0 |
| Kolvetni (g) | 45,1 |
| Viðbættur sykur (g) | 0,2 |
| Trefjar (g) | 8,0 |
| Fita (g) | 11,1 |
| Mettuð fita (g) | 2,5 |
| Natríum (g) | 1,0 |

HOLLUSTA Í HVERJUM BITA FRÁ SÓMA

Samlokurnar eru allar úr trefjaríku heilkornabrauði, innihalda ríkulegt magn af grænmeti og léttari sósur. Tilbúnu réttirnir eru léttir og vel samsettir. Þeir innihalda báðir næringar- og trefjarík hýðshrísgrjón, góðan próteingjafa og grænmeti.

Prófaðu hollann bita frá Sóma!



RISTAÐUR LAX MEÐ HÝÐISHRÍSGRJÓNUM, SALATI OG ORIENTAL SÓSU

NÆRINGARGILDI

| Magn í skammti, 340 g | |
|---|---|
| Orka (KJ) | 1686,5 |
| Orka (kkal) | 399,8 |
| Prótein (g) | 31,9 |
| Kolvetni (g) | 38,7 |
| Viðbættur sykur (g) | 9,6 |
| Trefjar (g) | 4,6 |
| Fita (g) | 12,4 |
| Mettuð fita (g) | 2,4 |
| Natríum (g) | 0,9 |

SÓMI

www.somi.is